



BLÁSKÓGABYGGÐ

AÐALSKIPULAG 2015-2027

Greinargerð



18. maí 2017

Breytt 17. maí 2018

BLÁSKÓGABYGGÐ

Aðalskipulag 2015-2027



STEINSHOLT

Gísli Gíslason

Ingibjörg Sveinsdóttir

Ásgeir Jónsson

Mynd á forsíðu er frá Þingvöllum.

BLÁSKÓGABYGGÐ
Aðalskipulag 2015-2027

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 5. apríl 2018





Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann 25. maí 2018






SKIPULAGSFERLI

Lýsing var auglýst frá: 13. maí 2015 með athugasemdafresti til: 25. júní 2015.

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá: 17. mars til 5. apríl 2016.

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá: 15. júní 2017 með athugasemdafresti til: 28. júlí 2017.

Aðalskipulagstillagan var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: 28. maí 2018

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Stefna aðalskipulags	4
1.2	Skipulagsgögn og kortagrunnar	5
2	STEFNUMÖRKUN Í DREIFBÝLI OG Á HÁLENDI	6
2.1	UMHVERFI OG YFIRBRAGÐ BYGGÐAR Í DREIFBÝLI OG MANNVIRKJA Á HÁLENDI	6
2.2	HÁLENDIÐ	7
2.3	BYGGÐ	8
2.3.1	Íbúðarbyggð	8
2.3.2	Frístundabyggð	9
2.4	ATVINNUSVÆÐI	15
2.4.1	Landbúnaðarsvæði	15
2.4.2	Skógræktar- og landgræðslusvæði	16
2.4.3	Verslun og þjónusta	19
2.4.4	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	22
2.4.5	Samfélagsþjónusta	27
2.4.6	Íþróttasvæði	28
2.4.7	Iðnaðarsvæði	29
2.4.8	Stakar framkvæmdir	30
2.4.9	Efnistöku- og efnislosunarsvæði	32
2.5	ÓBYGGÐ SVÆÐI EDA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM	40
2.5.1	Óbyggð svæði	40
2.5.2	Opin svæði	40
2.5.3	Kirkjugarðar og grafreitir	41
2.5.4	Varúðarsvæði	41
2.6	SAMGÖNGUR	41
2.6.1	Vegir	44
2.6.2	Reiðleiðir	46
2.6.3	Gönguleiðir	47
2.6.4	Reiðhjóla- og fjallahjólaleiðir	47
2.6.5	Flugvellir	48
2.7	VEITUR	49
2.7.1	Vatnsveita	49
2.7.2	Hitaveita	49
2.7.3	Rafveita	49
2.7.4	Fjarskipti	50
2.7.5	Fráveita	51
2.8	VERNDARSVÆÐI OG MINJAR	51
2.8.1	Friðlýst svæði	53
2.8.2	Önnur náttúruvernd	53
2.8.3	Hverfisvernd	56
2.8.4	Minjavernd	58
2.8.5	Vatnsvernd	61
2.8.6	Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum	63
2.9	NÁTTÚRUVÁ	63
3	STEFNUMÖRKUN Í ÞÉTTBÝLI	64
3.1	MARKMIÐ FYRIR ÞÉTTBÝLISSTAÐINA	65

3.2	SAMGÖNGUR Í ÞÉTTBÝLI	66
3.3	VERNDARSVÆÐI OG MINJAR Í ÞÉTTBÝLI	66
3.4	REYKHOLT	66
3.4.1	Íbúðarbyggð	67
3.4.2	Landbúnaðarsvæði	67
3.4.3	Verslun og þjónusta	68
3.4.4	Samfélagsþjónusta	68
3.4.5	Athafnasvæði	68
3.4.6	Iðnaðarsvæði	69
3.4.7	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	69
3.4.8	Opin svæði	69
3.4.9	Íþróttasvæði	69
3.5	LAUGARÁS	69
3.5.1	Íbúðarbyggð	70
3.5.2	Landbúnaðarsvæði	70
3.5.3	Verslun- og þjónusta	70
3.5.4	Samfélagsþjónusta	71
3.5.5	Athafnasvæði	71
3.5.6	Iðnaðarsvæði	71
3.5.7	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	71
3.5.8	Óbyggð svæði	71
3.6	LAUGARVATN	72
3.6.1	Miðsvæði	72
3.6.2	Íbúðarbyggð	72
3.6.3	Verslun og þjónusta	73
3.6.4	Samfélagsþjónusta	73
3.6.5	Athafnasvæði	74
3.6.6	Iðnaðarsvæði	74
3.6.7	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	74
3.6.8	Opin svæði	74
3.6.9	Íþróttasvæði	75
3.6.10	Kirkjugarðar og grafreitir	75
3.6.11	Óbyggð svæði	75
4	SKIPULAGSFERLI	75
4.1	Breytingar frá eldra aðalskipulagi	75
4.2	Skipulagslýsing	77
4.3	Samráð og kynning	77
4.4	Afgreiðsla eftir kynningu aðalskipulags	78
4.5	Afgreiðsla eftir auglýsingu aðalskipulags	78
5	HEIMILDIR	80
	VIÐAUKI 1 - SKÝRINGARUPPDRETTIR	82

1 INNGANGUR

Sveitarfélögin Þingvallahreppur, Laugardalshreppur og Biskupstungnahreppur sameinuðust árið 2002 í Bláskógabyggð. Bláskógabyggð vinnur nú sitt fyrsta aðalskipulag sem tekur yfir allt sveitarfélagið. Nýtt aðalskipulag verður unnið á grunni stefnumörkunar gömlu sveitarfélaganna.

Auk þess er gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar eru frá gildandi skipulagi. Um er að ræða aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012, Laugardalshrepps 2000-2012 og Þingvallahrepps 2004-2016.

Umfjöllunin miðast við flokkun landnotkunar eins og hún er í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Auk lýsinga á svæðum er sett fram stefnumörkun í einstökum málaflokkum sem tengjast viðkomandi landnotkun. Stefna sveitarfélagsins í einstökum málaflokkum er hluti af aðalskipulagi og skal lögð til grundvallar við gerð deiliskipulags og framkvæmdaáætla og við ákvarðanatöku í sveitarfélaginu.

Þeir þættir sem kalla á gerð aðalskipulags, að mati sveitarstjórnar, eru m.a. að marka skýrari stefnu um atvinnuuppbyggingu s.s. í tengslum við ferðaþjónustu, landbúnað og orkunýtingu. Þá þarf að endurskoða stefnu varðandi frístundabyggð, fjarskipti og verndarsvæði.

Í kafla 2 er sett fram stefnumörkun fyrir dreifbýlið og hálendið og fyrir þéttbýlisstaðina í kafla 3. Fjallað er um skipulagsferlið í kafla 4.

Vinnuhópur við aðalskipulagsgerðina

Bláskógabyggð skipaði vinnuhóp til að vinna að tillögugerð aðalskipulagsins. Vinnuhópurinn skipuðu: Helgi Kjartansson oddviti, Eyrún M. Stefánsdóttir og Drífa Kristjánsdóttir. Síðar tók Óttar B. Þráinsson við af Eyrúnu. Þá störfuðu Valtýr Valtýson sveitarstjóri og Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi með hópnum.

Tillögugerð, úrvinnsla og framsetning aðalskipulagsins var unnin af starfsfólki Steinsholts ehf, þeim Gísla Gíslasyni og Ingibjörgu Sveinsdóttur. Einnig komu aðrir starfsmenn að vinnunni eftir þörfum, þau Ásgeir Jónsson, Guðrún Lára Sveinsdóttir og Eyrún M. Stefánsdóttir.

1.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS


Markmið með gerð aðalskipulags er að stuðla að „skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“ sbr. 1 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lið b.

Í aðalskipulagi er lögð fram stefna sveitarstjórnar varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, umhverfismál og samgöngu- og þjónustukerfi sveitarfélagsins til næstu 12 ára. Gildandi aðalskipulag skal yfirfarið í upphafi hvers kjörtímabils og nýrri sveitarstjórn ber skv. 35. gr. skipulagslaga, að meta hvort endurskoða skuli skipulagið.

Það sem einkum hefur verið haft að leiðarljósi við skipulagsvinnuna er að styrkja svæðið sem ákjósanlegt svæði til búsetu og atvinnuuppbyggingar, sem viðkomustað ferðamanna og almennt til orlofsdvalar jafnframt því að stuðla að skynsamlegri landnotkun á svæðinu í framtíðinni.

Leiðarljós við gerð aðalskipulagsins er eftirfarandi:

Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.



Mynd 1. Bláskógabyggð.

Lögð er áhersla á eftirfarandi meginmarkmið:

- **Að efla byggð og atvinnulíf.**
- **Stuðla að betri samgöngum og fjarskiptum.**
- **Stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum.**
- **Að standa vörð um þá sérstöðu og aðdráttarafl sem víðfeðmt svæðið býr yfir og marka stefnu um þjónustu við ferðamenn.**
- **Leita hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar innan héraðs, m.a. vegna skólaaksturs, atvinnusóknar og ferðaþjónustunnar.**
- **Stuðla að „grænum“ samgöngum og fjölbreyttari möguleikum til útivistar, m.a. með göngu-, reið- og hjólaleiðum.**
- **Stuðlað verði að gróðurvernd, landgræðslu og að fjölbreyttri landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands.**
- **Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.**
- **Stuðla að varðveislu sérkenna, náttúru- og söguminja og annarra umhverfislegra gæða.**
- **Marka stefnu um nýtingu orkuauðlinda, vatns- og vindorku.**

Áfram er gert ráð fyrir að stundaður verði öflugur landbúnaður í sveitarfélaginu ásamt ýmis konar matvælaframleiðslu. Ferðaþjónusta mun njóta góðs af öflugri matvælaframleiðslu og áhugi er á vörum „beint frá býli“. Verndun vatnsverndarsvæða stuðlar einnig að öruggari matvælaframleiðslu.

Stefnt er að því að ferðaþjónusta styrkist og eflist og mikilvægt er að fjölga gistinóttum. Ein leið til þess að svo megi verða er að stuðla að verndun minja og nýtingu þeirra, m.a. með bættum upplýsingum og merkingum. Einnig þarf að fjölga afþreyingarmöguleikum. Einn liður í því er heimild til að bæta við áningarstöðum, m.a. inn á hálendi til að auðvelda gönguleiðatengingar og hafa áningarhólf fyrir hestahópa.

Nýting jarðhita er töluverð í Bláskógabyggð og þar er gnægð af heitu vatni. Lögð er áhersla á áframhaldandi nýtingu jarðhitans, bæði til að styrkja atvinnulíf, til matvælaframleiðslu og til að bæta lífsgæði íbúa.

Gott netsamband er forsenda öflugrar ferðaþjónustu, ýmis konar fjarvinnslu og fjarnáms og verður leit að leiða til að bæta það.

1.2 SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNAR

Uppdrættir eru unnir á stafræna kortagrunna (IS50v) frá Landmælingum Íslands og loftmyndir frá Loftmyndum ehf notaðar. Kortagrunnar eru í ISN93. Sveitarfélagamörk eru sýnd eins og þau eru á kortagrunnum Landmælinga Íslands (IS50v). Óvissa er um hvort mörk milli Bláskógabyggðar og Kjósarhrepps séu rétt. Sömuleiðis er hugsanlegt að mörk milli Bláskógabyggðar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps séu ekki rétt á Vörðufelli. Engu að síður eru sveitarfélagamörkin sýnd eins á aðalskipulagsuppdráttum þessara sveitarfélaga. Svæði milli Hrafnabjarga, Skeilfjalla og Skjaldbreiðar tilheyrir Grímsnesafrétti og er á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Ósamræmi er í opinberum gögnum hvað varðar sveitarfélagamörk milli Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps. Svæðið sunnan Hrafnabjarga er innan Bláskógabyggðar þó opinber sveitarfélagamörk segi annað. Grímsnes- og Grafningshreppur hefur samþykkt að sveitarfélagamörk við Bláskógabyggð verði sýnd skv. IS50v gögnum Landmælinga Íslands. Þegar aðalskipulög beggja sveitarfélaga hafa verið staðfest verða sveitarfélagamörkin skoðuð nánar og leiðrétt ef tilefni er til. Aðalskipulög sveitarfélaganna verða aðlöguð að þeirri breytingu ef þarf.

Landamerki eru skv. nytjalandsgrunni RALA. Landamerki eru óstaðfest og í einhverjum tilfellum óviss og því einungis sýnd til skýringar.

Skipulagið er sett fram í greinargerð og á skipulagsuppdráttum. Forsendur og umhverfisskýrsla eru í sér hefti. Auk aðaluppdráttar er aðalskipulagið sett fram á nokkrum skýringaruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti skipulagsins.

Skipulagsuppdrættir:

- Aðalskipulagsuppdráttur fyrir byggðina í mkv. 1:50.000.
- Aðalskipulagsuppdráttur fyrir hálendið í mkv. 1:100.000.
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Laugarás í mkv. 1:10.000.
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Reykholt í mkv. 1:10.000.
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Laugarvatn í mkv. 1:10.000.

Skýringaruppdrættir:

1. Samgöngur og námur. Samgöngur, námur, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir í mkv. 1:150.000.
2. Verndarsvæði. Friðlýst svæði, önnur náttúruvernd, hverfisvernd og vatnsvernd í mkv. 1:150.000.
3. Frístunda-, afþreyingar- og hættusvæði. Frístundasvæði ásamt afþreyingar- og ferðamannasvæðum, íþróttasvæðum og hættusvæðum í mkv. 1:150.000.
4. Landbúnaður. Landbúnaðarsvæði, skógræktar- og landgræðslusvæði ásamt ræktuðu landi í mkv. 1:150.000.
5. Ferðapjónusta. Ársdagsumferð, gististaðir og mögulegir viðkomustaðir ferðamanna í mkv. 1:150.000.
6. Minjar í Laugarási í mkv. 1:30.000.
7. Minjar í Reykholti í mkv. 1:30.000.
8. Minjar á Laugarvatni í mkv. 1:35.000.
9. Flokkun vega á hálendi í mkv. 1:270.000.
10. Verslun og þjónusta í mkv. 1:150.000.

Þar sem landnýting á hálendi sveitarfélagsins er fremur einsleit er sá skipulagsuppdráttur í mælikvarðanum 1:100.000. Svæði sem auðkennd eru með hringtákni á skipulagsuppdrætti geta verið allt að 5 ha að stærð.

2 STEFNUMÖRKUN Í DREIFBÝLI OG Á HÁLENDI

Megin landnotkun í byggð er landbúnaður þó frístundasvæði nái einnig yfir talsvert stóran hluta. Þá fer landnýting vegna ferðamennsku og afþreyingar vaxandi. Á hálendinu er megin landnotkunin óbyggt svæði.

Í þessum kafla er sett fram stefnumörkun fyrir umhverfi og yfirbragð byggðar (kafla 2.1), hálendið (kafla 2.2), byggð (kafla 2.3), atvinnusvæði (kafla 2.4), óbyggð svæði eða svæði með takmörkunum (kafla 2.5), samgöngur (kafla 2.6), veitur (kafla 0), verndarsvæði (kafla 2.8) og svæði undir náttúruvá (kafla 2.9).

2.1 UMHVERFI OG YFIRBRAGÐ BYGGÐAR Í DREIFBÝLI OG MANNVIRKJA Á HÁLENDI

Samkvæmt landskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að marka stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Þar segir ennfremur að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Gæta skuli að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð skerði ekki að óþörfu gott landbúnaðarland eða svæði sem eru mikilvæg vegna náttúrufars¹. Það er einnig vilji sveitarfélagsins að umgengni sé hvarvetna til fyrirmyndar.

Markmið:

- Öll mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálægar byggingar.
- Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum.
- Umgengni verði til fyrirmyndar.
- Útilýsing skal vera þannig að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða né valdi hún nágrönnum ónæði.

¹ (Alþingi Íslands, 2016).

- **Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.**

Leiðir:

- *Byggingum verði vel viðhaldið og ónýtar byggingar rifnar og fjarlægðar. Þó skal gætt að varðveislugildi bygginga með tilliti til menningar- og sögulegs gildis þeirra.*
- *Íbúar verði hvattir til snyrtilegrar umgengni.*
- *Reglulega verði staðið fyrir hreinsunarátaki í sveitarfélaginu.*
- *Forðast skal óþarfa lýsingu, ljósinu skal beint niður, eða það skermað af og haft í huga að ljós valdi nágrönnum sem minnstum óþægindum.*

Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir verndun náttúrufars og eins fyrir birtu og lýsingu. Í gr. 15.1.1 segir: „við hönnun og gerð mannvirkja ber ávallt að taka tillit til umhverfis og náttúrufars. Leitast skal við, eftir því sem aðstæður leyfa, að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og hafa sem minnst truflandi áhrif á náttúrufar og gerð landslags í næsta nágrenni“.

Í gr. 10.4.1. segir: „Mannvirki skulu þannig hönnuð og byggð að öll birtuskilyrði og ljósmagn sé í fullu samræmi við þá starfsemi sem fer fram við eða innan mannvirkisins, án þess að óeðlilegur truflandi hiti eða óeðlileg glýjumyndun verði vegna lýsingar. Við mat á eðlilegum birtuskilyrðum ber að taka tillit til þarfa allra aldurshópa“.

Í grein 10.4.2. segir ennfremur að „við hönnun á útilýsingu skal þess gætt að ekki verði um óþarfa ljósmengun að ræða frá flóðlýsingu mannvirkja. Tryggja skal að útilýsingu sé beint að viðeigandi svæði og nota skal vel skermaða lampa sem varpa ljósinu niður og valda síður glýju og næturbjarma“.

Sveitarfélagið hefur undanfarin ár staðið fyrir hreinsunarátaki sem felst m.a. í því að íbúar geta fengið gáma fyrir brotajárn heim á bæina. Gert er ráð fyrir að þessi þjónusta verði í boði áfram.

2.2 HÁLENDIÐ

Megin landnotkun á hálendinu er óbyggt svæði. Hálendið er upprekstrarland bænda auk þess sem veiði er eitthvað stunduð þar. Þá fer ferðamönnum á hálendinu stöðugt fjölgandi. Hálendið er talsvert notað til útivistar, s.s. til gönguferða, hestaferða, jeppaferða og fyrir gönguskíði. Þá er unnið að uppgræðslu á nokkrum stöðum.

Fyrir liggur, skv. skipulagslögum nr. 123/2010, að sveitarstjórnir skuli annast gerð svæðis- aðal- og deili-skipulagsáætlana skv. 3 gr. laganna og í 4 gr. að hlutverk Skipulagsstofnunar sé m.a. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina við gerð skipulagsáætlana. Samkvæmt 10 gr. kemur fram að ráðherra leggi fram landsskipulagsstefnu innan tveggja ára frá kosningum þar sem samþætta skuli áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana ella skal færa rökstudda grein fyrir af hverju það sé ekki gert. Í landsskipulagsstefnu kemur m.a. fram að stuðlað skuli að verndun hálendissvæða með sérstöðu þess að leiðarljósi og áhersla á að mannvirki skerði víðerni sem minnst.

Mörk milli byggðar og afrétta fylgja hálendismörkum eins og þau eru sýnd í svæðisskipulagi miðhálendisins. Línan er sýnd á skipulagsuppráttum og í kafla 2.9 í forsenduhefti. Markmiðið með hálendislínu í svæðisskipulagi miðhálendisins var að draga línu milli heimalanda og afrétta. Úrskurðað hefur verið um þjóðlendur í Bláskógabyggð og að mati sveitarstjórnar væri eðlilegt að afmörkun hálendisins fylgdi mörkum þjóðlendulínu í meginráttum. Sú afmörkun fylgir betur náttúrulegum mörkum en núverandi hálendislína. Ákveðið hagræði er að skipulagsmörk fylgi eignarmörkum.

Markmið:

- **Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.**
- **Svæðið er afréttarland og verður áfram nýtt til beitar með áherslu á sjálfbæra nýtingu.**
- **Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.**
- **Stefnt er að að auknu öryggi á hálendissvæðum sveitarfélagsins.**
- **Áhersla er lögð á uppbyggingu stofnvega.**

Leiðir:

- Uppbygging, endurbætur og viðhald vega og bygging mannvirkja taki mið af umhverfinu og falli sem best að landi.
- Unnið verður að sjálfbærri gróðurframvindu og endurheimt náttúrulegra vistkerfa.
- Áfram verður unnið að uppgræðsluverkefnum í samræmi við gæðastýringu í sauðfjárrækt.
- Veiðar verði áfram stundaðar með ábyrgri nýtingu og umgengni um landið.
- Byggingar skulu vera lágreistar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi húsa þar sem það á við.
- Við endurbyggingar/nýbyggingar verður tekin afstaða til þess hvort halda skuli í ásýnd eldri byggðar eða móta nýja ásýnd sem fellur betur að umhverfi.
- Unnið verður að bættu fjarskiptasambandi á hálendinu.
- Bæta þarf öryggi á hálendissvæðum m.a. með mögulegu aðgengi að húsum og mannvirkjum utan hefðbundins rekstrartíma til að leita þar skjóls.

Fjallað er sameiginlega um stefnu í dreifbýli og á hálendi í köflum 2.4 til 2.9.

2.3 BYGGÐ

Undir þessum kafla er fjallað um íbúðarbyggð (kafla 2.3.1) og frístundabyggð (kafla 2.3.2).

Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir verndun náttúrufars. Í gr. 15.1.1 segir: „við hönnun og gerð mannvirkja ber ávallt að taka tillit til umhverfis og náttúrufars. Leitast skal við, eftir því sem aðstæður leyfa, að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og hafa sem minnst truflandi áhrif á náttúrufar og gerð landslags í næsta nágrenni“.

2.3.1 Íbúðarbyggð

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er íbúðarbyggð skilgreind sem „Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins“.

Markmið:

- Ekki er gert ráð fyrir íbúðarsvæðum í dreifbýli heldur stökum íbúðarhúsum í tengslum við núverandi byggðakjarna.
- Ný íbúðarhús verði sem mest í tengslum við eldri byggð til að lágmarka skerðingu ræktunarlands og til að vegir og veitur nýtist sem best.
- Íbúðarhús verði að jafnaði ekki byggð á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna náttúruvár.

Leiðir:

- Staðsetning nýrra íbúðarhúsa skal taka mið af yfirbragði dreifbýlis, byggingarhefðum, landslagi og staðháttum.
- Við skipulag íbúðarlóða skal hugað að náttúruvá sbr. kafla 2.9.
- Hugla skal að náttúrufari og minjum áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir, minjar og gróðursvæði verði fyrir áhrifum af framkvæmdum.

Íbúðarsvæði eru eingöngu einskorðuð við þéttbýlisstaðina Reykholt, Laugarvatn og Laugarás. Ný íbúðarhús í dreifbýli verða einkum í tengslum við þær bæjartorfur sem eru fyrir á svæðinu. Markmiðið er að fjölga ekki tengingum við stofn- og tengivegi, að veitur nýtist sem best og að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt. Gerð er grein fyrir byggingum í dreifbýli í köflum 2.4.1 og 2.4.8.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Nokkur eftirspurn er eftir því að setjast að í dreifbýli sveitarfélagsins, jafnvel án tengsla við þann búrekstur sem fyrir er. Oft er áhugi fyrir búskap í smáum stíl eða bara hafa aukið rými í kring um sig þrátt fyrir að sækja þurfi þjónustu og vinnu lengra að. Vilji er til að mæta þessum óskum. Sveitarstjórn vill ekki setja niður skilgreind íbúðarsvæði í dreifbýli enda er fremur eftirspurn eftir stærri lóðum m.a. til að hafa

möguleika á skógrækt eða einhverju búfjárhaldi í smáum stíl. Lögð er áhersla á að slík byggð sé í góðum tengslum við núverandi samgöngur og veitur til að ekki verði um mikinn kostnað að ræða vegna langra afleggjara eða lagna. Einnig að slíkar byggingar séu ekki reistar á góðu landbúnaðarlandi.

2.3.2 Frístundabyggð

Frístundabyggð er skv. gr. 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, "svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum".

Markmið:

- Horft er til þess að ný hverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi frístundabyggð.
- Sameiginlegar veitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis. Þau verði heldur ekki á góðu ræktunarlandi eða á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna náttúruvár.
- Unnin verður viðbragðsáætlun vegna gróður- og kjarrelda.
- Forðast skal að tré myndi skugga á lóðum nágretta eða byrgi fyrir útsýni þeirra.

Leiðir:

- Frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Skipulag byggðar taki mið af því að halda opnum gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og almennum gönguleiðum milli aðliggjandi svæða.
- Skipulag tryggi aðgengi að almennum og áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufyrirbærum.
- Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu $\frac{1}{2}$ - 1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Í ákveðnum tilfellum geta frístundalóðir þó verið minni og nýtingarhlutfall allt að 0,05.
- Ný frístundasvæði verði ekki stærri en 25 ha innan hvernar jarðar. Nýir áfangar innan hvernar jarðar verða ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrir áfanga hafa verið byggðir.
- Við skipulag byggðar skal hugað að því að merkar jarðmyndanir og gróðursvæði verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmda.
- Félagasamtökum er heimilt að leigja út orlofshús og starfrækja þjónustumiðstöðvar og/eða smáverslanir sem þjóna svæðinu.
- Heimilt er að leigja út frístundahús í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gisti-staði og skemmtanahald.
- Stefnt skal að því að eldri frístundasvæði verði deiliskipulögð.
- Í deiliskipulagi frístundabyggðar skal gera grein fyrir vatnstökustöðum þar sem nálgast má slökkvi-vatn.
- Við deiliskipulag frístundabyggðar skal gera grein fyrir mögulegum flóttaleiðum vegna gróður- og kjarrelda.
- Landeigandi/félög sumarhúsaeygenda skal vinna viðbragðsáætlun fyrir núverandi frístundasvæði í samráði við Brunavarnir Árnessýslu.
- Stærð aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 m² og geymslu allt að 15 m². Þessar byggingar teljast með í heildar byggingarmagni lóðar.
- Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að fella út svæði þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað, við næstu endurskoðun aðalskipulags.

Í Bláskógabyggð eru nokkrar stærstu sumarhúsabyggðir landsins og á undanförunum árum hefur landi í meira mæli verið breytt í svæði fyrir frístundabyggð. Fjöldi skilgreindra svæða fyrir frístundabyggð er 109, það stærsta er rúmir 400 ha. Innan frístundabyggðar er heimilt að vera með þjónustumiðstöðvar og smáverslanir sem þjóna viðkomandi svæði. Almenn er ekki heimilt að stunda atvinnurekstur á frístundasvæðum, þ.m.t. veitinga- og gistiþjónustu. Komi fram ósk um atvinnurekstur, t.d. gistingu, þarf að skoða aðstæður á hverjum stað. Áður en starfsemi er heimiluð þarf að liggja fyrir samþykki eigenda sumarhúsa á svæðinu.



Mynd 2. Frístundasvæði í Helludal.

Frístundabyggð skal rísa sem mest á samfelldum svæðum og leitast skal við að samnýta vegi og veitur, þó þannig að öryggi verði sem tryggast s.s. vegna mögulegra gróður- og kjarrelda. Einn liður í þessu er að frístundabyggð innan hvernjar jarðar verði ekki stærri en 25 ha til að byrja með og að svæðið sé að stórum hluta byggt áður en það er stækkað eða ný svæði tekin undir frístundabyggð. Einnig er þetta gert til að ekki séu tekin frá svæði fyrir frístundabyggð sem aldrei byggjast upp. Sveitarstjórn vill draga úr þeim fjölda frístundasvæða þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað. Því verða, við næstu endurskoðun aðalskipulags, felld út þau svæði þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað nema landeigandi sýni fram á áform um uppbyggingu.

Í eldri frístundabyggð skal vera samræmi í stærð og nýtingarhlutfalli núverandi og nýrra lóða. Í þeim tilfellum geta lóðir verið minni en almennt gerist og nýtingarhlutfall allt að 0,05.

Núverandi og ný frístundabyggð skal taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.1, eftir því sem við á. Fjallað er um stök frístundahús í kafla 2.4.8. Í einhverjum tilfellum getur komið til greina að byggja frístundahús á hættusvæðum (flóðasvæðum), en því aðeins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sbr. kafla 2.9.

Svæði sem auðkennd eru með hringtákn á skipulagsupprætti geta verið allt að 5 ha að stærð. Svæði fyrir frístundabyggð eru talin upp í töflu hér að aftan. Greint er frá því hvort svæðið sé deiliskipulögð og eru þær upplýsingar fengnar af Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar. Einnig er fjöldi byggðra húsa innan hvers svæðis talinn á loftmynd. Því er mögulegt að ný hús hafi verið byggð frá því loftmyndin var tekin.

Frístundabyggð			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
F1	Stíflisdalur	Deiliskipulagt fyrir 15 lóðir, þar af eru 2 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 80 ha.	Stíflisdalur
F2	Stíflisdalur	Ekkert deiliskipulag í gildi. 3 lóðir byggðar. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Stíflisdalur
F3	Svínanes	Ekkert deiliskipulag í gildi. 42 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 53 ha.	Heiðarbær
F4	Heiðarbær	Ekkert deiliskipulag í gildi. 32 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 32 ha.	Heiðarbær
F5	Heiðarbær	Ekkert deiliskipulag í gildi. 1 lóð byggð. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Heiðarbær
F6	Heiðarbær	Ekkert deiliskipulag í gildi. 1 lóð byggð. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Heiðarbær
F7	Heiðarbær	Ekkert deiliskipulag í gildi. 1 lóð byggð. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Heiðarbær
F8	Heiðarbær	Ekkert deiliskipulag í gildi. 1 lóð byggð. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Heiðarbær
F9	Heiðarbær	Deiliskipulagt fyrir 2 lóðir. 1 lóð byggð. Stærð svæðis er allt að 3 ha.	Heiðarbær

F10	Skálabrekka og Heiðarbær	Hluti svæðisins er deiliskipulagður, þar er gert ráð fyrir 21 lóð. 35 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 125 ha.	Skálabrekka, Heiðarbær
F11	Skálabrekka	Ekkert deiliskipulag í gildi. 2 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 10 ha.	Skálabrekka
F12	Innan Þjóðgarðs á Þingvöllum	Ekkert deiliskipulag í gildi. Um 70 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 75 ha.	Kárastaðir, Brúsastaðir
F13	Gjábakki	Ekkert deiliskipulag í gildi. Nokkur hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 10 ha.	Gjábakki
F14	Mjóanes	Deiliskipulagt fyrir 9 lóðir. 2 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 30 ha.	Mjóanes
F15	Mjóanes	Deiliskipulagt fyrir 2 lóðir og eru báðar byggðar. Stærð svæðis er um 7 ha.	Mjóanes
F16	Mjóanes	Deiliskipulagt fyrir 7 lóðir. 3 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 22 ha.	Mjóanes
F17	Miðfell	Ekkert deiliskipulag í gildi. 5 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 1 ha.	Miðfell
F18	Miðfell	Ekkert deiliskipulag í gildi. 250 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 140 ha.	Miðfell
F19	Efra-Apavatn	Ekkert deiliskipulag í gildi. 10 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 42 ha.	Efra-Apavatn
F20	Lækjarhvammur	Deiliskipulag af hluta svæðis fyrir 2 lóðir. 12 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 45 ha.	Lækjarhvammur
F21	Stórholt	Deiliskipulag af hluta svæðisins. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir 93 lóðum. 75 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 320 ha.	Nokkrar jarðir
F22	Eyvindartunga	Ekkert deiliskipulag í gildi. 7 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 83 ha.	Eyvindartunga
F23	Eyvindartunga	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 22 ha.	Eyvindartunga
F24	Eyvindartunga	Ekkert deiliskipulag í gildi. 9 lóðir byggðar. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Eyvindartunga
F25	Snorrastaðir/Hjálmstaðir 2	Deiliskipulag af hluta svæðis fyrir 75 lóðir. 114 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 104 ha.	Snorrastaðir, Hjálmsstaðir 2
F26	Fótarholt	Deiliskipulagt fyrir 5 lóðir, þar af er 1 lóð byggð. Stærð er um 6 ha.	Hjálmsstaðir 2
F27	Ketilvellir/Hjálmstaðir	Ekkert deiliskipulag í gildi. 5 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 10 ha.	Ketilvellir og Hjálmsstaðir
F28	Miðdalur, Ketilvellir	Deiliskipulag fyrir 89 lóðir á hluta svæðisins. Hluti þeirra eru orlofshús stéttarféлага. Um 90 lóðir eru byggðar. Stærð svæðis er um 35 ha.	Miðdalur, Ketilvellir
F29	Miðdalskot	Deiliskipulag fyrir 7 lóðir, þar af eru 6 lóðir byggðar. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Miðdalskot
F30	Hellishóll	Deiliskipulag fyrir 3 lóðir, þar af eru 2 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 2 ha.	Laugardals-hólar
F31	Austurey	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 24 ha.	Austurey
F32	Útey	Deiliskipulag fyrir 80 lóðir. 44 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 65 ha.	Útey
F33	Útey	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 5 ha.	Útey
F34	Útey	Deiliskipulag fyrir 15 lóðir, þar af eru 8 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 9 ha.	Útey

F35	Útey	Ekkert deiliskipulag í gildi. Ein lóð byggð. Stærð svæðis er hálfur hektari.	Útey
F36	Útey	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er rúmur hektari.	Útey
F37	Útey	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Útey
F38	Austurey	Hluti svæðisins er deiliskipulagður fyrir 20 lóðir. 40 lóðir eru byggðar. Heimilt er að útbúa bryggju við Apavatn. Stærð svæðis er um 50 ha.	Austurey
F39	Austurey	Fá hús eru á svæðinu. Stærð svæðis er um 25 ha.	Austurey
F40	Austurey	Deiliskipulag fyrir 22 lóðir, þar af eru 2 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 13 ha.	Austurey
F41	Kolviðarholt	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 85 ha.	Böðmódsstaðir
F42	Böðmódsstaðir	Deiliskipulag af hluta svæðisins fyrir 110 lóðir, þar af eru 50 lóðir byggðar. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 105 ha.	Böðmódsstaðir
F43	Laugardalshólar og Efsti-Dalur	Ekkert deiliskipulag í gildi. 9 lóðir byggðar. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Laugardalshólar og Efsti-Dalur
F44	Laugardalshólar	Ekkert deiliskipulag í gildi. Ein lóð byggð. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Laugardalshólar
F45	Syðri-Reykir	Hluti svæðisins er deiliskipulagður fyrir 3 lóðir. 33 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 20 ha.	Syðri-Reykir
F46	Syðri-Reykir	Ekkert deiliskipulag í gildi. 2 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 1 ha.	Syðri-Reykir
F47	Miklaholt	Ekkert deiliskipulag í gildi. 3 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 283 ha.	Miklaholt
F48	Spóastaðir	Deiliskipulag fyrir 40 lóðir, þar af eru 24 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 83 ha.	Spóastaðir
F49	Spóastaðir	Ekkert deiliskipulag í gildi. 6 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 7 ha.	Spóastaðir
F50	Skálholt	Ekkert deiliskipulag í gildi. 5 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 11 ha.	Skálholt
F51	Laugarás	Deiliskipulag fyrir 16 lóðir, þar af eru 11 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 9 ha.	Laugarás
F52	Iða	Deiliskipulag fyrir 3 lóðir á hluta svæðisins. Ein lóð byggð. Stærð svæðis er um 33 ha.	Iða
F53	Iða	Hluti svæðisins er deiliskipulagður fyrir 4 lóðir. 11 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 18 ha. Flóðahætta er á hluta svæðisins næst Hvítá.	Iða
F54	Iða	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 20 ha.	Iða
F55	Iða	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 46 lóðir. 14 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 35 ha.	Iða
F56	Iða	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 20 ha. Flóðahætta er á um helmingi svæðisins.	Iða
F57	Eiríksbakki	Ekkert deiliskipulag í gildi. 2 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 7 ha.	Eiríksbakki
F58	Höfði	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 87 ha.	Höfði

F59	Höfði	Deiliskipulag af 30 lóðum. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 26 ha.	Höfði
F60	Reykjavellir	Deiliskipulag af hluta svæðisins fyrir 25 lóðir. 32 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 33 ha.	Reykjavellir
F61	Torfastaðir	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 26 ha.	Torfastaðir
F62	Reykjavellir	Deiliskipulag af hluta svæðisins fyrir 34 lóðir. 39 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 40 ha.	Reykjavellir
F63	Torfastaðir	Deiliskipulag fyrir 50 lóðir, þar af eru 11 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 45 ha.	Torfastaðir
F64	Fellskot, Holtahverfi	Deiliskipulag fyrir 52 lóðir á hluta svæðisins. 24 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 40 ha.	Fellskot, Fell
F65	Ásahverfi	Deiliskipulag fyrir 15 lóðir. 9 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 29 ha.	Fell
F66	Litla-Fljót	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 86 ha.	Litla-Fljót
F67	Vatnsleysa	Deiliskipulag fyrir 4 lóðir á hluta svæðisins. 11 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 40 ha.	Vatnsleysa
F68	Kjaransstaðir	Deiliskipulag fyrir 7 lóðir. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 12 ha.	Kjaransstaðir
F69	Syðri-Reykir, Tjörn	Deiliskipulag fyrir 138 frístundalóð og 16 orlofshúsalóðir á hluta svæðisins. 59 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 160 ha.	Syðri-Reykir, Tjörn
F70	Setberg	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð er um 5 ha.	Efsti-Dalur
F71	Efstadalsskógur	Deiliskipulag fyrir 110 lóðir á hluta svæðisins. 50 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 83 ha.	Efsti-Dalur
F72	Hlaupungufoss	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð er um 5 ha.	Efsti-Dalur
F73	Reykjaskógur og Stekkatún	Deiliskipulag fyrir 120 lóðir á hluta svæðisins. 97 lóðir eru byggðar. Hluti þeirra eru orlofshús stéttarféлага. Stærð svæðis er um 175 ha.	Efri-Reykir
F74	Brekuskógur	Deiliskipulag af 127 lóðum á hluta svæðisins. 81 lóð er byggð. Hluti þeirra eru orlofshús stéttarféлага. Stærð svæðis er rúmir 120 ha.	Brekka
F75	Miðhús	Ekkert deiliskipulag í gildi. 4 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 9 ha.	Miðhús
F76	Þrivörðuás	Deiliskipulag fyrir 6 lóðir. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 35 ha.	Miðhús
F77	Miðhúsaskógur	Deiliskipulag fyrir 44 lóðir á hluta svæðisins. 36 lóðir byggðar. Orlofshúsasvæði VR. Stærð svæðis er um 63 ha.	Miðhús
F78	Úthlíð	Upphaflegt deiliskipulag gerði ráð fyrir 175 lóðum en þeim hefur verið skipt upp síðan. 170 lóðir eru byggðar. Stærð svæðis er um 430 ha.	Úthlíð
F79	Dalsmynni	Deiliskipulag fyrir 4 lóðir. 3 lóðir byggðar. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Dalsmynni
F80	Skotalda	Deiliskipulag fyrir 13 lóðir. 7 lóðir eru byggðar. Stærð svæðis er um 28 ha.	Austurhlíð, Dalsmynni
F81	Vatnsleysa	Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 50 ha.	Vatnsleysa
F82	Heiði	Deiliskipulag fyrir 20 lóðir á hluta svæðisins. 21 lóð byggð. Stærð svæðis er um 24 ha.	Heiði
F83	Bergstaðir	Deiliskipulag fyrir 2 lóðir á hluta svæðisins. Ein lóð byggð. Stærð svæðis er um 29 ha.	Bergstaðir
F84	Bergstaðir	Deiliskipulag fyrir 14 lóðir á hluta svæðisins. 13 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 70 ha.	Bergstaðir

F85	Bergstaðir	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 6ha.	Bergstaðir
F86	Drumboddsstaðir	Deiliskipulag af 5 lóðum syðst á svæðinu. 3 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 21 ha.	Drumboddsstaðir I
F87	Hrúsholt	Ekkert deiliskipulag í gildi. 14 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 74 ha.	Hrúsholt
F88	Einihlíð	Deiliskipulag fyrir 48 lóðir. Ein lóð byggð. Stærð svæðis er um 93 ha.	Einiholt 3
F89	Heiði	Ekkert deiliskipulag í gildi. 10 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 13 ha.	Heiði
F90	Heiði	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 41 ha.	Heiði
F91	Hjarðarland	Ekkert deiliskipulag í gildi. 4 lóðir byggðar. Um 38 ha svæði meðfram Tungufljóti.	Hjarðarland
F92	Sóltún	Deiliskipulag fyrir 1 lóð. Lóðin er byggð. Stærð lóðar 2 ha.	Sóltún
F93	Hjarðarland	Ekkert deiliskipulag í gildi. 2 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 7 ha.	Hjarðarland
F94	Kjarnholt 1	Deiliskipulag fyrir 34 lóðir á hluta svæðisins. 2 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 175 ha.	Kjarnholt 1
F95	Múli	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 22 ha.	Múli
F96	Stakksárhlíð	Deiliskipulag fyrir 8 lóðir. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 50 ha.	Múli
F97	Neðri-Dalur	Ekkert deiliskipulag í gildi. 9 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 95 ha.	Neðri-Dalur
F98	Kjarnholt	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 21 ha.	Kjarnholt 2
F99	Kjarnholt	Ekkert deiliskipulag í gildi. 6 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 20 ha.	Kjarnholt 2
F100	Kjarnholt	Deiliskipulag fyrir 40 lóðir. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 24 ha.	Kjarnholt 2
F101	Haukadalur	Deiliskipulag fyrir 4 lóðir á hluta svæðisins. 19 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 50 ha.	Haukadalur
F102	Haukadalur	Ekkert deiliskipulag í gildi. 10 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 21 ha.	Haukadalur
F103	Helludalur	Deiliskipulag fyrir 17 lóðir á hluta svæðisins. 20 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 143 ha.	Helludalur
F104	Torta	Deiliskipulag fyrir 18 lóðir. 2 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 26 ha.	Torta
F105	Brú	Deiliskipulag fyrir 21 lóð. 7 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 23 ha.	Brú
F106	Brúarhvammur	Deiliskipulag fyrir 3 lóðir. 2 lóðir byggðar. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Brúarhvammur
F107	Myrkholt	Ekkert deiliskipulag í gildi. 4 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 5 ha.	Myrkholt
F108	Kjóastaðir 2	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 85 ha.	Kjóastaðir
F109	Brattholt	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 38 ha.	Brattholt

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Ekki þykir ástæða til að meta áhrif stefnunnar sem er í megindráttum samhljóða gildandi stefnu aðalskipulags, þó skerpt sé á ákveðnum hlutum.

2.4 ATVINNUSVÆÐI

Í þessum kafla er fjallað um atvinnusvæði í dreifbýli og á hálendinu. Megin landnotkun í dreifbýlinu er landbúnaður og ferðaþjónusta. Á hálendinu er megin landnotkunin óbyggt svæði.

2.4.1 Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði er skv. gr. 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, skilgreint sem „Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu“.

Markmið:

- Góð landbúnaðarsvæði verða áfram nýtt til landbúnaðar.
- Landbúnaður, þ.m.t. ylraekt og garðraekt, verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaðar verði eflður sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Forðast skal að setja gott landbúnaðarland undir samfellda skógrækt.
- Landnýting sé í sátt við náttúruna.
- Stuðlað skal að verndun umhverfis og lífríkis fallvatna til að efla fiskgengd og veiðimöguleika.

Leiðir:

- Ef aðstæður leyfa er heimilt að byggja stök íbúðarhús, sem ekki tengjast búrekstri á landbúnaðarsvæðum bújarða, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.
- Almennu skulu ný hús reist í tengslum við núverandi byggð til að nýta sem best það grunnkerfi sem fyrir er.
- Heimiluð er uppbygging á landspildum að lágmarki 3 ha að stærð (smábýlum) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðum landbúnaðarsvæðum eða verndarsvæðum.
- Byggingar, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum, en getur eftir atvikum verið í jaðri svæðanna.
- Heimilt er að stunda annan minni háttar atvinnurekstur þar sem er föst búseta.
- Leitast skal við að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og nærliggjandi byggð og hafa sem minnst áhrif á náttúru og landslag.
- Efla skal ylraekt og garðraekt, m.a. með því að stuðla að bættum samgögnum og leita leiða til að lækka rafmagnskostnað.
- Lyktarmengandi starfsemi s.s. eldishús alifugla, loðdýra og svína skal staðsett fjarri landa- og lóðamörkum.
- Leita skal leiða til að gera veiði í ám og vötnum að áhugaverðum valkosti.

Landbúnaður er grunnlandnotkun á láglandi í allri Bláskógabyggð, utan Þingvallapjóðgarðs. Á hluta landbúnaðarlands eru kvaðir, s.s. vegna vatnsverndar, svæða á náttúruminjasrá og hverfisverndar vegna náttúru- og söguminja. Samkvæmt landsskipulagi er gert ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun. Einnig er gert ráð fyrir að flokkun landbúnaðarlands sé lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum². Stefnt er að því að slík flokkun verði unnin innan fjögurra ára frá því aðferðafræðin liggur fyrir skv. landsskipulagi. Gott landbúnaðarland er fremur slétt, undir 10° halli og auðvelt til jarðvinnslu. Jarðvegur frjór og auðveldlega plógtækur, lítið grjót. Í sumum tilfellum þarf að þurrka landið. Ræktað land hefur verið kortlagt eftir nýlegum loftmyndum og er það sýnt á skipu-

² (Alþingi Íslands, 2016).

lagsupprætti. Í 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004, með síðari breytingum, segir „*Liggi flokkun landbúnaðarlands ekki fyrir skal sveitarfélag óska eftir umsögn ráðunautar um viðkomandi land þar sem leggja skal mat á stærð lands, staðsetningu lands, ræktunarskilyrði, ræktun sem þegar er þar stunduð eða er fyrirhuguð og hvort breyting á landnotkun hafi áhrif á aðliggjandi landbúnaðarsvæði*“. Þegar flokkun landbúnaðarlands liggur fyrir verður hún höfð til hliðsjónar við ráðstöfun lands til annarrar landnýtingar.

Skoðað verður, í samvinnu við nágrannasveitarfélög, hvort útleiga íbúðarhúsnæðis til gistipjónustu sé vandamál sem taka þurfi á. Gert er ráð fyrir að unnar verði samræmdar verklagsreglur um þessi mál með nágrannasveitarfélögum. Útleiga húsnæðis til gistipjónustu er leyfisskyld starfsemi sbr. lög nr. 29/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum nr. 67/2016 og reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Önnur atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum

Heimilt er að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu. Markmiðið er að gefa kost á bættri nýtingu húsakosts og styrkja byggð í dreifbýli, skjóta styrkari stoðum undir búrekstur og tryggja eftir því sem hægt er að jarðir haldist í landbúnaðarnotum. Heimilt er að nýta byggingar á býlum með viðbótum og/eða breytingum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Einkum er horft til starfsemi sem tengist ferðaþjónustu, greiðasölu, afurðasölu eða léttan iðnað sem fellur vel að og styður við landbúnaðarstarfsemi og búsetu á svæðinu.

Heimilt er, á landi í ábúð og þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, s.s. smiðju, verkstæði, gistiheimili, verslun, smáhýsi og/eða byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð slíkra bygginga fari ekki yfir 1.000 m². Umfangsmeiri rekstur verður einungis heimilaður á svæðum sem eru skilgreind sérstaklega fyrir atvinnustarfsemi í aðalskipulagi, s.s. afþreyingu, verslun- og þjónustu eða athafna- og iðnaðarsvæði.

Í einhverjum tilfellum er heimilt að reisa stök mannvirki á landbúnaðarsvæðum, eins og nánar er lýst í kafla 2.4.8.

Um land bújarða á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004, með síðari breytingum, og ábúðarlaga nr. 80/2004 og eftir atvikum ákvæði annarra laga.

Byggingar á landbúnaðarlandi

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist landbúnaði. Leitast skal við að staðsetja ný hús í námunda við þá byggð sem fyrir er til að nýta sem best tengingar við þjóðvegi og önnur dreifikerfi sem eru fyrir hendi. Það styrkir byggð að fjölga notendum þeirra veitukerfa sem nú þegar eru fyrir hendi og halda þarf í rekstri í dreifðum byggðum, bætt nýting núverandi kerfa styður við umhverfissjónarmið og hagkvæma þróun byggðar.

Útihús og aðrar byggingar tengdar landbúnaði skulu að jafnaði reistar í tengslum við önnur hús á jörðinni, þó þannig að mengun, s.s. lykt, hafi sem minnst áhrif á íbúa. Um eldihús alifugla, loðdýra og svína gildir reglugerð nr. 520/2015 þar sem gerð er grein fyrir lágmarksfjarlægð eldihúsa frá byggð. Þar sem eldihús eru fyrirhuguð t.d. í nágrenni þéttbýlis, fjölsótttra þjónustu- eða ferðamannasvæða skal meta fjarlægðarmörk sérstaklega, m.a. út frá ríkjandi vindátt og fjölda dýra. Öll alifugla-, loðdýra- og svínarækt sem er það umfangsmikil að hún sé háð mati á umhverfisáhrifum skal vera á iðnaðarsvæði.

Heimiluð er uppbygging á landspildum sem eru að lágmarki 3 ha, m.a. til áhugabúskapar sbr. kafla 2.4.8. Slíkar spildur eru utan verndarsvæða og góðs landbúnaðarlands. Umfang og uppbygging skulu taka mið af þeim veitu- og samgöngukerfum sem fyrir eru.

2.4.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru skógræktar- og landgræðslusvæði skilgreind sem „*svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu*“.

Markmið:

- Leitast verði við að efla skógrækt og skjólbeltarækt í byggð í tengslum við Suðurlandsskóga- verkefnið.

- Skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði og ræktunarmöguleika.
- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil.
- Hugað skal að því að skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Áfram verði unnið að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða.
- Leitað verði leiða til að stöðva jarðvegseyðingu og uppblástur sunnan Hagafellsjökla og í nágrenni Hagavatns og fok þaðan yfir byggðina.

Leiðir:

- Skógrækt í byggð verði eflað til útivistar, skjóls og landbóta.
- Áfram verði unnið að endurheimt gróðurs og landgæða þar sem þess þarf.
- Vatnsborð Hagavatns verði hækkað, með stíflu í Farinu, til að koma í veg fyrir jarðvegseyðingu, uppblástur og fok yfir byggðina.
- Skoðað verði hvort ástæða sé til annarra uppgræðsluáðgerða sunnan Hagafellsjökla og Hagavatns, til að stöðva sandfok.

Gert er ráð fyrir að skógrækt og skjólbeltarækt í tengslum við Suðurlandsskógaverkefnið styrkist sem atvinnugrein og að þátttakendum í verkefninu komi til með að fjölga. Nokkur skógræktarsvæði eru skilgreind á skipulagsupprætti og er afmörkun á þeim fengin frá Skógræktinni.

Þau svæði sem eru í umsjá Landgræðslunnar eru skilgreind sem landgræðslusvæði á skipulagsupprætti. Nokkur slík svæði eru á Biskupstungnaafretti. Á afréttum er einnig unnið að uppgræðslu lands í tengslum við landbótaáætlun vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt. Þá hefur Landgræðslufélag Biskupstungna staðið fyrir uppgræðslu á Biskupstungnaafretti, bæði með áburðardreifingu og með því að tæta heyrúllur í rofabörð.

Þó nokkrir bændur eru þátttakendur í verkefninu *Bændur græða landið* í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Í verkefninu er unnið að uppgræðslu heimalanda.

Ekki þarf að breyta aðalskipulagi til að skilgreina ný landgræðslusvæði svo fremi að afmörkun þeirra hafi ekki neikvæð áhrif á verndarsvæði eða minjar. Landgræðsla er heimil hvarvetna þar sem hennar er talin þörf í sveitarfélaginu.



Mynd 3. Landgræðslusvæði við Hvítárvatn.

Til að draga úr uppblæstri í nágrenni Hagavatns og minnka fok yfir byggðina þá er stefnt að því að endurheimta Hagavatn í þeirri mynd sem það var fyrir hlaupið árið 1939. Gert er ráð fyrir að stífla Farið og að Hagavatn stækki við það úr um 4 km² í u.þ.b. 23 km². Endurheimt Hagavatns er forsenda þess að hægt sé að ráðast í frekari landgræðsluáðgerðir sunnan þess. Til að auka hagkvæmni framkvæmdarinnar er æskilegt að nýta stækkað Hagavatn til raforkuframleiðslu. Hluti þess svæðis sem stækkun Hagavatns tekur til, sem og Hagavatnsvirkjun, eru innan mannvirkjabeltis Sultartangalína 1 og 3. Víðerni á svæðinu eru því skert í dag. Líkleg áhrif af endurheimt Hagavatns voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.2.4) skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er að með því að endurheimta Hagavatn dregur úr uppblæstri og sandfoki yfir byggð, mistur þar minnkar og sést til fjalla á þurrum dögum. Stefnt er að því að áfram verði unnið að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og er framkvæmdin liður í því. Vissulega mun stórt stöðuvatn breyta ásýnd landsins á þessu svæði en þá ber að líta á það að Hagavatn náði yfir umrætt svæði allt þar til hljóp úr því árið 1939. Þá er endurheimt Hagavatns forsenda þess að hægt sé að ráðast í frekari landgræðsluáðgerðir sunnan vatnsins. Sveitarstjórn er jafnframt hlynnt virkjun Hagavatns enda styðja þessar framkvæmdir við hvor aðra hvað hagkvæmni varðar og er því eðlilegt að þær verði skoðaðar í samhengi. Svæðið sunnan og vestan Hagavatns er skilgreint sem landgræðslusvæði í svæðisskipulagi Miðhálandisins³.

³ (Umhverfisráðuneytið og Skipulagsstofnun, 1999).

Skógrækt og landgræðsla er viðurkennd aðferð við bindingu kolefnis í jarðvegi. Auk þess veitir skógrækt skjól gegn gróður- og jarðvegseyðingu. Þá veitir skógur eða skjólbelti skjól á ökrum, beitilöndum og í byggð. Mikilvægt er að skógrækt falli vel að landslagi og að ekki verði plantað skógi fyrir góða útsýnisstaði.



Mynd 4. Í Haukadalskógi.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, skal tilkynna til Skipulagsstofnunar um skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha lands eða meira, eða skógrækt á verndarsvæðum. Skipulagsstofnun ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna. Þá skal tilkynna um alla aðra nýræktun skóga, að 200 ha, til sveitarstjórnar sem ákvarðar um matsskyldu framkvæmdar sbr. 14 gr. reglugerðar nr. 660/2015. Þá ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar um allar uppgræðsluáðgerðir á verndarsvæðum, sbr. sömu reglugerð. Bæði tilkynningaskyldar og matsskyldar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 þá eru eftirtaldar framkvæmdir háðar framkvæmdaleyfi; nýræktun skóga hvort sem um er að ræða nytjaskóg eða útivistarskóg, skógareyðing og uppgræðsla lands á verndarsvæðum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en hafin er skógrækt á svæðum sem nóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013.

Landgræðsla og skógrækt skulu taka mið af alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að, s.s. samningi um líffræðilega fjölbreytni og rammisamningi um loftslagsbreytingar.

Um skógræktar- og landgræðslusvæði gildir að öðru leyti eftirfarandi:

- Stefnt er að endurheimt landgæða á illa förnum svæðum og að stöðva uppblástur og fok yfir byggðina.
- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar (kafli 2.8.3), náttúruverndarsvæða (kafli 2.8.1 og 2.8.2) og fornminja (kafli 2.8.4).
- Skógrækt og landgræðsla skulu ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 100 m og ekki nær öðrum merkjum minjum en 20 m.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Nytjaskógrækt og skjólbeltarækt verði að jafnaði ekki nær ár- og vatnsbökkum en 30 m og að jafnaði ekki nær þjóðvegum en 50 m. Skógrækt skal ekki vera innan helgunarsvæða raflína.
- Þess skal gætt að skógrækt trufli ekki umferð á vegum m.t.t. snjósöfnunar og byrgi ekki fyrir útsýni.

Í töflu hér að neðan er yfirlit yfir skógræktar- og landgræðslusvæði í Bláskógabyggð. Upplýsingar um svæðin eru frá Skógræktinni og Landgræðslunni. Núverandi og áætluð skógræktar- og landgræðslusvæði, 10 ha og stærri, eru sýnd á skipulagsuppdrætti og skýringaruppdrætti 4.

Skógræktar- og landgræðslusvæði		
Nr.	Heiti/jörð	Lýsing
SL1	Stíflisdalur	Skógrækt, stærð um 30 ha.
SL2	Stíflisdalur	Skógrækt, stærð er um 15 ha.
SL3	Efra-Apavatn	Skógræktarsvæði, stærð er um 20 ha.
SL4	Eyvindartunga	Skógræktarsvæði, stærð svæðis er um 135 ha.
SL5	Laugarvatnsskógur	Skógræktarsvæði og náttúrulegur birkiskógur, stærð er um 310 ha.
SL6	Ketilvellir	Skógræktarsvæði, stærð er um 40 ha.
SL7	Austurey	Skógræktarsvæði. Stærð svæðis er um 70 ha.
SL8	Austurey	Skógræktarsvæði. Stærð er um 5 ha.

SL9	Böðmóðsstaðir I&IV	Skógræktarsvæði, stærð er rúmir 30 ha.
SL10	Hrosshagi	Skógrækt, stærð um 70 ha.
SL11	Spóastaðir	Skógrækt, stærð um 95 ha.
SL12	Skálholt	Skógrækt, stærð um 38 ha.
SL13	Skálholt	Skógrækt, stærð er um 10 ha.
SL14	Helgastaðir	Skógrækt, stærð um 20 ha.
SL15	Galtalækur	Skógrækt, stærð rúmir 170 ha.
SL16	Borgarholt	Skógrækt, stærð svæðis er um 290 ha.
SL17	Bergstaðir	Tvö skógræktarsvæði, stærð er um 50 ha.
SL18	Heiði/Vatnsleysa	Skógræktarsvæði, stærð svæðis er rúmir 20 ha.
SL19	Múli	Skógrækt, stærð um 150 ha.
SL20	Gýgjarhóll	Skógrækt, stærð um 40 ha.
SL21	Brattholt	Skógræktarsvæði, stærð er um 45 ha.
SL22	Helludalur	Skógrækt, stærð um 30 ha.
SL23	Haukadalur og Haukadalsheiði	Skógræktarsvæði á jörðinni Haukadali í umsjá Skógræktar ríkisins og landgræðslusvæði á Haukadalsheiði í umsjá Landgræðslu ríkisins. Stærð svæðisins er um 11.000 ha.
SL24	Tunguheiði	Landgræðslusvæði. Stærð svæðisins er um 2.460 ha.
SL25	Sandvatnshlíð	Landgræðslusvæði. Afgirt rofabörð sem unnið er að því að græða upp. Stærð svæðis er um 11 ha.
SL26	Rótarmannatorfur	Landgræðslusvæði. Afgirt rofabarðasvæði sem unnið er að því að græða upp. Stærð svæðisins er um 77 ha.
SL27	Svartártorfur	Landgræðslusvæði. Rofabarðasvæði sem unnið er að því að græða upp. Stærð svæðis er um 355 ha.

2.4.3 Verslun og þjónusta

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir verslun- og þjónustu skilgreint sem „svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum“.

Markmið:

- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu.
- Þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.
- Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi gesta ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.

Leiðir:

- Leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu ásamt því að efla þau tækifæri sem fyrir eru.
- Unnið verði að markaðssetningu gistimöguleika á svæðinu til að fjölga gistinóttum og lengja dvöl ferðamanna.
- Á ferðamannastöðum verði hugað að öryggi ferðamanna, m.a. gagnvart veltengingum við fjölfarna vegi.
- Unnið verði að stefnumörkun varðandi ferðaþjónustu vegna mikillar fjölgunar ferðamanna og uppbyggingar í ferðaþjónustu.
- Með umsókn um ný verslunar- og þjónustusvæði skulu fylgja ýtarlegar upplýsingar um fyrirhugaða uppbyggingu.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða í dreifbýli.

- Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að fella út svæði þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað, við næstu endurskoðun aðalskipulags.

Heildarfjöldi erlendra ferðamanna árið 2015 var 1.289.100⁴ og er gert ráð fyrir að þeir verði um 2,5 milljónir árið 2018⁵. Í Bláskógabyggð eru nokkur af fjölsóttustu ferðamannasvæðum landsins og hefur ásókn ferðamanna aukist verulega síðari ár í samræmi við fjölgun ferðamanna til landsins. Árið 2014 voru Gullfoss og Geysir annar vinsælasti viðkomustaður ferðamanna og Þingvellir í þriðja sæti. Árið 2015 var herbergjanýting á heilsárshótelum á Suðurlandi 50% og hafði aukist úr 43% árið áður. Unnin hefur verið stefnumörkun fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum 2004-2024 og er tekið mið af henni. Unnið er að endurskoðun á stefnumörkuninni. Gert hefur verið deiliskipulag fyrir svæðið umhverfis þjónustumiðstöðina á Hakinu. Á Geysi og Gullfossi var efnt til samkeppni um deiliskipulag fyrir svæðið. Uppbygging á Gullfossi er hafin skv. deiliskipulaginu og deiliskipulag fyrir Geysissvæðið liggur fyrir.

Víða hefur byggst upp ferðaþjónusta á bújörðum samhliða nýtingu jarðanna til búskapar. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram enda styrkir hún búsetu í sveitarfélaginu. Huga mætti að því að tengja betur uppbyggingu ferðaþjónustu og framleiðslu og sölu afurða á svæðinu, í samræmi við stefnumótun fyrir ferðaþjónustu í Uppsveitum Árnassýslu⁶. Þessi stefnumótun er komin til ára sinna og gert ráð fyrir að fyrir næstu endurskoðun aðalskipulags verði unnið að endurgerð hennar. Í þessari vinnu verði m.a. tekið á göngustígum og uppbyggingu þeirra, aðgangsstýringar og dreifingar á ferðamönnum yfir daginn, þyrluumferð og notkunar dróna (flygilda). Í þessari vinnu verði einnig stefnumörkun fyrir uppbyggingu á hálendinu, þ.m.t. umferð á jöklum.

Gert er ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð innan Þingvallarþjóðgarðs og að núverandi þjónustumiðstöð á Hakinu verði stækkuð. Þá eru ný verslunar- og þjónustusvæði á nokkrum stöðum. Á þessum svæðum er gert ráð fyrir veitinga- og gistipjónustu og jafnvel náttúruböðum.

Núverandi og ný verslunar- og þjónustusvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í 2.1, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengi taki mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.



Mynd 5. Þjónustumiðstöð við Hakið á Þingvöllum.

Líkleg áhrif af nýjum verslunar- og þjónustusvæðum voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.2.4) skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er eftirfarandi: Frekari uppbygging ferðaþjónustu og fjölgun ferðamanna hafa jákvæð áhrif á samfélagið með fleiri atvinnutækifærum og betri efnahag. Uppbygging getur þó haft neikvæð áhrif t.d. á víðerni, verndarsvæði og gróður. Þá þarf að gæta þess að mannvirki falli vel að landslagi og hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd svæða. Fjölgun ferðamanna kann að valda neikvæðum áhrifum ef viðunandi aðstaða á ferðamannastöðum er ekki fyrir hendi. Því er ákveðin þörf á uppbyggingu mannvirkja. Einnig þarf að huga að stígagerð og upplýsingagjöf.

Ný verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli bæta þjónustu við íbúa og ferðamenn, styrkja atvinnulíf og efla byggð. Einnig fjölga náttúruböð afþreyingarmöguleikum og nýta betur þá auðlind sem jarðhitinn á viðkomandi stöðum er. Getur stuðlað að því að ferðamenn stoppi lengur á svæðinu. Þó þarf að huga að því að uppbygging fyrir ferðamenn verði ekki það mikil eða á það mörgum stöðum að fjöldi staða dragi úr rekstrargrundvelli hvers annars.

⁴ (Ferðamálastofa, 2016).

⁵ (Greiningardeild Arion banka, 2016).

⁶ (Rögnvaldur Guðmundsson, 2003).

Með frekari uppbyggingu á Þingvöllum þá er verið að bæta þjónustu við ferðamenn og efla hana í takt við fjölgun ferðamanna í Þjóðgarðinum. Eins er leitast við að færa þjónustuna út af meginsvæði þjóðgarðsins þannig að þar verði bílastæði og þjónusta og síðan verði gönguleiðir um svæðið og milli þjónustumiðstöðva.

Í Bláskógabyggð er talsverður fjöldi verslunar- og þjónustusvæða og sum hver nokkrir tugir hektara. Sveitarstjórn vill draga úr fjölda verslunar- og þjónustusvæða þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað eða er fyrirhuguð. Því verða, við næstu endurskoðun aðalskipulags, felld út þau svæði þar sem engin uppbygging hefur átt sér stað nema landeigandi sýni fram á áform um uppbyggingu. Verslunar- og þjónustusvæði eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Verslun og þjónusta			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VÞ1	Þingvellir þjónustumiðstöð við tjaldsvæði	Á svæðinu er þjónustumiðstöð og tjaldsvæði. Gert er ráð fyrir að meginhluti þjónustumiðstöðvarinnar færast á nýtt svæði fyrir ofan Snókagjá. Áfram verður aðstaða fyrir starfsmenn þjóðgarðsins og e.t.v. minniháttar þjónusta við ferðamenn þar sem núverandi miðstöð er ásamt tjaldsvæði. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Þingvellir
VÞ2	Snókagjá á Þingvöllum	Gert er ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð með upplýsingum og veitingasölu, einnig aðstaða fyrir þá sem selja ferðir á Þingvalla- svæðinu s.s. köfunarferðir. Stærð svæðis er allt að 16 ha.	Þingvellir
VÞ3	Hakið á Þingvöllum	Á svæðinu er þjónustumiðstöð, gert er ráð fyrir að þar byggist upp öflugri þjónusta og veitingaaðstaða ásamt aðstöðu fyrir starfsfólk. Einnig verða bílastæði stækkuð. Útsýnispallur á Hakinu. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er allt að 14 ha.	Þingvellir
VÞ4	Austureyjarnes	Á svæðinu eru orlofshús og þjónusta í kringum þau. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 23 ha.	Austurey
VÞ5	Austurey	Gert er ráð fyrir byggingum fyrir ferðaþjónustu s.s. hóteli og smá- húsum til útleigu fyrir ferðamenn. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Austurey
VÞ6	Miðdalskot	Gert er ráð fyrir húsum fyrir ferðaþjónustu. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Miðdalskot
VÞ8	Efsti-Dalur	Á svæðinu er m.a. hótél, veitingasala, orlofshús og hestaleiga. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu ferðaþjónustu. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Efsti-Dalur
VÞ9	Efri-Reykir	Gert er ráð fyrir uppbyggingu á gistingu, verslun og baðaðstöðu þar sem nýtt verður vatn frá heitavatsborholu á svæðinu. Stærð svæðis er um 30 ha.	Efri-Reykir
VÞ11	Galtalækur	Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustu fyrir íbúa og ferðamenn. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Galtalækur
VÞ12	Faxi/Vatnsleysufoss	Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustu fyrir íbúa og ferðamenn, m.a. tjaldsvæði. Stærð svæðis er um 5 ha.	Heiði
VÞ13	Drumboddstaðir	Ýmis konar þjónusta fyrir íbúa og ferðamenn, s.s. flúðasiglingar. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Drumboddstaðir
VÞ14	Einiholt	Gert er ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu. Stærð svæðis er um 7 ha.	Einiholt
VÞ15	Úthlíð	Á svæðinu er verslun, veitingastaður, sundlaug, tjaldsvæði, eldsneytissala, orlofshús og starfsmannahús, hestaleiga og afþreyingarferðir. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu ferðaþjónustu s.s. byggingu hótels og stækkun sundlaugasvæðis. Stærð svæðis er um 21 ha.	Úthlíð
VÞ16	Múli	Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustu fyrir íbúa og ferðamenn. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Múli
VÞ17	Kjarnholt 3	Gert er ráð fyrir uppbyggingu ýmis konar þjónustu fyrir íbúa og ferðamenn, s.s. gistingu. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Kjarnholt 3

VP18	Neðri-Dalur, Árgil, Stallar	Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustu fyrir íbúa og ferðamenn. Stærð svæðis er allt að 11 ha.	Neðri-Dalur, Árgil, Stallar
VP19	Kistutjarnir	Gert er ráð fyrir uppbyggingu á þjónustu fyrir ferðamenn, s.s. gistingu í smáhýsum og hóteli. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Kistutjarnir
VP20	Neðri-Dalur	Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustu fyrir íbúa og ferðamenn. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Neðri-Dalur
VP21	Geysir	Á svæðinu er hótél, gistiheimili, veitingasala og minjagripaverslun. Einnig íbúðarhús, starfsmannahús og gestahús. Fyrirhuguð er frekari uppbygging á þjónustu á svæðinu, m.a. ný hótélbygging, íbúðarhús, starfsmannahús og stækkun bílastæða. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 32 ha.	Geysir
VP22	Brúarhvammur	Gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustu fyrir íbúa og ferðamenn. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Brúarhvammur
VP23	Brú	Gert er ráð fyrir uppbyggingu á ýmis konar þjónustu fyrir íbúa og ferðamenn. Stærð svæðis er um 12 ha.	Brú
VP24	Kjóastaðir	Á svæðinu er tjaldsvæði fyrir um 800 manns ásamt gistingu og veitingarekstri. Gert er ráð fyrir stækkun á gistingu og aðstöðu fyrir veitingarekstur. Stærð svæðis er um 14 ha.	Kjóastaðir
VP25	Myrkholt	Gistiaðstaða er fyrir 32. Hestaleiga og aðstaða fyrir hross. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á þjónustu fyrir ferðamenn, s.s. veitingasölu og stækkun á gistingu. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Myrkholt
VP26	Brattholt	Á svæðinu er hótél og veitingasala. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Brattholt
VP27	Gullfoss	Á svæðinu er veitingasala, verslun og þjónusta við ferðamenn. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Brattholt
VP31	Tjörn	Fyrirhuguð er uppbygging heilsulindar ásamt veitinga- og gistiþjónustu. Stærð svæðis er um 20 ha.	Tjörn
VP32	Brekka	Gert er ráð fyrir þjónustu í tengslum við sumarhúsabyggð og ferðamenn, s.s. verslun. Stærð svæðis er allt að 6 ha.	Brekka
VP33	Lindartunga	Gert er ráð fyrir uppbyggingu á þjónustu fyrir ferðamenn. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Lindartunga

2.4.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreint sem „svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar“.

Markmið:

- Fjölga afþreyingarmöguleikum til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu.
- Nýting núverandi fjallaskála verði eflid.
- Settar verði almennar reglur um stýringu ferðamanna og uppbyggingu á ferðamannastöðum.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.

Leiðir:

- Útfærðar verði samfelldar nokkurra daga göngu- og reiðleiðir á hálendinu til að nýta núverandi fjallaskála betur.
- Þyrluumferð og annað yfirflug s.s. „drónar“, trúfli sem minnst aðra ferðamenn og dregið verði úr hættu vegna flugumferðar almennt.

- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Nota skal byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds.
- Fjöldi ferðamanna verði undir þolmörkum viðkomandi svæðis og umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur.
- Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum.
- Gert verður ráð fyrir að bæta aðstöðu í gistiskálum og á tjaldsvæðum, m.a. til að bæta öryggi og mæta auknum kröfum ferðamanna.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað að öryggi gesta, m.a. gagnvart vegtengingum við fjölfarna vegi.
- Afmarkaðar verði lóðir fyrir alla skála á hálendinu.

Í þessum landnotkunarflokki eru helstu ferðamannasvæði í byggð, fjallaskálar á afréttum og tjaldsvæði í byggð. Í einhverjum tilfellum eru tjaldsvæði rekin samhliða annarri ferðaþjónustu og eru þá skráð undir verslunar- og þjónustusvæði.

Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að ferðaþjónusta verði eflid en um leið verði varðveitt þau gæði sem eru undirstaða hennar. Uppbygging ferðamannaaðstöðu á miðhálandinu stuðli að góðri aðstöðu ferðamanna, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.

Landsskipulag gerir ráð fyrir að allir fjallaskálar á afrétti sveitarfélagsins séu í flokki afþreyingar- og ferðamannasvæða⁷. Svæði sem flokkuðust sem fjallasel, skálasvæði og hálendismiðstöðvar í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru nú skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í samræmi við landsskipulagsstefnu. Árbúðir eru skilgreindar sem hálendismiðstöð í Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Hálendismiðstöðvar eru við meginleiðir um hálendið og þar er gert ráð fyrir rekstri gistingar og tjaldsvæða en einnig getur verið um einhvern verslunar- og veitingarekstur að ræða. Gert er ráð fyrir samfelldri þjónustu yfir sumarið og möguleika á einhverri starfsemi yfir vetrartímann. Hagavatnsskáli og Skálpanes falla undir skilgreiningu skálasvæða skv. landsskipulagsstefnu. Skálasvæði eru í góðu vegasambandi. Gert er ráð fyrir gistingu í gistiskálum auk tjaldsvæða, fræðslu og eftirlits. Möguleiki er á einhverri starfsemi yfir vetrartímann. Aðrir skálar á hálendinu falla undir skilgreiningu fjallasels samkvæmt landsskipulagsstefnu. Þjónustustarfsemi felst í rekstri gistiskála og tjaldsvæðis auk fræðslu og eftirlits.

Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru.

Við endurgerð bygginga á hálendinu eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi. Á hálendinu skal gera ráð fyrir upplýsinga- og snyrtiaðstöðu og að allt að 50 manns geti gist í húsi á hverjum stað, nema annað sé tekið fram. Til að hægt sé að útfæra nokkurra daga göngu- og reiðleiðir á hálendinu er þörf á endurbótum og uppbyggingu á fjallaskálum og aðstöðu fyrir ferðamenn. Á hálendinu er almennt gert ráð fyrir að svæði fyrir fjallasel séu á bilinu 0,5-3 ha að stærð. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hesthús verði færð fjær gistiskálum (t.d. 500 m) til að skapa meira svigrúm, þetta hefur þó engin áhrif á byggingarmagn á hverjum stað.



Mynd 6. Í Gíslaskála á Kili er rekin ferðaþjónusta.

Gert er ráð fyrir nýju skálasvæði í Geldingafelli og fjallaseli í Mosakarði. Í Geldingafelli hafa undanfarin ár verið nokkur hús með stöðuleyfi og þar hefur verið þjónusta fyrir ferðamenn, einkum þá sem fara á Langjökul. Geldingafell er nálægt Kjalvegi og þar er mikil umferð ferðamanna. Með tilkomu skálasvæðis við Geldingafell verður skálasvæði í Skálpanesi færð niður í flokk fjallasels og ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu þar. Líklegt er að hluti núverandi starfsemi í Skálpanesi færist að Geldingafelli. Við

⁷ (Alþingi Íslands, 2016).

Geldingafell er nú þegar umfangsmikil starfsemi og er nauðsynlegt að vinna deiliskipulag fyrir svæðið til að koma því í gott horf. Skálasvæði við Geldingafell er vel staðsett m.t.t. þess að þjónusta þá ferðamenn sem fara um Kjalveg, auk þeirra sem leggja leið sína á Langjökul. Einnig er þessi breyting til þess fallin að vernda víðerni, að því gefnu að fjallasel skerði ekki víðerni skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Uppbygging skálasvæðis í Geldingafelli stuðlar að betri þjónustu við ferðamenn og betri dreifingu ferðamanna. Þannig er dregið úr álagi á viðkvæmari svæðum. Vegna umfangs starfsemi sem nú þegar er rekin í Geldingafelli og vegna þess hve brýnt er að skipuleggja þá starfsemi til framtíðar þá lítur sveitarstjórn svo á að nýtt skálasvæði í Geldingafelli falli undir „ríka almannahagsmuni“ skv. landsskipulagsstefnu. Sú starfsemi sem er rekin í Geldingafelli er það umfangsmikil að hún getur ekki fallið undir skilgreiningu fjallasels.

Fjallasel í Mosaskarði er staðsett í námunda við Sultartangalínur 1 og 3 og hefur því ekki áhrif á víðerni umfram það sem háspennulínurnar hafa. Tveir skálar eru á staðnum og hafa verið þar í um 20 ár. Með uppbyggingu á þessum stað er stuðlað að því að ferðamenn dreifist víðar um svæðið og þjónusta við þá bætt. Stefnan er að byggja upp fleiri skála og bjóða upp á gistingu og jafnvel veitingar fyrir ferðamenn. Ætla má að uppbygging á hálendinu sé engan veginn í takt við fjölgun ferðamanna þar.

Í Árbúðum er áfram gert ráð fyrir hálendismiðstöð. Árbúðir eru við Kjalveg sem er stofnvegur á hálendi. Sveitarstjórn þykir eðlilegt að gera skýran greinarmun á glististöðum eftir því hvað áætlað er að starfsemi sé mikil á hverjum stað. Þeim ferðamönnum sem vilja gista á hálendinu og gera meiri kröfur til þjónustu og aðbúnaðar hefur fjölgað og vill sveitarstjórn einnig koma til móts við þann hóp ferðamanna. Þá vill sveitarstjórn halda uppbyggingu sem næst meginleiðum. Því er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu í Árbúðum. Sömuleiðis er gert ráð fyrir fjölgun gistirúma í Gíslaskála og Fremstaveri. Þessir þrír staðir eru mikið notaðir að fólki í hestaferðum og fara margir hestahópar um Kjöl á hverju sumri.

Þingvellir, Gullfoss og Geysir eru fjölmennustu ferðamannastaðirnir í Bláskógabyggð. Samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu komu árið 2016 um 1,2 milljónir ferðamanna að Gullfossi og sami fjöldi að Geysi. Unnið hefur verið deiliskipulag fyrir svæðin og er unnið að því að bæta innviði í samræmi við þau. Til er stefnumörkun fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum 2004-2024. Þar er sett fram framtíðarsýn og stefna sem snýr að verndarsjónarmiðum og þáttum sem tengjast daglegum rekstri. Unnið er að endurskoðun á stefnumótuninni.

Gullfoss er á appelsínugulum lista Umhverfisstofnunar yfir svæði þar sem náttúran er í hættu vegna álags af fjölda ferðamanna (*Umhverfisstofnun 2017*). Staðfest hefur verið stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Gullfoss 2016-2025. Þar er forgangsraðað þeim aðgerðum sem grípa þarf til svo verndargildi Gullfoss haldist. Meðal annars er gert ráð fyrir að Gullfoss verði fyrirmyndar áfangastaður þar sem náttúruvernd og virðing fyrir umhverfinu er höfð að leiðarljósi (*Umhverfisstofnun 2016*).

Geysir er á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir svæði þar sem náttúran er í hættu vegna álags af fjölda ferðamanna. Unnið hefur verið deiliskipulag fyrir Geysissvæðið og byrjað er á uppbyggingu göngustíga og útsýnissvæðis í samræmi við það. Halda þarf áfram uppbyggingu á svæðinu og tryggja landvörslu þar allt árið (*Umhverfisstofnun 2017*). Hafin er vinna við friðlýsingu Geysissvæðisins.

Núverandi og ný afþreyingar- og ferðamannasvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.1, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Æskilegt er að fjölga afþreyingarmöguleikum, bæði í byggð og á hálendinu, til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarfélaginu. Samhliða þarf að huga að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni staða, þjónustu við ferðamenn, að mannvirki falli sem best að landinu og að viðhaldi þeirra sé sinnt eftir þörfum. Í þessu skini er gert er ráð fyrir að settar verði almennar reglur um stýringu ferðamanna og uppbyggingu á ferðamannastöðum. Þessar reglur taka m.a. til göngustíga og palla og uppbyggingar þeirra, aðgangsstýringar, hugsanlegra fjöldatakmarkana og dreifingar á ferðamönnum yfir daginn ásamt þyrluumferð og notkunar flygilda (dróna). Þá þarf að huga að því að bæta öryggi ferðamanna, ekki síst yfir vetrartímann.

Fjallað er um þjónustu og hugsanlega uppbyggingu á hverjum stað í eftirfarandi töflu:

Afpreyngar- og ferðamannasvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
AF1	Skógarhólar	Gistiskáli og aðstaða til að taka á móti hestahópum. Gistipláss er fyrir 31. Gert er ráð fyrir endurbótum og frekari uppbyggingu á staðnum. Stærð svæðis er um 5 ha.	Pingvellir
AF2	Pingvellir	Tjaldstæði við þjónustumiðstöðina og sunnan Þingvallavegar. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er allt að 55 ha.	Pingvellir
AF3	Pingvellir	Stígar í og við Almannagjá og næsta nágrenni hennar. Einnig stígur að Þingvallakirkju og Peningagjá ásamt bílastæðum. Aðkoma að Silfru og bílastæði. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu stíga og almennt að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn. Stærð svæðis er um 118 ha.	Pingvellir
AF4	Vatnskot	Tjaldsvæði með lágmarks þjónustu. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Pingvellir
AF5	Gjábakki	Aðstaða fyrir landverði Þingvallabjórðgarðs og einnig upplýsingar og nestisaðstaða fyrir göngufólk. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Pingvellir
AF7	Miðdalur	Tjaldsvæði og golfvöllur í tengslum við frístundabyggð ásamt þjónustu fyrir hvort tveggja. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 61 ha.	Miðdalur
AF8	Gatfellsskáli	Fjallasel. Gagnamannahús norðan Lágafells. Gistipláss fyrir 16 manns. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF9	Skjaldborg	Fjallasel. Skáli við Tindaskagahorn SA Skjaldbreiðar. Gistipláss fyrir 12 manns. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF10	Hlöðufell	Fjallasel. Sæluhús Ferðafélags Íslands. Gistipláss fyrir 15 manns. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir byggingu annars skála, hesthúss og snyrtingar. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF11	Þórólfsfell	Fjallasel. Fjallaskáli/sæluhús við línuveginn við Þórólfsfell. Gistipláss fyrir 4. Gert er ráð fyrir viðhaldi mannvirkja ásamt snyrtiaðstöðu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF12	Laug	Tjaldsvæði sem er deiliskipulagt. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu aðstöðunnar. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Laug
AF13	Geysir	Hverasvæðið og næsta nágrenni. Gert er ráð fyrir uppbyggingu stíga og palla til að svæðið anní þeim fjölda ferðamanna sem þangað kemur. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 23 ha.	Haukadalur
AF14	Gullfoss	Gullfoss og næsta nágrenni hans ásamt stígum, pöllum og bílastæðum við hann. Gert er ráð fyrir uppbyggingu stíga, palla o.fl. í samræmi við deiliskipulag svæðisins. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Brattholt
AF15	Kiddakot	Fjallasel. Skáli í einkaeigu. Gert er ráð fyrir viðhaldi á skálanum. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 1 ha.	Afréttur
AF16	Hagavatns-skáli	Skálasvæði. Sæluhús Ferðafélags Íslands. Gistipláss fyrir 12 manns. Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum. Í deiliskipulagi er gert er ráð fyrir byggingu annars skála og snyrtingar. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF17	Sandá	Fjallasel. Á staðnum er gangnamannabraggi og hestagerði. Gistipláss fyrir 27 manns. Gert er ráð fyrir viðhaldi á mannvirkjum. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 1 ha.	Afréttur
AF18	Fremstaver	Fjallasel. Gangnamannahús og aðstaða til að taka á móti hestahópum. Rekin gistipjónusta. Gistipláss fyrir 30 manns. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu, s.s. gistingu fyrir allt að 50 manns og betri aðstöðu til að taka á móti hestum. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF19	Skálpanes	Fjallasel. Var áður skálasvæði en er fært niður um flokk. Aðstaða fyrir ferðamenn við Langjökul, s.s. jeppa- og vélsleðaferðir ásamt	Afréttur

		veitingasölu. Engin gisting á staðnum. Einungis gert ráð fyrir viðhaldi mannvirkja en ekki frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	
AF20	Hvítárbrú	Fjallasel. Hesthús og hestagerði. Gert er ráð fyrir viðhaldi á mannvirkjum. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF21	Baldurshagi	Fjallasel. Nokkur hús í eigu Lionsklúbbsins Baldurs og veiðihús Veiðifélags Hvítárvatns. Gert er ráð fyrir viðhaldi á mannvirkjum. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF22	Hvítárnes	Fjallasel. Sæluhús Ferðafélags Íslands. Áningarstaður á gönguleiðum. Gistipláss fyrir 30 manns. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu s.s. snyrtingu. Svæðið er deiliskipulagt. Núverandi sæluhús var friðað árið 2010. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF23	Kirkjuból	Fjallasel. Skáli Jöklarannsóknafélagsins á Langjökli. Gistipláss fyrir 6-12 manns. Gert er ráð fyrir viðhaldi á mannvirkjum. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 1 ha.	Afréttur
AF24	Þverbrekknarmúli	Fjallasel. Gönguskáli Ferðafélags Íslands. Áningarstaður á gönguleiðum. Gistipláss fyrir 20 manns. Í deiliskipulagi er gert stækkun skálans, skálavarðarhúsi og snyrtingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF25	Gíslaskáli	Fjallasel. Á staðnum er gangnamannahús og aðstaða til að taka á móti hestahópum. Þar er rekin þjónusta við ferðamenn. Gistipláss fyrir 45-50 manns. Skálinn er rafvæddur. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu, s.s. gistirými fyrir allt að 70 gesti og betri aðstöðu fyrir hesta. Svæðið er deiliskipulagt fyrir skála og hesthús. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF26	Þjófadalur	Fjallasel. Sæluhús Ferðafélags Íslands. Áningarstaður á gönguleiðum. Gistipláss fyrir 12 manns. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir snyrtingu en ekki annarri uppbyggingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF27	Mosaskarð	Fjallasel. Gert er ráð fyrir uppbyggingu veitingasölu og gistaðstöðu fyrir ferðamenn. Á svæðinu eru tvö hús og er gert ráð fyrir að þeim verði fjölgað. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur, Úthlíð
AF28	Geldingafell	Skálasvæði. Gert er ráð fyrir byggingum fyrir ferðþjónustu, s.s. veitingum- og gistingu fyrir allt að 50 manns. Einnig byggingum til að geyma búnað vegna ferða á Langjökul. Lagður hefur verið rafstrengur að Geldingafelli. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF29	Eyvindartunga	Uppbygging tjaldsvæðis og þjónustu við ferðamenn. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Eyvindartunga
AF30	Laugarvatns-hellir	Gert er ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við ferðþjónustu. Svo sem veitingasölu, salernisaðstöðu og endurbótum á bílastæði og aðkomu að hellinum. Hellirinn verður gerður aðgengilegur í eins upprunalegri mynd og hægt er og sögu hans miðlað til gesta. Uppbygging er unnin í nánú samstarfi við Minjastofnun Íslands, sveitarfélagið og ríkið sem landeiganda. Stærð svæðis er um 1 ha.	Laugarvatn
AF31	Árbúðir	Hálendismiðstöð. Veitinga- og gististaður við Kjalveg, ásamt þjónustu við göngu- og hestahópa. Gisting fyrir 30 manns, verslun og veitingasala. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu s.s. fjölgun gistirúma í allt að 70. Stærð svæðis er allt að 2 ha.	Afréttur
AF32	Bratti	Fjallasel í Súlnadal í Botnssúlum. Á staðnum er lítill skáli sem verður fjarlægður. Heimilt er að byggja nýjan allt að 80 m ² skála. Gisting getur verið fyrir allt að 30 manns. Ekki er heimilt að aka að húsinu.	Þingvellir

Líkleg áhrif af uppbyggingu ferðþjónustu á afréttum voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.2.5) skv. lögum um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er að uppbygging skálasvæðis við Geldingafell, í nágrenni Kjalvegjar, bætir þjónustu við ferðamenn sem fara um Kjalveg og eins þá sem leggja leið sína á Langjökul. Nýr staður skapar atvinnumöguleika og með færslu Skálpanesvegjar og Kjalvegjar á snjóléttara svæði þá er möguleiki að lengja ferðamannatímamann því vegurinn opnast

fyrir á vorin. Þá eru líkur á að með betri vegi dragi úr utanvegaakstri. Með viðveru starfsfólks á svæðinu má gera ráð fyrir betra öryggi ferðamanna.

Með nýju fjallaseli í Mosaskarði er verið að fjölga þjónustustöðum ferðamanna og þannig stuðlað að því að ferðamenn dreifist víðar um sveitarfélagið. Áhugaverðir útivistarmöguleikar og staðir eru í nágrenni Mosaskarðs. Þá eru nú þegar þrír skólar á þessu svæði, allir í nágrenni við Sultartangalínur 1 og 3 og því í námunda við núverandi mannvirkjabelti. Lágstemmd uppbygging á þessum stað hefur hverfandi áhrif á víðerni. Með uppbyggingu tveggja nýrra skóla á hálendinu er stuðlað að betri þjónustu við ferðamenn og betri dreifingu ferðamanna. Þannig er dregið úr álagi á viðkvæmari svæðum.

2.4.5 Samfélagsþjónusta

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir samfélagsþjónustu skilgreint sem „svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila“.

Markmið:

- **Stuðlað verði að betri þjónustu við íbúa í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.**
- **Starfsemi núverandi þjónustustofnana verði eflid.**
- **Unnið verði að eflingu á sviði öldrunarmála í samstarfi við nágrannasveitarfélögin.**

Leiðir:

- *Vel verði búið að söfnum og menningarstofnunum og sá auður sem í þeim felst nýttur til að laða að gesti og miðla þekkingu um sögu og menningu svæðisins til íbúa og gesta.*
- *Skálholt verði styrkt í sessi sem menningarsetur og þar verði fræðsla til ferðamanna eflid.*

Helstu stofnanir í dreifbýlinu eru skólar, kirkjur og kirkjugarðar. Ekki er gerð sérstök grein fyrir kirkjugörðum í aðalskipulaginu en þeir hafðir með sem hluti stofnana-svæðis viðkomandi kirkju. Í þéttbýlinu eru skrifstofur sveitarfélagsins, menntastofnanir og heilbrigðisstofnanir. Gert er ráð fyrir að uppbygging opinberrar þjónustu fari að mestu fram innan þéttbýlisstaða, þ.e. í Reykholti, og á Laugarvatni.

Miðað við aldursamsetningu íbúa í Bláskógabyggð og á landinu öllu þá fjölgar í hópi aldraðra meðan það er heldur fækkun í yngstu árgöngunum (kafla 3.1 í Forsenduhefti). Því þarf að gera ráð fyrir að þjónusta við eldri borgara verði meiri eftir því sem líður á skipulagstímamann.

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnunum er háð samþykktu deiliskipulagi.

Stofnanasvæði skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.1, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.



Mynd 7. Skálholtskirkja.

Svæði fyrir samfélagsþjónustu í dreifbýlinu eru eftirfarandi:

Samfélagsþjónusta			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
S1	Pingvallakirkja	Pingvallakirkja og Pingvallabærinn. Fyrir austan Pingvalla-kirkju er þjóðargrafreiturinn. Kirkjan er friðuð.	Pingvellir
S2	Miðdalskirkja	Kirkja og kirkjugarður. Kirkjan er friðuð.	Miðdalur
S3	Torfastaðakirkja	Kirkja og kirkjugarður. Kirkjan er friðuð.	Torfastaðir
S4	Skálholtskirkja	Kirkja, skólahúsnæði, prestsetur og íbúðarhúsnæði fyrir starfsfólk Skálholtsstaðar. Kirkjugarður. Kirkjan, Skálholtsskóli og nánasta umhverfi er friðað.	Skálholt
S5	Bræðratungukirkja	Kirkja og kirkjugarður. Kirkjan er friðuð.	Bræðratunga
S6	Úthlíðarkirkja	Kirkja og kirkjugarður.	Úthlíð
S7	Haukadalskirkja	Kirkja og kirkjugarður.	Haukadalur

2.4.6 Íþróttasvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir íþróttaaðstöðu skilgreint sem *”svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar”*.

Markmið:

- Leitast verði við að byggja upp fjölbreytta íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu.

Leiðir:

- *Stuðlað verði að viðhaldi og góðri nýtingu á núverandi íþróttamannvirkjum.*
- *Íþróttamannvirkjum verði fjölgað ef þörf krefur.*

Tveir golfvöllir eru í Bláskógabyggð, báðir í tengslum við frístundasvæði. Þá er golfvöllur í Miðdal sem er flokkaður sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Reiðvöllur og aðstaða fyrir hestamenn er á Drumboddstöðum. Auk þess eru reiðvelli til einkanota víða í sveitarfélaginu og teljast þeir til landbúnaðar-svæða. Þá getur sveitarstjórn heimilað ýmis konar íþróttaviðburði á gamla Gjábakkaveginum, t.d. akstursíþróttir. Eftirtalin íþróttasvæði eru í Bláskógabyggð:

Íþróttasvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
ÍP1	Laugarvatnsvellir	Austasti hluti námu á Laugarvatnsvöllum verði nýtt sem æfingasvæði fyrir mótorkrossara þegar efnistöku þar lýkur. Stærð er allt að 5 ha.	Afréttur
ÍP2	Úthlíð	Golfvöllur og svæði fyrir frístundahús, einnig þjónustuhús fyrir golfvöllinn og þjónusta við ferðamenn almennt. Stærð er um 60 ha.	Úthlíð
ÍP3	Drumboddstaðir	Aðstaða er fyrir hestamenn í landi Drumboddstaða við Hrísholt, s.s. reiðvöllur og þjónustuhús. Stærð er um 5 ha.	Drumboddstaðir
ÍP4	Haukadalsvöllur	Golfvöllur og þjónusta við þá sem stunda golf. Heimilt er að vera með þjónustu tengda golfvöllinum s.s. veitingasölu og gistingu í lágrestum húsum. Stærð er um 30 ha.	Geysir
ÍP5	Austureyjarnes	Golfvöllur og þjónusta við þá sem stunda golf. Stærð er um 10 ha.	Austurey

2.4.7 Iðnaðarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er iðnaðarsvæði skilgreint sem „svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni“.

Markmið:

- **Að sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. framleiðsluiðnað og matvælaiðnað.**
- **Stefnt er að byggingu minni virkjana þar sem aðstæður leyfa.**
- **Mannvirki vegna orkuvinnslu falli eins vel að landslagi og annarri landnotkun og mögulegt er.**
- **Unnið verði að umbótum í sorphirðumálum, m.a. með meiri flokkun sorps, endurvinnslu og endurnýtingu. Samvinna verði áfram við nágrannasveitarfélög í sorpmálum.**
- **Umfang og staðsetning starfsemi sem getur haft mengun í för með sér verður vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru.**

Leiðir:

- *Sveitarfélagið finni hagkvæmustu lausn á sorpmálum á hverjum tíma.*
- *Íbúum verði gert auðveldara fyrir með flokkun sorps og lögð verði áhersla á jarðgerð lífræns úrgangs á svæðinu og fræðslu til íbúa um hvernig hægt sé að lágmarka myndun úrgangs.*
- *Unnin verður stefnumótun varðandi minni virkjanir, vindrafstöðvar og vatnsaflsvirkjanir í samráði við nágrannasveitarfélög.*
- *Unnið verður með hlutaðeigandi stofnunum, s.s. á sviði heilbrigðiseftirlits, þegar fjallað er um mengandi starfsemi, m.a. vegna fráveitu, hljóð- eða lyktarmengunar.*

Bláskógabyggð er aðili að Sorpstöð Suðurlands sem er byggðasamlag flestra sveitarfélaga á Suðurlandi. Unnin hefur verið svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og er stefna um sorpförgun háð útfærslu svæðisáætlunarinnar. Stefnt er að því að flokka og endurvinna sorp eins og kostur er og leitast við að minnka flutningskostnað og magn þess sorps sem þarf að urða, í anda staðardagskrár 21. Íbúar flokka sorp sem er hirt reglulega frá hverju heimili. Gámastöðvar eru á þremur stöðum í sveitarfélaginu og þar er möguleiki á ýtarlegri flokkun sorps.

Gert er ráð fyrir Brúarvirkjun sem er allt að 9,9 MW rennslisvirkjun í Tungufljóti ásamt stöðvarhúsi, aðrennslispípu, inntakslóni, aðkomuvegi, efnistöku- og efnislosunarsvæðum. Líkleg áhrif af Brúarvirkjun voru metin í aðalskipulagsbreytingu fyrir hana. Niðurstaða sveitarstjórnar fyrir byggingu Brúarvirkjunar er að virkjun vatnsafls er vistvæn orkunýting og alþjóðlegir sáttmálar og samningar lúta að því að nýta sem mest endurnýjanlega orkugjafa. Virkjunin hefur talsverð áhrif á gróðurfar á a.m.k. 10 ha svæði en gert er ráð fyrir að votlendi og birki verði endurheimt a.m.k. til jafns við það sem skerðist vegna framkvæmdanna. Almenn er gert ráð fyrir að gripið verði til mótvægisáðgerða til að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum af virkjuninni.

Vatnsaflsvirkjanir allt að 200 kW, minni vindrafstöðvar, spennistöðvar og dælumannvirki upp að ákveðinni stærð, eru heimilaðar á landbúnaðarlandi og óbyggðum svæðum sbr. ákvæði í kafla 2.4.8. Líkleg áhrif vatnsaflsvirkjana allt að 200 kW voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafla 4.2.3) skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er að slíkar virkjanir eru að mörgu leyti hagkvæmur kostur. Þær framleiða umhverfisvæna orku, miðlunarlon þeirra eru lítil, sem lágmarkar það land sem raskast við framkvæmdina og það er lítil flóðahætta vegna stíflurofs. Þá geta þessar virkjanir verið hagkvæmur kostur sem n.k. aukabúgrein á bújörðum þar sem raforkan frá þeim nýtist á búinu og möguleiki er á frekari tekjuöflun með sölu raforku inn á almenna kerfið. Í einhverjum tilfellum gæti fyrirhuguð staðsetning virkjana haft veruleg áhrif á náttúru eða minjar og þarf að skoða það í hverju tilfelli fyrir sig.

Nú þegar hafa verið byggðar 3 litlar vatnsaflsvirkjanir í sveitarfélaginu og fleiri eru ráðgerðar.

Iðnaðarsvæði eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Iðnaðarsvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
11	Heiðarbær	Gámastöð með ýtarlegri flokkun sorps.	Heiðarbær
12	Eyvindartunga	Virkjun og miðlunarlón í Sandá. Núverandi virkjanir í Sandá eru samtals um 1 MW.	Eyvindartunga
13	Eyvindartunga	Virkjun og miðlunarlón í Sandá. Núverandi virkjanir í Sandá eru samtals um 1 MW.	Eyvindartunga
14	Lækjarhvammur	Rennslisvirkjun í Heiðará og Þverá. Stærð virkjunar er allt að 480 kW. Inntakslón er um 0,2 ha. Stærð svæðis er um 2 ha.	Lækjarhvammur
15	Lækjarhvammur	Um 100 kW virkjun í Grafará ásamt litlu inntakslóni. Stærð svæðis er um 2 ha.	Lækjarhvammur
16	Brúarvirkjun	Gert er ráð fyrir Brúarvirkjun í Tungufljóti. Nær svæðið yfir stöðvarhús og umhverfi þess, aðrennslisgöng virkjunar ásamt stíflu inntakslóns. Stærð inntakslóns er allt að 8,6 ha. Stærð virkjunar er 9,9 MW. Ekki verður gefið út framkvæmdaleyfi fyrr en fyrir liggur hvar og hvenær verður ráðist í mótvægisáðgerðir til að endurheimta birkiskóg og votlendi. Áður en framkvæmdaleyfi fyrir virkjunina verður veitt skal liggja fyrir lega rafstrengs og samþykki landeigenda. Stærð svæðis er allt að 17 ha.	Brú
17	Eyvindartunga	Svæði sem ætlað er fyrir hreinlegan smáiðnað s.s. hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla og vélaskemmur. Meðal annars hugsað sem möguleiki til að nýta raforku frá virkjunum í Sandá sem eru skammt frá (12, 13 og 18). Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Eyvindartunga
18	Eyvindartunga	Gert er ráð fyrir allt að 100 kW virkjun í Sandá ásamt stöðvarhúsi, lögnum, litlu inntakslóni og vegum. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Eyvindartunga
119	Bergstaðir	Á svæðinu er borhola fyrir hitaveitu sem þjónar bæjum í nágrenninu. Stærð svæðis er um 1 ha.	Bergstaðir
120	Hrútárvirkjun	Virkjun í Hrútá. Gert er ráð fyrir lítilli virkjun í Hrútá ásamt stöðvarhúsi, lögnum og aðkomuvegi. Stærð og nánari útfærsla virkjunar liggur ekki fyrir. Stærð svæðis er allt að 5 ha.	Brekka

2.4.8 Stakar framkvæmdir

Í grein 4.3.1. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er fjallað um „Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkjanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda“.

Undanfarin ár hefur verið ásókn í að byggja stök mannvirki sem ekki tengjast beint þeirri landnotkun sem skilgreind eru á viðkomandi svæði. Þetta á t.d. við um ýmis konar atvinnustarfsemi sem styrkir þá starfsemi sem fyrir er, s.s. ferðaþjónustu eða landbúnað. Þá er ásókn í fasta búsetu í dreifbýli og byggingu stakra frístundahúsa, aðallega frá einstaklingum sem tengjast viðkomandi svæði á einn eða annan hátt. Einnig á þetta við um fjarskiptamöstur og byggingu lítilla vindrafstöðva.

Stakar framkvæmdir eru heimilar án þess að afmarka sérstaka landnotkun í aðalskipulagi, eins og nánar er lýst hér á eftir. Þetta gildir t.d. fyrir stök íbúðar- og frístundahús, fjarskiptamöstur og litlar virkjanir og vindrafstöðvar. Þá verður heimilt að útbúa áningarstaði, t.d. í tengslum við göngu- og reiðleiðir eða útsýnissvæði.

Á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum er heimilt, að undangengnu deiliskipulagi eða grenndarkynningu að veita leyfi fyrir byggingu stakra mannvirki án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Þá skal einnig sækja um framkvæmdaleyfi þar sem það á við. Framkvæmdaaðili skal leggja fram til sveitarstjórnar afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðri framkvæmd er lýst, til að hægt sé að taka afstöðu til hvort vinna skuli deiliskipulag eða leggja fram gögn til grenndarkynningar. Í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif á landslag, verndarsvæði, náttúru, minjar o.fl. Þá þarf að skoða sýnileika slíkra mannvirkja og meta mögulega hljóð- og lyktarmengun. Þá skal leitast skal við að staðsetja stök mannvirki á óbyggðum svæðum þar sem þau skerða ekki víðerni. Í öllum tilfellum skal afla tilskilinna leyfa, s.s. framkvæmda- eða byggingaleyfis frá sveitarstjórn. Mannvirki skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragði byggðar (kafli 2.1) eftir því sem við á. Framkvæmdir í byggð eru neðan hálendislínu eins og hún er sett fram á skipulagsuppráttum.

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar án þess að afmarka sérstaka landnotkun:

- Stök íbúðarhús á landbúnaðarlandi. Á landspildum 3 ha eða stærri, sem ekki tengjast búrekstri, m.a. til að auka möguleika á áhugabúskap. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er. Þó er heimilt að reisa hús á stærri landspildum/eyðijörðum í góðum tengslum við núverandi samgöngu- og veitukerfi.
- Stök frístundahús á landbúnaðarlandi. Á 0,5-1,0 ha lóðum. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er. Stök hús skulu að jafnaði reist utan verndarsvæða. Nýtingarhlutfall frístundalóða er að jafnaði ekki hærra en 0,03, en við sérstakar aðstæður allt að 0,05. Frístundahús eru ekki heimil á óbyggðum svæðum.
- Fjarskiptamöstur í byggð og á óbyggðum svæðum/hálendi, allt að 20 m há ásamt aðstöðuhúsi allt að 20 m², lögnum og vegum. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar fjarskiptamöstur verða heimiluð. Meðal annars verður tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag.
- Vatnsaflsvirkjanir í byggð, allt að 200 kW ásamt stíflum, miðlunarlónum, lögnum og vegum að virkjuninni, einnig allt að 15 m² aðstöðuhúsi.
- Vindrafstöðvar í byggð þar sem raforkan er ætluð til eigin nota. Vindrafstöðvar geta verið allt að 20 m háar miðað við miðju hverfils. Einnig er gert ráð fyrir lögnum og vegum að þeim ásamt allt að 15 m² aðstöðuhúsi. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar vindrafstöðvar verða heimilaðar. Meðal annars verður tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Vindrafstöðvar verða þó aldrei heimilaðar innan þéttbýlis né á frístundasvæðum.
- Örvirkjanir í byggð og á óbyggðum svæðum/hálendi. Heimilt er að reisa allt að 100 kW örvirkjanir í tengslum við þjónustustarfsemi sem liggur fjarri almennum veituleiðum, s.s. til að sjá farsímasendum fyrir umhverfisvænni raforku.
- Sólarcellur til eigin nota í byggð og á hálendi, stærð allt að 100 m².
- Hitaveita í byggð og á hálendi. Heimilt er að virkja heitt vatn (borholur), allt að 2.500 kW.
- Neysluvatn í byggð og á hálendi. Heimilt er að nýta, m.a. með borun, kalt vatn, þar sem ekki er um eftirlitsskylda starfsemi að ræða, sbr. 12. gr. reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.
- Veitumannvirki í byggð, s.s. spennistöðvar og dælustöðvar fyrir vatns- og hitaveitu. Stærð bygginga getur verið allt að 20 m².
- Veitumannvirki á óbyggðum svæðum/hálendi s.s. spennistöð/tenging fyrir rafmagn/ljósleiðara og dæluhús fyrir vatns- og hitaveitu. Stærð mannvirkja getur verið allt að 3 m².
- Þjónustuhús og kynningaraðstaða í byggð og á hálendinu. Heimilt er að gera áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Heimilt er að vera með áningahólf fyrir hesta á hentugum stöðum í tengslum við reiðleiðir. Undir þetta falla einnig neyðarskýli á hálendi. Gert er ráð fyrir að unnið verði að nánari stefnumörkun fyrir göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir (kafli 2.6) og að þar verði skilgreind nánar þörf fyrir áningarstaði og líkleg staðsetning þeirra.

Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og að jafnaði ekki fara yfir 1,0 ha. Stærri landspildur (t.d. 20 ha og stærri) og eyðingar kunna að verða endurbýggðar án þess að staðbundin atvinna, s.s. landbúnaður sé stundaður á þeim, enda sé landið áfram skilgreint sem landbúnaðarland.

Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi (sbr. kafla 2.1). Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Fyrir umfangsmeiri starfsemi skal skilgreina sérstaka landnotkun í aðalskipulagi.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að koma til móts við óskir þeirra sem vilja setjast að í dreifbýli án þess að stunda hefðbundinn búskap. Því er heimilt að byggja á landspildum sem eru 3 ha eða stærri. Þar er möguleiki á skógrækt eða búfjárhaldi í smáum stíl. Lögð er áhersla á að slík byggð sé í góðum tengslum við núverandi samgöngur og veitur til að skerða sem minnst land og til að lágmarka kostnað.

Heimilaðar eru ýmsar minni framkvæmdir til að styrkja byggð, núverandi rekstur eða vegna öryggismála og vill sveitarstjórn veita ákveðið svigrúm til þess, án þess að afmarka sérstaklega viðkomandi landnýtingarflokk í aðalskipulagi. Snýr þetta m.a. að fjarskiptum, litlum virkjunum, hitaveitum, vatnsveitum, lögnum og þjónustuhúsum, sem m.a. geta nýst fyrir kynningarstarfsemi, salerni og/eða til eftirlits. Virkjanir og vatnsveitur er m.a. settar upp til að styrkja búrekstur eða annan rekstur s.s. þjónustustarfsemi til að ekki þurfi að nýta eldsneytisknúnar rafstöðvar eða langa lagnaleið. Gott fjarskiptasamband er nauðsynlegt í öryggisskyni en nýtist einnig vel til afþreyingar og í rekstri.

2.4.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru efnistöku- og efnislosunarsvæði skilgreind sem „svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda“.

Markmið:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Stærri efnistökusvæði verði ekki á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi skv. lögum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Leiðir:

- Þau efnistökusvæði sem eru skilgreind í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Á skipulagstímanum skal fylgja því eftir að öll efnistöku og efnislosunarsvæði hafi framkvæmdaleyfi.
- Vanda skal frágang efnistökusvæða og aðlaga þau að nærliggjandi umhverfi.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Þetta á bæði við um malarnám, sandnám, hraunnám og grjótnám. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á flestum þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum. Gert er ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er efnistaka á landi, úr ám og vötnum ásamt breytingu lands með jarðvegi s.s. efnislosun háð framkvæmdaleyfi. Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi skal skv. 7. gr. laganna gera grein fyrir stærð efnistökusvæðis, áætluðu efnismagni, vinnslutíma og frágangi efnistökuáðar að vinnslutíma loknum. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar vegna efnistöku. Efnistaka skal vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sjá nánar í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, viðauka 1, kafla 2 er kveðið á um matsskyldu framkvæmda, m.a. námuiðnað.

Ávallt skal meta umhverfisáhrif eftirfarandi framkvæmda:

- Svæði þar sem efnistaka eða efnislosun raskar 50.000 m² eða stærra svæði eða er 150.000 m³ eða meiri.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu:

- Efnistaka/ efnislosun á verndarsvæðum.
- Þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra, eða er 50.000 m³ eða meiri.
- Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuáður sömu framkvæmdar ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra.

Eftirfarandi efnistöku/efnislosun skal tilkynna til sveitarstjórnar sem tekur ákvörðun um matsskyldu:

- Öll önnur efnistaka, þ.e. efnistaka/efnislosun undir 50.000m³ eða er undir 25.000 m² svæði.

Eftirfarandi reglur gilda um efnistöku:

- Þegar efnistökusvæði er valið þarf að líta á jarðefni sem auðlind og nýta efni til þess sem það er best til fallið.
- Að efnistakan sé ekki á landi sem hefur hátt verndargildi. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, einnig skal leitast við að haga mannvirkjum og framkvæmdum við ár og stöðuvötn þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins skv. 62. gr. laganna.
- Einnig skal taka tillit til þekktra fornminja. Efnistaka fari ekki nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að heildarsvipmót hennar raskist.
- Að efnistökusvæði sé lítt sýnilegt frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef efnistökusvæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að vegalengd frá efnistökusvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Áætlanir um efnistöku skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða og friðlýstra fornminja.
- Við efnistöku úr árfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána og valda ekki landbroti. Öll efnistaka nærri ám og vötnum skal unnin í samráði við veiðifélög. Efnistaka allt að 100 metrum frá bakka er háð leyfi Fiskistofu skv. 33 gr. laga um lax og silungsveiði nr. 61/2006.
- Gerð er krafa um góða umgengni, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.
- Landeigendum er heimil efnistaka til eigin nota á sínum jörðum.
- Með umsókn um framkvæmdaleyfi skal leggja fram verkáætlun og tímasetta nýtingaráætlun ásamt afstöðumynd og áætlun um frágang að vinnslu lokinni.
- Við frágang efnistökusvæða verði leitast við að raskað svæði verði sem líkast aðliggjandi landi varðandi landslag og gróðurfar.

Umferð um Kjalveg yfir sumartímann hefur fjórfaldast frá árinu 2005. Sumarið 2015 fóru að meðaltali 409 bílar um Kjalveg á hverjum degi.- Sveitarstjórn vill halda áfram uppbyggingu og endurbótum á veginum. Með Kjalvegi er gert ráð fyrir 29 nýjum efnistökusvæðum. Vissulega eru þetta margar námur en þá er hægt að nýta það efni sem best er fallið til vegagerðar og taka efni þar sem efnistaka hefur minnst umhverfisáhrif. Óvíst er hvort öll svæðin verði nýtt til efnistöku auk þess sem hluti efnistökusvæða eru

skeringar og þannig fæst efni sem nýta má í veginn. Námurnar eru í eða við núverandi vegstæði til að lágmarka umhverfisáhrif. Námur verða einungis opnar á framkvæmdatíma og gengið frá þeim um leið og efnistöku lýkur. Reynslan sýnir að slíkar námur meðfram suðurhluta Kjalvegjar eru lítt eða ekki sýnilegar að framkvæmdum loknum. Efnistökusvæðin hafa verið skoðuð lauslega á vettvangi. Ekki hefur verið metið hversu heppilegt efni til vegagerðar er á hverjum stað og ekki er gert ráð fyrir að öll efnistökusvæðin verði nýtt. Mat á efnisþörf fer fram í tengslum við hönnun vegarins og þá verður ákveðið hvaða svæði verða nýtt til efnistöku. Í umsögn Umhverfisstofnunar um aðalskipulagstillöguna kemur m.a. fram „...að mati stofnunarinnar minnkar hætta á samlegðaráhrifum og neikvæðum sjónrænum áhrifum af efnistöku úr mögum litlum efnistökusvæðum ef staðið er við þau skilyrði sem fram koma í greinargerð“.

Líkleg áhrif af nýjum efnistökusvæðum voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafla 4.2.2) skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er að með því að gera ráð fyrir mörgum efnistökusvæðum með Kjalvegi er hægt að nýta þau svæði sem eru næst framkvæmdasvæði hverju sinni og lágmarka þannig þá vegalengd sem aka þarf með efni. Einnig er hægt að velja að nýta þau efnistökusvæði sem hafa minnst áhrif á umhverfið. Þá má ætla að minna efni verði tekið af hverju svæði. Við frágang efnistökusvæða er gert ráð fyrir að þau falli sem best að landinu umhverfis og ættu þá ummerki um efnistöku að verða lítt sýnileg. Neikvæð umhverfisáhrif eru helst þau að ásýnd svæðis breytist og einhver hætta er á jarðvegsfoki, einkum á framkvæmdatíma. Því leggur sveitarstjórn áherslu á að efnistaka á hálendinu verði að jafnaði úr litlum námum, sem næst vegsvæði og að gengið verði frá hverju efnistökusvæði fyrir sig strax að efnistöku lokinni.

Eftirfarandi staðir í sveitarfélaginu eru skilgreindir sem efnistökusvæði:

Efnistökusvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
E1	Stíflisdalur II	Malarnáma, stærð allt að 3 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Stíflisdalur II
E2	Vilborgarkelda	Malarnáma, stærð allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Heiðarbær
E3	Skálabrekka	Grjótnáma, stærð allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Skálabrekka
E5	Svartagil	Malarnáma, stærð allt að 3 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Afréttur
E8	Ormavellir	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Afréttur
E9	Orustumói	Malarnáma, stærð allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Afréttur
E10	Norðan Skjaldbreiðar	Hraunnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Afréttur
E11	Norðan Skjaldbreiðar	Hraunnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Afréttur
E12	Norðan Skjaldbreiðar	Hraunnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Afréttur
E14	Laugarvatnsvellir	Malarnáma, stærð allt að 11 ha. Áætluð efnistaka er allt að 240.000 m ³ .	Afréttur
E15	Laugarvatnsvellir	Malarnáma, stærð allt að 3 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ . Þegar efnistöku lýkur verður austasti hluti námunnar nýttur sem æfingasvæði fyrir mótorkrossara. Við frágang námunnar skal hugað að því að hún nýtist sem slík.	Afréttur
E16	Laugarvatnsvellir	Malarnáma, stærð allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Afréttur

E17	Vestan Rauðamýri	Malarnáma. Áætlað vinnslumagn um 50.000 m ³ á um 5 ha svæði. Vegslóði að námunni er einungis ætlaður vegna efnistöku.	Afréttur
E18	Lyngdalsheiði	Grjótnáma. Stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	
E19	Langahlíð	Malarnáma. Stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Eyvindartunga
E20	Austurey	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Austurey
E21	Útey	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Útey
E22	Lækjarhvammur	Malarnáma, stærð allt að 3 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Lækjarhvammur
E23	Lækjarhvammur	Malarnáma, stærð allt að 3 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Lækjarhvammur
E25	Útey	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Útey
E26	Útey	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Útey
E27	Útey	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Útey
E28	Austurey	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Austurey
E29	Austurey I	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Austurey I
E30	Austurey II	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Austurey II
E31	Skillandsá	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Ketilvellir
E32	Ketilvellir	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Ketilvellir
E33	Miðdalskot	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Miðdalskot
E34	Miðdalskot	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Miðdalskot
E35	Miðdalskot	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Miðdalskot
E36	Böðmódsstaðir	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Böðmódsstaðir
E37	Böðmódsstaðir	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Böðmódsstaðir
E38	Böðmódsstaðir	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Böðmódsstaðir
E39	Norðurtún	Malaráma, stærð er allt að 4,9 ha. Áætluð efnistaka er allt að 149.900 m ³ . Í aðalskipulagsbreytingu fyrir námuna eru eftirfarandi ákvæði. "Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að ganga á viðunandi hátt frá röskuðu svæði næst sumarhúsa hverfinu. Gerðar verða ráðstafanir til að lágmarka hljóðmengun með skynsamlegum akstri og með því að staðsetja vélar bak við manir. Bleytt verður í efnishaugum á þurrkadögum til að koma í veg fyrir fok. Tæki og tól sem olía getur lekið frá verða skoðuð daglega. Þá þurfa uppsogsbleyjur að vera til	Syðri-Reykir

		staðar til að þurrka upp olíu og önnur efni sem kunna að berast í jarðveg og vatn. Geymslu á olíu og öðrum efnum á svæðinu skal haldið í lágmarki og fyllstu varúðar gætt við áfyllingu olíu. Mold verður haugsett og síðan jafnað yfir svæðið jafnóðum og efnistöku lýkur og síðan sáð í svæðið. Svæðið er í 100 m fjarlægð frá fristundalóðum”.	
E40	Byrgistangi	Malarnáma, stærð er allt að 2,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Efri-Reykir
E41	Efsti-Dalur	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Efsti-Dalur
E42	Efsti-Dalur	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Efsti-Dalur
E43	Efsti-Dalur	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Efsti-Dalur
E44	Efsti-Dalur	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Efsti-Dalur
E45	Efri-Reykir	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Efri-Reykir
E46	Bæjargil	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Efsti-Dalur
E47	Efsti-Dalur	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Efsti-Dalur
E48	Stekkatún	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Stekkatún
E49	Efsti-Dalur	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Efsti-Dalur
E50	Tjarnarnáma	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Tjörn
E51	Efri-Brekka	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Efri-Brekka
E52	Höfðaflatar	Malarnáma. Heimilt er að vinna allt að 30.000 m ³ af efni. Stærð er allt að 2,4 ha.	Úthlíð
E53	Stekkholt	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Stekkholt
E54	Andalækur	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Dalsmynni
E55	Dalsmynni	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Dalsmynni
E56	Múli	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Múli
E57	Iða	Storkubergsnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Iða
E58	Iða	Sandnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 49.000 m ³ .	Iða
E59	Miklaholt	Malarnáma, stærð er allt að 4,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 140.000 m ³ .	Miklaholt
E60	Hrosshóll	Malaráma, stærð er allt að 4,9 ha. Áætluð efnistaka er allt að 140.000 m ³ .	Syðri-Reykir
E61	Ljótunnarstaðaheiði	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Torfastaðir
E62	Vegatunga	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Vegatunga

E63	Vegatunga	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Vegatunga
E64	Litla-Fljót	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Litla-Fljót
E65	Bræðratunga	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Bræðratunga
E66	Galtalækur	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Galtalækur
E67	Bergsstaðir	Sandnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Bergsstaðir
E68	Heiði	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Heiði
E69	Koðnahólmi	Sand- og malarnáma, stærð er allt að 3 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Drumboddsstaðir
E70	Drumboddsstaðir	Malarnáma stærð er um 5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Drumboddsstaðir
E71	Gýgjarhólskot	Setnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Gýgjarhólskot
E72	Gýgjarhólskot	Grjót- og sandnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Gýgjarhólskot 3
E73	Gýgjarhólskot	Sand- og malarnáma, stærð er allt að 3 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Gýgjarhólskot 3
E74	Stakksá	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Múli, Neðri-Dalur
E75	Stakksá	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Múli, Neðri-Dalur
E76	Neðri-Dalur	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Neðri-Dalur
E77	Haukadalur	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Haukadalur
E78	Haukadalur	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Haukadalur
E79	Brú	Malaráma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Brú
E80	Brú	Malarnáma, stærð er allt að 9,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 130.000 m ³ . Náman hefur verið nýtt um árabil. Gengið hefur verið jafnóðum frá þeim svæðum þar sem efnistöku er lokið. Náman er í slakka og er unnið um 3-5 m hátt stál, en vinnlusvæðið sést ekki frá Biskupstungnabraut. Gert er ráð fyrir að svarðlagi verði ýtt ofan af jafnóðum og jafnað aftur yfir svæðið að framkvæmdum loknum. Náman verður opin áfram að loknum framkvæmdum við Brúarvirkjun.	Brú
E81	Brú	Kjarnnáma og efnislosunarsvæði í tengslum við gerð Brúarvirkjunar. Gert er ráð fyrir allt að 15.000 m ³ efnistöku og að allt að 60.000 m ³ verði haugsett. Stærð svæðis er um 4,3 ha. Ef þurfa þykir verður ýtt upp jarðvegsmön á suðurjaðri svæðisins þannig að lítið sjáist til þess frá Biskupstungnabraut meðan á vinnslu stendur. Að framkvæmdum loknum verður svæðinu lokað og það formað með svipuðum hætti og næsta umhverfi og sáð í það. Sett verða nánari ákvæði um frágang í framkvæmdaleyfi.	Brú

E82	Brú	Grjótnáma og efnislosunarsvæði í tengslum við gerð Brúarvirkjunar. Gert er ráð fyrir að efnistaka verði allt að 35.000 m ³ og haugsetning allt að 55.000 m ³ . Stærð svæðis er um 0,8 ha. Haugsetning á svæðinu er liður í að stöðva rennsli Tungufljóts niður lænuna austan við Brúarhólma, ofan fyrirhugaðs stöðvarhúss. Gengið verður frá svæðinu í samræmi við ákvæði sem sett verða í framkvæmdaleyfi.	Brú
E83	Brú	Grjótnáma og efnislosunarsvæði í tengslum við gerð Brúarvirkjunar. Svæðið er að hluta til undir stíflumannvirkjum. Gert er ráð fyrir allt að 35.000 m ³ efnistöku og allt að 35.000 m ³ verði haugsettir. Stærð svæðis er um 1,1 ha en efnislosunarsvæðið hverfur undir inntakslónið. Gengið verður frá efnistöku-svæðinu í samræmi við það fyrirkomulag sem verður á hönnun skurðarins.	Brú
E84	Brattholt	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Brattholt
E85	Lambahlíðar	Hraunnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Afréttur
E86	Læmi	Hraunnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Afréttur
E87	Pórólfsfell	Hraunnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Afréttur
E88	Pórólfsfell	Hraunnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Afréttur
E89	Tunguheiði	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E90	Hólanáma	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E91	Tunguheiði	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E92	Djúphólar	Setnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E93	Héðinsbrekkur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E94	Grjótártunga	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E95	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E96	Grjótártunga	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E97	Grjótá	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E98	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E99	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E100	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E101	Bláfellsháls	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E102	Bláfellsháls	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur

E103	Skálpá	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E104	Hvítá	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E105	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E106	Svartártorfur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E107	Jökulfall	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E108	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E109	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E110	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E111	Svartá	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E112	Fremri-Skúti	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E113	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E114	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E115	Skútaver	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E116	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E117	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E118	Jökulfall N Innri-Skúta	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E119	Svartá	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E120	Fossrófulækur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E121	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E122	Fossrófur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E123	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E124	Eystri-Svartárbotnar	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E125	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E126	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E127	Kjalvegur	Malarnáma, stærð er allt að 0,5 ha. Áætluð efnistaka er allt að 20.000 m ³ .	Afréttur
E128	Úthlíð	Malarnáma, stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Úthlíð

2.5 ÓBYGGÐ SVÆÐI EÐA SVÆÐI MEÐ TAKMÖRKUNUM

Fjallað er um óbyggð svæði (kafla 2.5.1), opin svæði (kafla 2.5.2), kirkjugarða og grafreiti (kafla 2.5.3) og varúðarsvæði (kafla 2.5.4).

2.5.1 Óbyggð svæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru óbyggð svæði skilgreind sem „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“.

Markmið:

- Áfram verði stunduð ábyrg beitarstjórnun á afréttum.
- Landeigendum verði áfram tryggður nytja- og beitarréttur á afréttum.
- Farsímasendum verði fjölgað til að bæta öryggi ferðamanna á hálendinu.

Leiðir:

- Heimil er bygging örvirkjana til að sjá farsímasendum fyrir umhverfissvænni raforku.
- Heimilaður er upprekstur á afrétti og aðrar þær nýtjar sem landeigendur hafa haft af afréttum.

Landnotkunin óbyggð svæði er ríkjandi landnotkun á afréttum Bláskógabyggðar og fer víðast saman með mismunandi verndarsvæðum, s.s. náttúruvernd eða hverfisvernd. Beitarnot eru almennt heimil á óbyggðum svæðum, en beitarnýting eru þau landnot sem eiga sér lengsta hefð á hálendinu. Í samvinnu við Landgræðsluna og Landgræðslufélag Biskupstungna er unnið að uppgræðslu á viðkvæmustu svæðum afréttanna og er hluti þeirra afgirt landgræðslusvæði (kafla 2.4.2).



Mynd 8. Á Kili. Hrútfell og Langjökull fyrir miðri mynd.

Stór hluti þjóðgarðsins á Þingvöllum er skilgreindur sem óbyggð svæði (nánar er fjallað um hann í kafla 2.8.1).

Heimilt er að reisa stök mannvirki á óbyggðum svæðum sbr. ákvæði í kafla 2.4.8. Einnig er heimilt að reisa örvirkjanir til að sjá t.d. farsímasendum fyrir umhverfissvænni raforku.

2.5.2 Opin svæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru opin svæði skilgreind sem „svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar“.

Markmið:

- Lögð er áhersla á að efla möguleika á sviði útivistar.

Leiðir:

- Auðveldað verði aðgengi að opnum svæðum með góðu skipulagi, leiðbeiningum og aðgengilegum gönguleiðum.

Þrjú svæði utan þéttbýlis eru skilgreind sem opin svæði. Eitt er í tengslum við frístundabyggð á Þingvöllum og annað er Vínaskógur. Þá er hluti þjóðgarðsins á Þingvöllum skilgreindur sem opið svæði með áherslu á útivist. Svæðin eru talin upp í eftirfarandi töflu:



Mynd 9. Hluti Þingvallapjóðgarðs er skilgreindur sem opið svæði.

Opin svæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
OP1	Vinaskógur	Vinaskógur var stofnaður árið 1990. Honum er ætlað að minna á mikilvægi vináttu og friðar meðal manna. Skógræktarfélag Íslands hefur yfirumsjón með gróðursetningu og umhirðu skógarins. Svæðið er um 25 ha að stærð.	Þingvellir
OP2	Þingvellir	Útivistarsvæði á Þingvöllum og nágrenni. Lögð er áhersla á útivist á merktum göngustígum og reiðstígum og góðar merkingar leiða almennt.	Þingvellir

2.5.3 Kirkjugarðar og grafreitir

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru kirkjugarðar og grafreitir skilgreind sem „svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti“.

Kirkjugarðar eru almennt flokkaðir með kirkjum undir landnotkunarflokknum samfélagsþjónusta, enda eru kirkjugarðar í sveitarfélaginu við kirkjurnar. Laugarvatnskirkjugarður er eini kirkjugarðurinn í sveitarfélaginu sem ekki stendur við kirkju (kafli 3.6.10).

2.5.4 Varúðarsvæði

Í grein 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru varúðarsvæði skilgreind sem „svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun“.

Í Rammaáætlun, öðrum áfanga, er fjallað um 6 virkjanakosti í Bláskógabyggð. Þrír eru í biðflokki og þrír í verndarflokki skv. flokkun virkjanakosta í þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Svæði í biðflokki eru Búðartunguvirkjun og Haukholtsvirkjun í Hvítá og Hagavatnsvirkjun í Farinu. Verkefnisstjórn um Rammaáætlun hefur skilað af sér niðurstöðum þriðja áfanga. Flokkun virkjanakosta þar er óbreytt. Virkjanakostirnir eru taldir upp í töflu hér að neðan og sýndir sem hringtákn á skipulagsuppráttum þar sem afmörkun þeirra liggur ekki fyrir. Sveitarstjórn er hlynnt Hagavatnsvirkjun en ekki hefur verið tekin afstaða til annarra virkjanakosta þar sem útfærsla framkvæmda liggur ekki fyrir.

Svæði í biðflokki í þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða			
Nr.	Heiti	Lýsing	
VA1	Búðartunguvirkjun	Hvítá verður stífluð við Búðartungu. Um 1.150 m langir stíflugarðar og um 7 km ² lón myndu verða við virkjun. Stöðvarhús og aðrenslisskurðir/göng yrðu á Tunguheiði. Gert er ráð fyrir að Hvítárvatn verði að hluta til nýtt sem vatnsmiðlun.	
VA2	Haukholtsvirkjun	Inntaksstífla í Hvítárgljúfri við bæinn Haukholt. Gert er ráð fyrir að skoða þurfi aðrar hugmyndir að staðsetningu og útfærslu á minni virkjun.	
VA3	Hagavatnsvirkjun	Útfall Hagavatns verður stíflað og vatnsborð þess hækkað. Vatnið væri þá u.þ.b. í þeirri stærð sem það var áður en hjólp úr því árið 1939. Stærð virkjunar er áætluð um 20 MW.	

2.6 SAMGÖNGUR

Til samgangna teljast öll helstu samgöngumannvirki s.s. vegir, brýr, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir, flugvöllir og flugbrautir. Samkvæmt 6. gr. vegalaga nr. 80/2007 skiptist vegakerfi landsins í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins⁸.

Samkvæmt 10. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá teljast almennir stígar vera reiðstígar, göngu- og hjólréiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga⁹.

⁸ (Alþingi Íslands, 2007).

⁹ (Alþingi Íslands, 2007).

Markmið:

- Leita hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar innan héraðs og við nágrannasveitarfélög, m.a. vegna skólaaksturs, atvinnusóknar og ferðaþjónustu.
- Stuðla að endurbótum meginvega í byggð og að þeir verði byggðir upp með bundnu slitlagi.
- Nýjar vegtengingar við þjóðvegi verði lágmarkaðar og leitast við að samnýta sem mest núverandi tengingar.
- Bættar samgöngur verði við nágrannabyggðarlög til að stækka atvinnusvæði og til að efla möguleika á sviði ferðaþjónustu.
- Haldið verði áfram endurbótum á helstu hálendisvegum.
- Stuðlað verði að fjölbreyttum göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum og að þeim sé vel við haldið.
- Við uppbyggingu og endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólumferð.
- Almenningsamgöngur verði eflar.

Leiðir:

- Bundið slitlag verði komið á sem flesta vegi í byggð á skipulagstímabilinu, forgangsverkefni verði endurbætur á vegum sem liggja að fjölförnum stöðum.
- Yfirborð stofnvega á hálendi (Kjalvegur og Kaldadalsvegur) verði vandað og varanlegt þannig að það standist sem best álag og rof af völdum umferðar, vinds og vatns.
- Uxahryggjavegi og Kerlingafjallavegi verði lyft upp úr landinu svo þeir verji sig fyrir vatnságangi. Vegirnir verði ofaníbornir og hættulegustu ár brúaðar.
- Komið verði í veg fyrir utanvegaakstur m.a. með betri merkingum á leiðum.
- Stuðlað verði að betri almenningsamgöngum á Suðurlandi í samstarfi við nágrannasveitarfélög.
- Á fyrri hluta skipulagstímans verður unnið að frekari stefnumörkun fyrir göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir.

Skipting vegakerfisins í aðalskipulaginu er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnvegi, stofnvegi á hálendi, tengivegi, landsvegi og héraðsvegi. Eru þeir, allir nema héraðsvegir, taldir upp í töflum hér aftar í samræmi við vegaskrá¹⁰. Héraðsvegir og slóðar eru sýndir til skýringar á aðalskipulagsupprætti en ekki taldir upp hér.

Skipulagsáætlunin er í samræmi við núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar sem og samgönguáætlun, sem gerð hefur verið til 2022 og þingsályktunartillögu til 2018. Þar er gert ráð fyrir endurgerð Reykjavegar og Uxahryggjavegar og að á þá verði lagt bundið slitlag. Þá verði haldið áfram endurgerð Kjósarskarðsvegar¹¹. Í Samgönguáætlun 2011-2022 er gert ráð fyrir fjórum stofnvegum á hálendi og eru Kjalvegur og Kaldadalsvegur þeirra á meðal¹². Í „Vegvísi í ferðaþjónustu“ kemur fram að bæta þurfi uppbyggingu og viðhald heilsársvega, æskilegt sé að skilgreina ferðamannaleiðir og að góðar og öruggar samgöngur séu forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið¹³.

Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að vegaframkvæmdum á hálendinu verði haldið í lágmarki, möskvar vegakerfisins verði sem stærstir og að hönnun allra vega taki mið af náttúruvernd, sérstaklega m.t.t. landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða. Stofnvegir skulu byggðir upp sem góðir sumarvegir með brúuðum ám og færir fólksbílum. Við endurbyggingu vega verði þess gætt að laga þá eftir föngum að landi.

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli gera í aðalskipulagi skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa

¹⁰ (Vegagerðin, 2014).

¹¹ (Alþingi Íslands, 2015b).

¹² (Alþingi Íslands, 2012c).

¹³ (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið & Samtök ferðaþjónustunnar, 2015).

neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa. Slík flokkun hefur verið unnin fyrir vegi og slóða á hálendinu en ekki fyrir láglandari svæði þar sem um er að ræða umfangsmikla flokkun og hafa þarf samráð við fjölmarga aðila.

Samgöngur um sveitarfélagið og tengingar við nágrannabyggðarlög hafa farið batnandi síðustu ár. Sveitarstjórn vill að helstu vegir á hálendinu séu lítillega byggðir upp, lagðir eftir landinu og lagt á þá bundið slitlag. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að byggja upp og bæta vegi, bæði í byggð og á hálendinu.

Á hálendinu er gert ráð fyrir að Kjalvegi, Kaldadalsvegi, Kerlingafjallavegi, og Uxahryggjavegi verði lyft upp úr landinu þannig að þeir verji sig betur fyrir vatnságangi. Vegirnir verði felldir og hannaðir eftir landslagi, eftir því sem hægt er. Yfirborð veganna verði vandað og varanlegt þannig að þeir standist sem best álag og rof af völdum umferðar, vinds og vatns. Þannig verði vegaframkvæmdir sem varanlegastar og dregið úr viðhaldskostnaði vega, sliti á farartækjum og rykmyndun. Vandað og varanlegt yfirborð vega getur t.d. verið malarvegur með ofaniburði sem hefur góða bindingu og þolir vel álag vegna úrkomu, leysinga, umferðar o.fl. Búið er að byggja Kaldadalsveg upp frá Þingvöllum norður að Uxahryggjavegi og leggja á hann bundið slitlag. Einnig er að stórum hluta búið að byggja Kjalveg upp á kaflanum frá Gullfossi að Árbúðum.

Gert er ráð fyrir að Biskupstungnabraut verði færð suður fyrir Geysissvæðið og álag á svæðið minnkað. Ekki verður gegnumakstur um Geysissvæðið. Í tengslum við færslu vegarins breytist tenging Haukadalsvegar við Biskupstungnabraut.

Tenging Kaldadalsvegar við Þingvallaveg verður færð til vesturs og Kjalvegur færast til vesturs á sunnanverðum Bláfellshálsi, á svæði sem er snjóléttara. Þá er gert ráð fyrir breytingu á tengingu Skálpanesvegar við Kjalveg. Þá er gert ráð fyrir að gamli Gjábakkavegurinn, frá Gjábakka að Barmaskarði verði ferðamannavegur. Þar fari saman bílaumferð, gangandi, ríðandi og hjólandi ferðamenn. „*Ferðamannavegur er vegur sem er felldur og hannaður inn í landslagið. Sjónarmið ferðapjónustu eru höfð að leiðarljósi og ferðamanni er gert kleyft að fara um veg til að njóta landslags og útsýnis. Ferðamannavegur er gamlir þjóðvegir og tengivegir, sem fara um byggðir og sveitir landsins og bygging nýs vegar hefur létt af umferðinni. Vegurinn getur haft menningar og sögulegt gildi, fyrir það hvar og hvernig hann liggur nú um landið*”¹⁴.

Líkleg áhrif af framangreindum endurbótum og breytingum á vegum voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins (kafli 4.2.1) skv. lögum um umhverfismat áætla- ana nr. 105/2006. Niðurstaða þess mats er eftirfarandi:

Hvað varðar endurbætur á hálendisvegum þá hefur það góð áhrif á umhverfið að byggja þá upp. Það dregur úr utanvegaakstri, rykmengun hverfur og vegurinn ver sig betur fyrir vatnságangi í leysingum á vorin. Auk þess fer vegur sem lagður er bundnu slitlagi betur með farþega og ökutæki, styttir ferðatíma og eykur umferðaröryggi allra vegfarenda. Þá má gera ráð fyrir að ferðamannatíminn lengist því vegirnir opnast fyrr á vorin og lokast ekki í fyrstu snjóum á haustin. Uppbyggðir vegir koma vetrarferðamennsku á hálendinu einnig til góða því vegirnir verða snjóléttari. Lenging ferðamannatímans er líkleg til að bæta nýtingu gististaða. Með færslu Kaldadalsvegar skapast meira næði á tjaldsvæðinu á Þingvöllum. Auk þess er vegurinn færður af megin svæðinu.

Helsti kostur þess að færa Biskupstungnabraut suður fyrir Geysi er að þá skapast meira rými á Geysissvæðinu og ferðamenn þurfa ekki lengur að ganga yfir veginn til að komast á hverasvæðið. Betri skilyrði skapast til þess að stýra og/eða takmarka fjölda ferðamanna á Geysissvæðinu. Fyrir liggur að vegna



Mynd 10. Gert er ráð fyrir endurbótum á Kjalvegi o.fl. hálendisvegum.

¹⁴ (VSÓ Ráðgjöf, án ártals).

fjöldi ferðamanna á Gullfoss-Geysissvæðinu þá þarf að breikka brúna yfir Tungufljót eða byggja nýja. Allar leiðirnar liggja um svæði á náttúruminjaskrá, leiðir A og B raska því þó minnst. Leið A liggur nálægt frístundasvæði en er þó undir 2-3 m háu barði sem dregur úr áhrifum hennar á frístundasvæði. Leið B liggur að hluta til um landbúnaðarland og er mitt á milli frístundasvæðis og býlis og hefur því einna minnst áhrif. Leið C liggur að stórum hlut innan svæðis á náttúruminjaskrá, hún fer nálægt býli og skerðir landbúnaðarland mest allra leiðanna. Leið D er einnig að stórum hluta innan svæðis á náttúruminjaskrá. Hún fer norður fyrir Laugafell og er því nokkuð brött á kafla auk þess sem þetta er lengsta leiðin. Þó hún nýti sama brúarstæði á Tungufljóti þá þarf alltaf að breikka brúna eða byggja nýja. Þá má líta á Geysissvæðið og Haukadalskóg sem eitt stórt samfellt útivistarsvæði og myndi þessi veglína skipta því svæði í tvennt.

Færsla Biskupstungnabrautar er kostnaðarsöm framkvæmd og skiptir þá máli hversu langur nýr vegarkafli verður. Leiðir A, B og C eru um 5,8 km. Leið D er um 7, 4 km.

Niðurstaðan er sú að velja leið B fyrir færslu Biskupstungnabrautar suður fyrir Geysissvæðið. Sú leið tekur bæði tillit til frístundabyggðar við Tungufljót og einnig landbúnaðarsvæðis og býlis austan árinna. Færsla Biskupstungnabrautar er matsskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í umhverfismatinu er gert ráð fyrir að aðalvalkostur (leið B) verði metinn í samanburði við aðrar mögulegar veglínur um svæðið, þ.e. leiðir A, C og D, ásamt 0-kosti og eftir atvikum aðrar leiðir. (Leiðirnar eru sýndar á uppdrætti í forsenduhefti aðalskipulagsins).

Á auglýsingatíma aðalskipulagstillögunnar komu fram athugasemdir um að Leið B lægi of nálægt frístundasvæði og að vegtengingar við nýja veglínu væru of margar. Til að koma til móts við athugasemdir var ákveðið að Leið B færi nokkru sunnar yfir Tungufljót og að aðkoma að Geysi úr suðri yrði um núverandi veg. Þá verður felld út tenging austan við frístundasvæðið, upp með Tungufljóti. Þess í stað verður núverandi vegur notaður. Ekki verður gegnumakstur um Geysissvæðið.

Í samræmi við 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þá hefur sveitarfélagið flokkað vegi á hálendinu þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Þessi flokkun er sýnd á skýringaruppdrætti 9 í viðauka. Sambærileg flokkun fyrir byggðina hefur ekki verið unnin, enda mjög flókið og tímafrekt verkefni sem þarf að vinnast í samráði við landeigendur, stofnanir og félagasamtök.

2.6.1 Vegir

Vegakerfi í byggð skiptist í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi. Vegakerfið á hálendinu skiptist í stofnvegi á hálendi, landsvegi og slóða.

STOFNVEGIR Í BYGGÐ

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá teljast stofnvegir vera vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri¹⁵.

Stofnvegir í Bláskógabyggð eru eftirtaldir:

Stofnvegir		
Nr.	Heiti	Lýsing
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	Liggur milli Biskupstungnabrautar við Kjóstaði um Brúarhlöð, Flúðir og á Suðurlandsveg við Skeiðagatnamót. Gert er ráð fyrir að tenging vegarins við Biskupstungnabraut verði færð lítillega til vesturs. Einnig verður vegurinn færður aðeins fjær bænum Gýgjarhólskoti.
31	Skálholtsvegur	Liggur frá sveitarfélagamörkum að Hvítá og áfram að Biskupstungnabraut.
35	Biskupstungnabraut	Liggur milli hringvegjar vestan við Selfoss og Gullfoss. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði færður suður fyrir Geysissvæðið. Hann komi til með að sveigja til austurs á móts við bæinn Árgil og tengist inn á núverandi veg á móts við bæinn Brú. Setja þarf nýja brú á Tungufljót og gera ráð fyrir breyttri vegtengingu í Haukadalsdal.

¹⁵ (Alþingi Íslands, 2007).

36	Pingvallavegur	Liggur milli Biskupstungnabrautar, austan Prastarlundar, á Pingvelli, yfir Mosfellsheiði á hringveg við Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir endurbótum á veginum þar sem hann liggur gegnum Pingvallapjóðgarð.
37	Laugarvatnsvegur	Liggur milli Biskupstungnabrautar við Reykjaveg að Laugarvatni og að Biskupstungnabraut við Svínavatn.
355	Reykjavegur	Tengir saman Biskupstungnabraut og Laugarvatnsveg. Í samgönguáætlun 2011-2022 er gert ráð fyrir að Reykjavegur verði endurgerður og lagður bundnu slitlagi á tímabilinu. Endanleg staðsetning vegtenginga við Reykjaveg liggur ekki fyrir og því gætu einhverjar þeirra tekið breytingum við lokahönnun vegarins.
359	Bræðratunguvegur	Tengir saman Biskupstungnabraut norðan Reykhólts og Skeiða- og Hrunamannaveg við Flúðir.
365	Lyngdalsheiðarvegur	Liggur milli Laugarvatnsvegur við Laugarvatn og Pingvallavegar við Miðfell.

TENGIVEGIR

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá eru tengivegir vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 2 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis¹⁶.

Tengivegir í Bláskógabyggð eru eftirtaldir:

Tengivegir		
Nr.	Heiti	Lýsing
48	Kjósarskarðsvegur	Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram endurgerð vegarins. Liggur milli Pingvallavegar og Hvalfjarðarvegur.
52	Uxahryggjaleið	Liggur milli Kaldadalsvegur og Lundareykjadals í Borgarfirði. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði byggður upp og lagður bundnu slitlagi.
333	Haukadalsvegur	Liggur milli Biskupstungnabrautar og Haukadals. Gert er ráð fyrir að suðurhluti vegarins verði færður nokkru austar.
334	Gullfossvegur	Liggur frá Kjalvegi að bílastæði við Gullfoss.
	Geysisvegur	Við færslu Biskupstungnabrautar suður fyrir Geysissvæðið er gert ráð fyrir að núverandi vegur verði nýttur sem aðkomuvegur að svæðinu.
336	Skálpanesvegur	Liggur milli Kjalvegur og skála við Langjökul. Gert er ráð fyrir tilfærslu á veginum þar sem hann tengist Kjalvegi á Bláfellshálsi, verður færður á snjóléttara svæði.
337	Hlöðuvallavegur	Liggur frá Laugarvatnsvegi að Miðdalskirkjuvegi.
356	Tjarnarvegur	Liggur milli Biskupstungnabrautar og Reykjavegar.
358	Einhóltsvegur	Liggur milli Bræðratunguvegar og Skeiða- og Hrunamannavegar.
360	Grafningsvegur efri	Liggur milli Pingvallavegar við Sogið, sunnan við Pingvallavatn og á Pingvallaveg vestan við vatnið.
361	Vallavegur	Liggur frá Pingvallavegi við Hallstíg að Pingvallavegi við þjónustumiðstöð.
362	Efrivallavegur	Liggur frá Vallavegi að vegamótum að Pingvallabæ.
363	Valhallarvegur	Liggur frá Vallavegi að Valhöll.
367	Laugarvatnshellavegur	Liggur frá Lyngdalsheiðarvegi að Laugarvatnshellum.
3834	Haksvegur	Liggur af Pingvallavegi að þjónustubyggingum á Hakinu.

¹⁶ (Alþingi Íslands, 2007).

HÉRAÐSVEGIR OG AÐRIR VEGIR

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 með síðari breytingum nr. 14/2015 þá eru *héraðsvegir* „vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar“.¹⁷

Héraðsvegir og aðrir vegir eru sýndir á skipulagsuppráttum en ekki taldir upp hér.

STOFNVEGIR Á HÁLENDI

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá eru *stofnvegir á hálendi* vegir sem eru mikilvægir fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Landsvegir eru aftur á móti vegir yfir fjöll og heiðar. Á landsvegum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og þjónustu en á öðrum þjóðvegum¹⁸.

Stofnvegir á hálendinu eru eftirtaldir:

Stofnvegir á hálendi		
Nr.	Heiti	Lýsing
35	Kjalvegur	Liggur yfir Kjöl milli Gullfoss og Svínvetningabrautar. Haldið verður áfram endurbótum á veginum, hann byggður lítillega upp með vönduðu og varanlegu yfirborði sem stenst sem best álag og rof af völdum umferðar, vinds og vatns. Þá verður vegurinn færður vestar við Grjótá og á Bláfellshálsi, á snjóléttara svæði og þar sem er minni bratti.
550	Kaldadalsvegur	Liggur milli Þingvalla og Reykholtsdals í Borgarfirði. Búið er að leggja slitlag á veginn frá Þingvöllum norður að Uxahryggjavegi. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að byggja upp þann hluta vegarins sem eftir er, á samsvarandi hátt. Vegurinn verður færður vestar á kaflanum frá Skógarhólum að Þingvallavegi og tenging hans við Þingvallaveg verður færð vestur fyrir Hvannagjá.

LANDSVEGIR

Landsvegir á hálendinu eru eftirtaldir:

Landsvegir		
Nr.	Heiti	Lýsing
F333	Haukadalsvegur	Liggur milli Haukadalskirkju og Skjaldbreiðarvegur.
F335	Hagavatnsvegur	Liggur milli Kjalvegur og sæluhúss við Hagavatn.
F337	Hlöðuvallavegur	Liggur milli Miðdalskirkjuvegur og Skjaldbreiðarvegur.
F338	Skjaldbreiðarvegur	Liggur milli Kjalvegur og Kaldadalsvegur.
F347	Kerlingafjallavegur	Liggur milli Kjalvegur og Kerlingafjalla. Gert er ráð fyrir uppbyggingu og endurbótum á veginum.
F735	Þjófadallavegur	Liggur milli Kjalvegur og Þjófadala.

Auk þess er nokkur fjöldi slóða á hálendinu og í byggð sem sýndir eru til skýringar á skipulagsupprætti en ekki taldir upp hér.

2.6.2 Reiðleiðir

Reiðleiðir fylgja gjarnan vegslóðum, smalaleiðum eða gömlum þjóðleiðum. Megin reiðstígar tengja saman byggð og hálendi, en eru jafnframt reiðleiðir innan byggðarinnar. Þessar leiðir eru mikið notaðar og eru mikilvægar fyrir viðgang og vöxt ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Markmið:

- Meginreiðleiðir séu greiðfærar stærstan hluta ársins og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- Umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, sögu- eða náttúruminum.

¹⁷ (Alþingi Íslands, 2007).

¹⁸ (Alþingi Íslands, 2007).

Leiðir:

- *Haldið verði áfram uppbyggingu reiðstígakerfis í samvinnu við hestamannafélög, landeigendur, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.*
- *Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum eins og unnt er til að bæta öryggi hestamanna og bíla-umferðar.*
- *Unnin verði framkvæmdaáætlun fyrir reiðvegagerð sem felur í sér forgangsröðun verkefna.*

Unnið verður að því að aðskilja reiðstíga frá akandi umferð, eftir því sem unnt er. Þar sem reiðstígar liggja um einkalönd, fjarri þjóðvegum, er umferð jafnan háð leyfi landeigenda. Helstu reiðleiðir eru sýndar á skipulagsuppráttum.

2.6.3 Gönguleiðir

Góðar gönguleiðir eru mikilvæg grunnþjónusta við íbúa og gesti á hverjum stað. Þær bjóða bæði upp á valkost í ferðamáta og gefa kost á útivist, heilbrigðu líferni og samverustundum. Að auki gera þær íbúum og gestum kleift að fræðast um náttúru, menningu og sögu á svæðinu.

Markmið:

- **Lögð er áhersla á almenna útivist og að hún styðji við uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.**
- **Gönguleiðum verði fjölgað, bæði styttri og lengri leiðum.**

Leiðir:

- *Merkta verða fjölbreyttar gönguleiðir sem nýtast íbúum til útivistar og geta jafnframt verið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðapjónustu.*
- *Æskilegt er að hluti gönguleiðanna tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins. Umferð göngufólks valdi ekki spjöllum á landi.*
- *Hægt er að nota skipulagðar gönguferðir til að efla umverfisfræðslu.*

Á hálendinu er skilgreind gönguleið frá Hveravöllum í Hvítárnes. Hugmynd er komin að gönguleið sem liggur frá Geysi um hraunbreiður ofan byggðar og niður í Hvalfjörð. Búið er að gefa út bók um þessa leið á rafrænu formi¹⁹. Leiðin er ekki sýnd á uppráttum. Auk þess hefur Ferðafélag Íslands staðið fyrir fjögurra daga gönguferð frá Jarlhettum að Hagavatni, Hlíðuvöllum, Skjaldbreið og á Laugarvatn. Mikilvægt er að kortleggja og merkja fjölbreyttar gönguleiðir og best ef þær geta tengst ferðapjónustustöðum í byggð og á hálendinu til að efla nýtingu þeirra.

Í byggðinni er búið að stika og setja upp upplýsingaskilti á pílágrimagönguleið sem liggur frá Bæ í Bæjar-sveit að Skálholti. Í Bláskógabyggð liggur þessi leið um Leggjabrjót og Langastíg að Þingvallakirkju, áfram að Hrafnagjá og Biskupaleið um Lyngdalsheiði að bænum Neðra-Apavatni. Þaðan er farið sunnan Apavatns og norðan Mosfells og síðan fylgt vegi að Skálholti²⁰. Þá er unnið að gerð annarrar pílágrimalleiðar sem liggur frá Selvogskirkju á Stokkseyri um Flóa og Skeið, yfir Hvítá hjá lðu og í Skálholt.

2.6.4 Reiðhjóra- og fjallahjólaleiðir

Mikil umferð hjólandi fólks er víða í Bláskógabyggð en þó sérstaklega um Mosfellsheiði, Þingvelli og Lyngdalsheiði. Árlega eru haldnar hjólreiðakeppnir sem kallast Gullhringurinn og Uppsveitahringurinn og hefur þátttakendum í þeim farið fjölgandi ár frá ári.

Markmið:

- **Mikilvægt er að skilgreina og byggja upp reiðhjólaleiðir um sveitarfélagið og að þær styðji við uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.**

Leiðir:

- *Kortlagðar verði hjólreiðaleiðir í sveitarfélaginu í samvinnu við íbúa, landeigendur og almenning.*
- *Æskilegt er að aðskilja reiðhjólaleiðir frá akvegum.*

¹⁹ (Landnáma, án ártals).

²⁰ (pilagimar.is, án ártals).

- *Umferð reiðhjólafólks valdi ekki spjöllum á landi.*

Stefnt er að því að í framtíðinni verði sem flestar reiðhjólaleiðir aðskildar frá akvegum. Til að byrja með er þó gert ráð fyrir að við uppbyggingu og endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólaumferð.

Þá eru margir slóðar á hálendinu og í hálendisjaðrinum tilvaldir til fjallahjólreiða. Í Hjólabókinni, bók 4, fyrir Árnæssýslu eru sýndar nokkrar dagleiðir í hring á hjóli, bæði í byggð og á hálendinu. Þær leiðir fylgja núverandi vegum og slóðum ²¹.



Mynd 11. Hjólreiðamenn á Kili.

2.6.5 Flugvellir

Flugvellir flokkast í fjóra flokka skv. 4 gr. reglugerðar um flugvelli nr. 464/2007; flugvöll I, flugvöll II, þyrluflugvöll og landingarstað. Flugvellir í flokki I þurfa rekstrarleyfi, aðrir flokkar flugvalla eru skráningarskildir ²².

Nokkrar flugbrautir eru í Bláskógabyggð. Fjallað er um flugvelli og kröfur til þeirra í reglugerð um flugvelli nr. 464/2007. Upplýsingar um flugvelli eru fengnar á geirfugl.is²³.

Markmið:

- Tryggt aðgengi verði að fullnægjandi landingarsvæðum út frá öryggissjónarmiðum.
- Stuðlað verði að góðri aðstöðu fyrir flugáhugamenn í sátt við umhverfið.

Leiðir:

- *Huga þarf að viðhaldi flugbrauta og/eða landingarstaða í öryggisskyni.*

Flugvellir og landingarstaðir			
Nr.	Einkennisstafir	Heiti	Lýsing
FV1	BI21	Stíflisdalsvatn	Flugbraut, grasvöllur.
FV2	BI32	Kárastaðir	Flugbraut.
FV3	BIEH	Einholtsmelar	Flugbraut, grasvöllur.
FV4	BIKE	Kerlingarfjöll	Flugbraut við Kerlingafjallaveg fyrir einka- og neyðarflug.

Samkvæmt reglugerð um starfrækslu fjarstýrðra loftfara, nr. 990/2017, segir í 12. gr. að ekki sé heimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari yfir mannfjölda. Innan þéttbýlis er eingöngu heimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari sem vegur að hámarki 3 kg. Þá er óheimilt að fljúga fjarstýrðu loftfari í meiri hæð en 120 m.

²¹ (Ómar Smári Kristinsson, 2015).

²² (Samgönguráðuneytið, 2007).

²³ (geirfugl.is, 2015).

2.7 VEITUR

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru veitur skilgreindar sem „vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við“.

Fjallað er um hin ýmsu veitumannvirki í Bláskógabyggð en Bláskógaveita sér um rekstur heita- og kalda vatnsveitu sveitarfélagsins og Fráveita Bláskógabyggðar um rekstur fráveitukerfis í þéttbýliskjörnunum og losun rotþróa²⁴. Unnið er að því að staðsetja lagnir og skrá þær í sameiginlegan gagnagrunn sveitarfélaga í Uppsveitum Árnassýslu. Almenn er gert ráð fyrir að veitur séu lagðar meðfram vegum og forðast skal að leggja þær innan verndarsvæða. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir stofnlögnum. Gert er ráð fyrir að stofnlagnir séu sýndar á skipulagsuppráttum sem og rafstrengir/háspennulínur 66 kV og stærri.

2.7.1 Vatnsveita

Aðal vatnsból Bláskógabyggðar er í Fljótsbotnum og annað við Laugarvatn. Þá er nokkur fjöldi einkaveita eða vatnsveita sem þjóna nokkrum bæjum. Jarðlög eru víða gljúp sem gerir vatnsöflun erfiðari, þó eru kaldavatsnupsprettur víða og er vatn tekið úr þeim.

Markmið:

- Öll byggð í sveitarfélaginu njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

Leiðir:

- Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból séu afgirt og engar framkvæmdir sem geta ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

Nýir stórnotendur vatns geta ekki gengið að því vísu að fá að tengjast vatnsveitu sveitarfélagsins, eða að sveitarfélagið geti aflað nægjanlegs neysluvatns á annan hátt.

Gerð er grein fyrir vatnsbólum í kafla 2.8.5 þar sem fjallað er um vatnsvernd.

2.7.2 Hitaveita

Hverir með yfir 100° C eru á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu og ein vatnsmikil borhola sem gefur mun meiri hita, borholan í landi Efri- Reykja. Vatn úr þeirri holu er m.a. notað til að hita upp á bæjum við Hlíðar allt austur að Múla og marga sumarbústaði á því svæði og til rafmagnsframleiðslu til að knýja hitaveitudætur.

Þéttbýlið í Reykholti nýtir hita úr Reykholtshver og hefur gert frá upphafi þéttbýlis á staðnum. Í Laugarási njóta öll hús jarðhita og er vatn einkum nýtt úr þremur hverum; Þvottahver, Draugahver og Hildarhver. Í Skálholti er vatn úr Þorlákshver nýtt til upphitunar. Hitaveita er fyrir þéttbýlið á Laugarvatni og nær veitan að Laugardalshólum austan Laugarvatns. Vatninu er veitt úr hver niður við Laugarvatn. Þegar hverinn verður fullnýttur er stefnt að því að bora eftir heitu vatni í landi Menntaskólans.

Markmið:

- Sem stærstur hluti byggðar verði tengdur hitaveitu.

Leiðir:

- Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til að hita upp húsnæði sem víðast í sveitarfélaginu og til atvinnusköpunar almenn.
- Heimilt er að bora eftir heitu vatni (tilraunaholur) á landbúnaðarsvæðum án þess að breyta aðalskipulagi. Slíkar framkvæmdir eru framkvæmdaleyfisskildar.

2.7.3 Rafveita

Tvær 220 kV háspennulínur liggja um sveitarfélagið, frá Sultartangavirkjun að Brennimel í Hvalfirði og ein 220 kV lína frá Geithálsi að Brennimel, gert er ráð fyrir að sú lína verði endurbyggð sem 400 kV lína

²⁴ (Bláskógabyggð, 2015).


til að bæta öryggi í afhendingu raforku á höfuðborgarsvæðinu. Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi flutningskerfi Landsnets og dreifikerfi RARIK.

Markmið:

- Að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðustu verði.
- Sem flestar háspennulínur verði settar í jörð og þar sem háspennulínur eru lagðar ofanjarðar verði leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum á náttúrulegt landslag og hefðbundið búsetu-landslag.

Leiðir:

- Þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli.
- Allar nýlagnir með 33 kV eða lægri spennu verði settar í jörð.



Mynd 12. Helgunarsvæði háspennulína skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001.

Helstu raflínur í sveitarfélaginu eru taldar upp í eftirfarandi töflu:

Háspennulínur	
Heiti	Lýsing
Sultartangalína 1	Liggur frá Sultartangavirkjun að Brennimel í Hvalfirði. 220 kV lína.
Sultartangalína 3	Liggur samsíða Sultartangalínu 1 frá Sultartangavirkjun að Brennimel í Hvalfirði. 220 kV lína.
Brennimelslína 1	Liggur frá Geithálsi að Brennimel í Hvalfirði. Gert er ráð fyrir að línan verði endurbyggð sem 400 kV lína.

Helgunarsvæði háspennulína er misbreitt en almennt gildir að því hærrí spennu, því breiðara helgunarsvæði (Mynd 12). Innan helgunarsvæðis er óheimilt að reisa mannvirki.

Háspennulínur, með flutningsgetu 66 kV eða meira eru matskyldar skv. reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Raflínur 33 kV eða meira, hvort heldur er um jarðstrengi eða loftlínur að ræða eru framkvæmdaleyfis skyldar og eftir atvikum tilkynninga skyldar s.s. á verndarsvæðum. Stofnlínur og strengir 66 kV og stærri eru sýndir á skipulagsuppráttum.

2.7.4 Fjarskipti

Þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun, fyrir árin 2011-2022, gerir ráð fyrir að öryggi fjarskiptakerfa á landsvísu, útbreiðsla og afköst verði tryggð. Þá verði settar fram tillögur að úrbótum sem greiði fyrir endurnýjun og uppbyggingu ljósleiðarastofn- og aðgangsneta um land allt²⁵.

Markmið:

- Haldið verði áfram uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að bættri þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi.
- Tryggt verði fjarskiptasamband á helstu vegum og ferðmannasvæðum í byggð og á hálendinu.

²⁵ (Alþingi Íslands, 2012b).

Leiðir:

- *Unnið verði að því að öll byggð eigi möguleika á háhraðatengingu/ljósleiðara í samræmi við fjarskiptaáætlun ríkisstjórnarinnar.*
- *Sendum fyrir farsíma verði fjölgað eftir því sem þörf krefur.*

Í sveitarfélaginu er áhugi á að íbúar eigi kost á að tengjast ljósleiðara og gert ráð fyrir að það verði skoðað á skipulagstímanum. Einnig er gert ráð fyrir að GSM sambandi verði komið upp fyrir alla stofnvegi og helstu ferðamannasvæði. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi vegna nýrra fjarskiptamastra, sbr. kafla 2.4.8.

2.7.5 Fráveita

Lögð er áhersla á að öll byggð í sveitarfélaginu sé tengd viðurkenndum fráveitum og mun sveitarfélagið standa fyrir hreinsun þeirra. Náttúrufarslegar aðstæður og stærðir lóða ráða mestu um hvernig eðli-legast er að útfæra fráveitur í dreifðum byggðum. Gert er ráð fyrir samveitum þar sem aðstæður leyfa. Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur, annað hvort vegna þess að það hefur ekki umhverfisbættandi áhrif eða það hefur í för með sér óhóflegan kostnað, skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel, sbr. 18. gr. reglugerðar um fráveitur og skolp nr. 798/1999. Á viðkvæmum svæðum, t.d. nálægt vatnsverndarsvæðum eða þar sem grunnvatnsstaða er há, eru almennt gerðar meiri kröfur til hreinsibúnaðar.

Markmið:

- **Að öll byggð verði tengd viðurkenndum rotþróum.**
- **Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.**
- **Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel.**

Leiðir:

- *Fráveituvatni frá einstökum húsum sem ekki verður leitt í fráveitur verði veitt um rotþró og siturleiðslu sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.*

Gerð er nánari grein fyrir hreinsivirkjum og útfærslu þeirra á deiliskipulagsstigi.

2.8 VERNDARSVÆÐI OG MINJAR

Í þessum kafla er fjallað um svæði sem njóta einhvers konar friðunar eða verndar vegna náttúru eða menningarminja. Einnig þá þætti sem lúta að takmörkun á landnotkun s.s. vegna hverfisverndar, vatnsverndar eða minja.

Með verndarsvæðum er átt við svæði sem verndarkvaðir hvíla á, t.d. vegna náttúruverndar. Um náttúruverndarsvæði gilda ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá teljast náttúruverndarsvæði vera; friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda. Svæði og náttúrumyndanir á náttúruminjaskrá. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags²⁶.

Samkvæmt VIII kafla laganna eru flokka friðlýstra svæða eftirtaldir:

- Náttúruvæ
- Óbyggð víðerni
- Þjóðgarðar
- Friðlönd
- Náttúruvætti
- Landslagsverndarsvæði.
- Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

²⁶ (Alþingi Íslands, 2015a).

Samkvæmt 61. gr. laganna þá njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þær eru eftirtaldar:

- Votlendi 20.000 m² eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri og sjávarfitjar og leirur.
- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
- Eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Þá ber, skv. 62. gr. laganna, að leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og nánasta umhverfi.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á skipulagssvæðinu sem ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær kortlagðar, skipulagið er því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á þessum landslagsgerðum.

Markmið:

- **Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna.**
- **Stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða.**
- **Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir, fornar leiðir verði endurvaktar, m.a. til að renna styrkari stoðum undir ferðapjónustu.**
- **Stuðlað verði að góðri umgengni um hálendið, álag verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða og reynt að viðhalda sem stærstum óbyggðum víðernum.**
- **Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er, sérstaklega á hálendinu.**
- **Fornminjar verða merktar eftir því sem kostur er og upplýsingar um þær bættar.**
- **Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða gönguleiðir. Ennfremur verði hugað að verndun ýmissa eldri samgöngumannvirkja, s.s. Kóngsvegur.**
- **Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja, þ.m.t. samgöngumannvirkja og vatnsaflsvirkjana frá upphafi rafmagnsaldar.**
- **Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja er undanfari frekara skipulags.**

Leiðir:

- *Skipulag og merkingar verði bætt til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og til að bæta umgengni um viðkvæm svæði.*
- *Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og menningarminjar á svæðinu m.a. með merkingu þeirra og aukinni fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna.*
- *Helstu minjar/minjasvæði verði felld undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.*
- *Lokið verði við svæðisskráningu fornminja í sveitarfélaginu á skipulagstímanum.*
- *Stuðlað verði að varðveislu birkiskóga- og birkikjarrs.*
- *Kóngsvegurinn verði verndaður og merktur fyrir göngufólk þar sem hann er heillegur.*
- *Unnið verði að lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, t.d. fornum bæjarstæðum, samgöngumannvirkjum og vatnsaflsvirkjunum.*

Í Bláskógabyggð eru 6 friðlýst svæði skv. lögum um náttúruvernd og sérlögum, 14 svæði á náttúruminjaskrá og nokkur hverfisverndar- og vatnsverndarsvæði.

2.8.1 Friðlýst svæði

Samkvæmt gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru friðlýst svæði „svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar“.

Friðlýst svæði falla í nokkra flokka og er verndarstig þeirra mjög misjafnt og umgengnisreglur einnig. Flestar friðlýsingar eru grundvallaðar á náttúruverndarlögum og um sum friðlýst svæði gilda sérstök lög. Forsenda fyrir friðlýsingu er að verndun sé mikilvæg vegna sérstaks landslags eða lífríkis. Almenningsi er leyfður aðgangur að friðlýstum svæðum eftir tilteknum reglum²⁷.

Friðlýst svæði í Bláskógabyggð eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Friðlýst svæði	
Heiti	Lýsing
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður með lögum árið 1930 og er hann um 230 km ² . Í lögnum segir að Þingvellir við Öxará skuli vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga, hið friðlýsta land skuli ævinlega vera eign íslensku þjóðarinnar undir vernd Alþingis og landið megi aldrei selja eða veðsetja (thingvellir.is). Þjóðgarðurinn var friðlýstur skv. lögum nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum og er hann einnig á heimsminjaskrá UNESCO. Um vatnsvernd innan þjóðgarðsins gilda ákvæði laga nr. 85/2005 um Þingvallavatn og vatnasvið þess.
Gullfoss	Fossinn ásamt bökkum, var lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979. Stærð um 160 ha.
Pollengi og Tunguey	Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 457/1994. Stærð um 684 ha. Markmið friðlýsingarinnar var að vernda votlendi og fuglalíf. Svæðið einkennist af flæðiengi að hluta, en stór hluti þess er undir vatni.
Jörundur í Lambahrauni	Hellirinn Jörundur var friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 333/1985. Stærð um 0,1 ha. Vegna verndunar jarðmyndana er óheimilt að fara í hellinn án leyfis. Hellirinn er ekki sýndur á uppdrætti.
Geysir	Eitt þekktasta hverasvæði jarðar. Fjölmargir hverir og laugar eru á svæðinu og eru goshveririnn Geysir og Strokkur þekktastir. Geysissvæðið er fjölsóttur ferðamannastaður í umsjá Umhverfisstofnunar. Svæðið er ekki friðað formlega með lögum en ákvörðun um verndun þess var tekin árið 1953 og sérstakar umgengnisreglur voru settar fyrir svæðið ²⁸ .
Friðland í Þjórsárverum	Þjórsárver voru fyrst friðlýst árið 1981 og svæðið stækkað talsvert árið 2017. Markmiðið er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera, vistkerfi, varpstöðvar, víðerni, landslagsheild og menningarminjar. Stærð svæðisins er 1.563 km ² .

Um þjóðgarðinn á Þingvöllum gilda lög nr. 47/2004 og þar er gert ráð fyrir að Þingvallanefnd setji reglur um uppbyggingu og umgengni innan þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var samþykktur inn á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) 2004, og er þar með á meðal 1800 náttúru- og menningarminjastaða sem hafa gildi fyrir alla heimsbyggðina²⁹. Þingvallanefnd vinnur að endurskoðun á stefnumörkun fyrir þjóðgarðinn.

2.8.2 Önnur náttúruvernd

Náttúruminjaskrá er skrá yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá geta hýst sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Þau geta verið óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun eða að þau eru nauðsynleg til að viðhalda sterkum stofni mikilvægra tegunda. Svæðin geta haft vísindalegt gildi-, félagslegt-, efnahagslegt-, eða menningartengt gildi. Þau geta einnig verið mikilvæg til að viðhalda náttúrulegum þróunarferlum, haft alþjóðlegt náttúruverndargildi eða verið einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi

²⁷ (Alþingi Íslands, 2015a).

²⁸ (Hótel Geysir, 2014).

²⁹ (thingvellir.is, 2014).

landshluta. Almennt gildir að mannvirkjagerð á svæðum á Náttúruminjaskrá er tilkynningarskyld sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðauka 2.

Eftirtalin svæði á skipulagssvæðinu eru á náttúruminjaskrá og flokkuð sem aðrar náttúruminjar, lýsing á þeim er tekin úr Náttúruminjaskrá og vísa númerin til hennar ³⁰:

Svæði á náttúruminjaskrá		
Nr.	Heiti	Lýsing á afmörkun svæða og sérstæði þeirra skv. náttúruminjaskrá
134	Laxárvogur og Laxá í Kjós	Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesseg og Hurðarbaksseg. Í Laxárvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefinu er fjölskrúðugt fuglalíf.
733	Þjófadalir og Jökulkrókur	Þjófadalir, ásamt landi vestur að Langjökli. Að norðan liggja mörkin að Rauðkoll og Þröskuld, jaðar Kjalhrauns að austan og Innra- og Fremra-Sandfell að sunnan. Stórskorið og sérkennilegt landslag í nánd við jökul. Grösug dalverpi í yfir 600 m h.y.s.
734	Hvítárvatn og Hvítárnes	Vatnið ásamt Fróðárdölum og Hvítárnesi, vestan Kjalvegjar hins forna. Norðurmörk liggja um Sólkötlu, Innri-Fróðárdal, um Baldheiði og með austurhlíðum Hrefnubúða að Fúlukvísl. Víðáttumikið gróið votlendi á upptaksvæði Hvítár.
736	Brúarhlöð	Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá og Fossá), ásamt 200 m belti beggja vegna árinna. Tilkomumikið gljúfur með kjarr- og skógivöxnum bökkum.
737	Haukadalur og Almennigur	Svæðið afmarkast af Laug[a]á, Beiná, Almenningsá, Tungufljóti og skógræktargirðingunni í Haukadal. Hverasvæðið við Geysi og Haukadalur eru vinsælt útvistarsvæði. Áhugaverðar jarðmyndanir, m.a. líparít í Laugarfelli og gamalt hverasvæði í Hvítamel. Almennigar er ósnortið mýrasvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi.
738	Pollengi	Votlendi milli Hvítár og Tungufljóts norðan hins friðlýsta svæðis Pollengis og Tungueyjar, allt norður og austur undir Krók, Galtalæk og Ásakot. Galtalækjartjörn, Lambhúskotstjörn og Vatnsstæði. Margbreytilegt votlendi með fjölbreyttu gróðurfari og miklu fuglalífi.
739	Brúará og Brúarárskörð	Brúará frá upptökum í Brúarárskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinna. Lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Tilkomumikið landslag í Brúarárskörðum.
740	Skjaldbreiður og nágrenni	Að sunnan frá 532 m hæðarpunkti í Lágafelli eftir beinni línu dreginni í 1.005 m hæðarpunkt á Skriðu. Þaðan í 671 m hæðarpunkt á Skaga og í Hlöðufell, þá í 670 m hæðarpunkt suður af Langafelli, í Litla-Björnsfell, þá í sýslumörk og suður eftir hreppamörkum Þingvalla- og Laugardalshrepps. Skjaldbreiður er eldfjall, og er fagurformuð hraundyngja, 1.060 m h.y.s.
741	Laugarvatn	Vatnið ásamt mýrlendi við Djúpárós og fenjasvæði norðaustanvert við það. Stöðuvatn og votlendið umhverfis, sem að einhverju leyti er undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður, fundarstaður sjaldgæfra jurta.
742	Tintron	Tintron í Reyðarbarmshrauni sunnan við Stóra-Dímon. Sérstæður hraunketill, um 20 m djúpur.
743	Þingvellir og Þingvallavatn	Þingvellir og land jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka samkvæmt sérlögum nr. 47/2004. Þingvallavatn, ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið. Þingvellir eru einstæður sögustaður, landslag stórbrotið og fágætt að jarðfræðilegri gerð. Þingvallavatn er lífauðugt vatn í sigdal og má þar m.a. finna fjögur afbrigði af bleikju.
744	Höfðaflatar	Votlendisræma milli Hvítár og Vörðufells norður á mótis við lðu og suður að bænum Fjalli. Fjölbreytt gróðurfar og fuglalíf
763	Hrosshagavík	Hrosshagavík og mýrlendi sunnan Reykjavalla. Votlendi með miklu fuglalífi.

³⁰ (Umhverfisstofnun, 2015).

764	Skálholtstunga og Mosar	Tungan milli Hvítár og Brúarár. Til norðurs og austurs ræður Kerslækur og lína úr honum um Brúnir í Hvítá rétt sunnan við Torfholt. Víðlent lítt raskað votlendi með fjölbreytilegum gróðri og dýralífi. Jarðhiti við Þorlákshver þar sem skapast skilyrði fyrir sérstætt samspil jarðhita og gróðurs.
	Vernd vatnasviðs Þingvallavatns	Verndun vatnasviðs Þingvallavatns skv. lögum nr. 85/2005. Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Umhverfisráðherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið nánari reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarfamkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna. Landeigendur/ábúendur hafa hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu.

Svæði sem sett eru í verndarflokk skv. 6. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 eru skilgreind í flokknum önnur náttúruvernd skv. gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Svæðunum er lýst í erindi til verkefnisstjórnar um annan áfanga rammaáætlunar. Verkefnisstjórn um Rammaáætlun hefur skilað af sér niðurstöðum þriðja áfanga. Flokkun virkjanakosta þar er óbreytt. Svæðin eru sýnd á skipulagsuppdráttum sem hringtákn þar sem afmörkun verndarsvæðis liggur ekki fyrir. Eftirtalin svæði í Bláskógabyggð eru í verndarflokki:

Önnur náttúruvernd – svæði í verndarflokki		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÖN1	Gýgjarfossvirkjun	Gert var ráð fyrir stíflu Jökulkvíslar við Ásgarðsfjall og myndun tæplega 14 km ² lóns, Blágnípulóns. Vatni yrði veitt um 7 km löng göng niður fyrir Gýgjarfos þar sem yrði virkjað.
ÖN2	Bláfellsvirkjun	Gert var ráð fyrir stíflu í Hvítá við Lambafell, norðaustan við Bláfell og að nýta Hvítárvatn sem miðlunarlón. Vatni yrði veitt um göng í gegnum Bláfell og virkjun yrði neðanjarðar í Fremstaveri. Stærð virkjunar yrði um 76 MW.
ÖN3	Geysir	Efnagreiningar á vatnssýnum benda til 240-250°C hámarkshitastigs í jarðhita-kerfinu. Ekki hefur verið sett fram hugmynd um útfærslu virkjunar á svæðinu enda er það verðmætt til ferðaþjónustu og útivistar án virkjunarframkvæmda.

Í 46 gr. náttúruverndarlaga er fjallað um að heimilt sé að friðlýsa óbyggð víðerni og þá með það að markmiði að varðveita og viðhalda einkennum svæðisins. Í lögum eru óbyggð víðerni skilgreind sem: *”svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum”*. Ekki liggur fyrir skilgreining á hvað telst vera uppbyggður vegur en þó er ljóst að víða hafa vegir á hálendinu verið lagfærðir, lyft upp úr landi og jafnvel ár og lækir brúaðir/gerð ræsi. Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir að gönguskálar skerði ekki víðerni en ekki liggur fyrir hvenær skáli telst vera gönguskáli. Þar sem þar til bærir aðilar hafa ekki lagt fram kort af víðernum landsins verður ekki um slíka afmörkun að ræða í þessu aðalskipulagi. Almenn má segja að sú stefna sem sett er fram í aðalskipulaginu og kann að skerða víðerni er; háspennulínur, uppbygging Kjalvegjar, Kerlingarfjallavegar, Kaldadalsvegjar og Uxahryggjavegar ásamt skálasvæðum og hálendismiðstöð. Þá ber að líta til þess að rykmengun vegna umferðar á þurrum dögum kann einnig að skerða víðernis- og óbyggðaupplifun.

Gefin hefur verið út skýrsla með tillögum að nýrri aðferðafræði við kortlagningu víðerna á miðhálandi Íslands (*Þorvarður Árnason o.fl. 2017*). Í skýrslunni er tekið fram að um tilraunaverkefni sé að ræða og beri að skoða niðurstöður hennar í því ljósi. Aðferðafræðin byggist í grófum dráttum á að gefin eru stig eða einkunn fyrir skerðingarhrif bygginga og mannvirkja á víðerni, er þetta m.a. metið út frá stærð og fjölda mannvirkja á hverjum stað. Skerðingarhrif mannvirkja eru mis mikil, fjallakofar fá t.d. lága einkunn (lítil skerðing) meðan þjónustumiðstöðvar og virkjanamannvirki fá hærri einkunn og skerða víðerni meira. Niðurstaðan er notuð til að sýna skerðingarhrif mannvirkja á korti. Miðað við þessa aðferðafræði þá er skerðing víðerna í Bláskógabyggð vegna: Kjalvegjar, Kaldadalsvegjar og Uxahryggjavegar, háspennulína og bygginga. Byggingar hafa þó mis mikil áhrif til skerðingar eins og fram kemur hér fram.

2.8.3 Hverfisvernd

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 6.3 þá gilda sérstök ákvæði um hverfisverndarsvæði: „Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum“³¹.

Hverfisvernd er alhliða vernd sem getur tekið til náttúruminjar, landslags eða fornleifa. Mörg þessara svæða hafa einnig nokkuð útivistargildi. Sveitarstjórn setur fram í aðalskipulagi hvaða þættir á viðkomandi svæði skulu njóta tiltekinnar verndar. Ennfremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd og geta takmarkað framkvæmdir og landnotkun svæðisins.

Hverfisvernd vegna náttúruverndar

Nokkur mikilvæg votlendissvæði og birkikjarr almennt eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði, einkum vegna sérstæðs fuglalífs og gróðurs. Auk þess hafa mörg lindavötn á svæðinu, ásamt næsta nágrenni þeirra, gildi fyrir fuglalíf. Í Árnessýslu eru víða vatnsmikil lindasvæði. Gjöfulustu lindirnar spretta undan hraunum í jöðrum vestra gosbeltisins, víða nálægt jöðrum Miðhálandisins. Nokkur gjöful lindasvæði í byggð og lindasvæði skv. Svæðisskipulagi miðhálandisins eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru þessi:

- Þar sem um er að ræða vötn eða tjarnir tekur verndarsvæðið, auk þeirra, að lágmarki til 50 m beltis á bökkum þeirra.
- Framræsla votlendis á hverfisverndarsvæðum er óheimil. Þá er notkun áburðar (tilbúins sem og húsdýraáburðar) takmörkuð.
- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Innan náttúrulegra birkiskóga er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir eins og birki, víði og reyni. Þó er heimilt er að grisja náttúrulegan skóg og gera göngustíga um hann.
- Nokkur vatnsmikil lindasvæði eru vernduð sem hugsanleg framtíðarvatnsból.
- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.

Yfirlit yfir þau hverfisverndarsvæði sem auðkennd eru á skipulagsupprætti er tekið saman í töflu hér að neðan. Þar kemur einnig fram hvaða þættir standa á bak við verndargildi þeirra:

Hverfisvernd vegna náttúruverndar			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
HV1	Selás, Stóriskeygnir	Svæði sunnan Þingvallabjörgarðs og vestan Þingvallavatns. Svæðið tekur til hlíða og fjalllendis sem mynda umgjörð um Þjóðgarðinn og vatnið að vestan. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins og að lágmarka áhrif byggðar og mannvirkja.	Skálabrekka, Heiðarbær
HV2	Tindaskagaheiði	Svæði austan Þingvallabjörgarðs frá Tindaskaga suður að Hrafnabjörgum. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins.	Afréttur
HV4	Kóningsvegur	Vegur frá 1907 sem var lagður vegna komu danakonungs. Heillegustu hlutar vegarins eru undir hverfisvernd ásamt 60 m svæðis beggja vegna hans. Óheimilt er að granda eða breyta veginum og/eða vegstæðinu, s.s. með túnrækt, skógrækt, framræslu eða á annan hátt.	Margar jarðir og afréttur
HV5	Bringur	Svæði sunnan Þingvallabjörgarðs og austan Þingvallavatns. Áhersla á verndun náttúrulegrar ásýndar svæðisins og að lágmarka áhrif byggðar og mannvirkja.	Mjóanes, Gjábakki

³¹ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

HV7	Laugarvatnsvellir	Svæðið nær yfir Laugardalsvelli, Beitivelli og Laugarvatnshella. Mikilvægt vegna náttúruvafars, fornminja og menningar-sögulegs gildis. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Afréttur
HV8	Blöndutjarnir	Nær yfir Blöndutjarnir og næsta nágrenni þeirra. Áhersla á verndun votlendis, gróðurs og fuglalífs. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Afréttur
HV9	Lómatjörn	Nær yfir Lómatjörn og næsta nágrenni. Áhersla á verndun votlendis, gróðurs og fuglalífs. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Útey
HV10	Flóðin	Umrætt svæði hefur gildi sem votlendissvæði. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Austurey I
HV11	Skálholt	Unnin hefur verið verndaráætlun fyrir minjasvæðið í Skálholti og er verndarsvæðið sett undir hverfisvernd vegna fornminja. Ekki er gert ráð fyrir frekari byggingaframkvæmdum fyrr en að lokinni skráningu fornminja.	Skálholt
HV12	Mýrar við Hvítá hjá lðu	Hallamýrar og marflatur ljósstaraflói með smátjörnum. Óraskaðar mýrar sem ber að vernda. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Iða 2 og 3
HV13	Vaðlar í Laugarási	Vaðlar (Lónið) í Laugarási: Fjölskrúðugt fuglalíf þar sem heitt afrennsli fellur í Hvítá. Áhersla á verndun votlendis, gróðurs og fuglalífs. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Laugarás
HV14	Stekkatúnsmýri	Svæði austan byggðarinnar í Reykholti, meðfram Tungufljóti. Verndað sem útivistarsvæði fyrir íbúa í Reykholti og nágrenni.	Reykholt
HV16	Úthlíðar- og Arnarholtsvötn	Vötnin eru lífauðug en fyllast af aur sem berst af miklum framræstum mýrum í nágrenninu. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Ból, Arnarholt, Stekkholt
HV17	Sjötjarnir	Sjötjarnir og umhverfi. Tjarnir í landi Vatnsleysu 2 sem hafa verið endurheimtar sem votlendi. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Vatnsleysa 2, Hjarðarland
HV18	Múlatjarnir	Tvær tjarnir og hallamýrar norðan og norðaustan þeirra. Flór-goðasvæði. Svæðið er að mestu óraskað. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Hjarðarland, Múli, Austurhlíð
HV19	Dagmálatjörn	Dagmálatjörn og umhverfi. Tjörn í landi Múla sem hefur verið endurheimt sem votlendi. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Múli
HV20	Jarlhettur	Jarlhettur og nágrenni er verndað vegna einstakra jarðmyndana. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Afréttur
HV21	Hrútfell	Nær milli náttúruverndarsvæðanna við Hvítárvatn og Þjófa-dali. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Afréttur
HV22	Blágnýpa	Blágnýpa og nágrenni er verndað vegna jarðmyndana. Áhersla er á að lágmarka áhrif mannvirkja.	Afréttur
	Birkikjarr og birkiskógar	Samfelld svæði þar sem er birkikjarr og/eða birkiskógur eru auðkennd á skipulagsupprætti. Svæðin eru afmörkuð skv. kortlagningu Skógræktar ríkisins. Heildarstærð birkikjars og birkiskóga er um 10.000 ha. Einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir í birkiskóga og birkikjarr.	Margar jarðir víðsvegar í sveitarfélaginu
	Lindasvæði í byggð	Nokkur lindasvæði eru vernduð sem vatnsauðlind.	Nokkrar jarðir
	Lindasvæði á afrétti	Nokkur vatnsmikil lindasvæði á hálendinu njóta verndar í svæðisskipulagi miðhálandisins. Svartárbotnar, lindir í Karlsdrætti og Fróðárdal, Brunnalækir, lindasvæði í Tjarnárbotnum og lindir í grennd við Blákvísl og Gýgjarfoss.	Afréttur

2.8.4 Minjavernd

Í þessum kafla er fjallað um friðlýstar fornminjar, fornminjar sem njóta hverfisverndar ásamt friðuðum eða friðlýstum byggingum.

*Þjóðminjar taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012*³².

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er minjavernd skilgreind sem „svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar“³³.

Samkvæmt 1. gr. í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 teljast menningarminjar „ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu“³⁴. Allar friðlýstar fornminjar flokkast sem þjóðminjar skv. 2. gr. laganna. Þá kveða löggin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að fornleifar teljist „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.“ Auk friðlýstra fornminja er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem eru vernduð í flokki hverfisverndar en allar fornminjar njóta friðunar skv. 3. gr. laganna. Í 16. gr. segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Tekið hefur verið saman yfirlit yfir menningarminjar í Þingvallasveit eftir rituðum heimildum, sem er nokkurs konar forskráning fyrir frekari vinnu og athugun. Samkvæmt því yfirliti eru um 452 þekktar fornleifar í Þingvallasveit. Þingvallabjóðgarður hefur frá árinu 2010 unnið að skráningu minja innan þjóðgarðsins³⁵. Þá hefur verið unnið að fornleifauppgreftri á afmörkuðum svæðum í Skálholti og minjar skráðar á einstökum svæðum í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir eða gerð deiliskipulags. Sumarið 2016 var unnin verndaráætlun fyrir Skálholt og fornleifar skráðar á vettvangi á Skálholtsjörðinni³⁶. Í Svæðisskipulagi miðhálandisins eru einnig taldir upp nokkrir minjastaðir á hálandinu.

Aðalskráning fornminja á þéttbýlisstöðunum þremur í Bláskógabyggð fór fram árið 2015 í tengslum við aðalskipulagsvinnu. Einnig er unnið að svæðisskráningu fornminja. Helstu flokkar heimilda sem stuðst er við eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur. Áformað er að aðalskráning fornminja verði unnin á skipulagstímanum.

Friðlýstar fornminjar eru sýndar á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags og minjar í þéttbýli á þéttbýlisuppdráttum. Þá eru allar minjar sem hafa verið staðsettar sýndar á skýringaruppdrætti. Varðandi umfjöllun um minjar á þéttbýlisstöðunum er vísað í skýrslurnar „Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð I – III“³⁷ sem unnar voru af Fornleifastofnun Íslands.

Yfirlit yfir friðlýstar fornminjar er sett fram í töflu hér að neðan og er skv. friðlýsingarskrá³⁸ og skráningarátaki sem unnið var um friðlýstar minjar á Suðurlandi³⁹ árið 2015. Fæstar minjanna hafa verið staðsettar með gps mælingu.

Friðlýstar fornminjar		
Nr.	Jörð	Lýsing
1	Brúsastaðir	Leifar af svonefndri hoftóft í túninu fyrir suðaustan bæinn.
2	Brúsastaðir	Girðing forn með tóft í, vestan við bæinn.

³² (Alþingi Íslands, 2012a).

³³ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

³⁴ (Alþingi Íslands, 2012a).

³⁵ (thingvellir.is, 2014).

³⁶ (Minjastofnun Íslands, 2016).

³⁷ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjóri & Jakob Orri Jónsson, 2016; Jakob Orri Jónsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjórar & Kristborg Þórsdóttir, 2016a, 2016b).

³⁸ (Fornleifanevnd, 1990).

³⁹ (Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjórar, Birna Lárusdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, & Stefán Ólafsson, 2015).

3	Miðfell	Rústir Ródólfstaða, uppi í hrauninu.
4	Þingvellir	Þingbúðarústir allar og allar aðrar fornleifar og gömul mannvirki á hinum forna alþingisstað, beggja vegna Öxarár.
5-10	Þingvellir	Rústir allar þar sem verið hafa forðum býlin Grímsstaðir, Bárúkot, Múlakot, Litla-Hrauntún, Ölkofrastaðir og enn eitt, norðvestan undir Hrafnabjörgum.
11	Laugardals-hólar	Bæjarrúst forn austur í túninu, önnur tóft lítil, fornleg, upp og austur frá henni, og fornt garðlag umhverfis, fyrir aftan hin og vestan.
12	Skálholt	Þorláksbúð, forn tóft norðaustantil í kirkjugarðinum. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu. Þorlaksbrunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnanundir Kyndluhól. Skólavardan. Kyndluhóll. Þorlákssæti. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir. Leiði sveina Jóns Gerrekssonar á túnbletti þeim, er Íragerði heitir. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður.
13	Vatnsleysa	Fornleg girðing í túninu fyrir suðvestan bæjarhólinn, nefnd Munkagerði og fornleg tóft í henni.
14	Holtakot	Rústaleifar fornar þar sem enn heitir í Holtum.
15	Úthlíð	Hoftóft fyrir neðan túnið.
16	Helludalur	Þingbúðtóftir margar og fornar í Laugartorfu.
17	Helludalur	Garðlag fornt milli lækja tveggja fyrir ofan vestur-túnið.
18	Helludalur	Leifar þriggja fornra tófta, svonefndra Goðatófta, neðst í túninu.
19	Haukadalur	Ein stök fornleif, fornt steinker við Marteinslaug.
20	Afréttarland	Tjarnar-rústin forn eyðisbýlisrúst á hólba, austanmegin Tjarnár.
ÁR409:023	Líkasteinar	Líkasteinar eru 6 stórir steinar við Vígðulaug á Laugarvatni.
ÁR406:040	Vígðulaug	Heit laug við Laugarvatn sem er allforn og hefur verið hlaðin til baða.

Samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, þá eru öll hús og mannvirki sem eru eldri en 100 ára friðuð og er óheimilt að raska þeim, breyta, rífa eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar. Samkvæmt 31. gr. laganna er óheimilt að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands.

Eftirtalin mannvirki eru friðuð eða friðlýst:

Friðuð eða friðlýst hús og mannvirki	
Heiti	Lýsing
Kárastaðir	Gamla íbúðarhúsið að Kárastöðum var byggt 1925 og hefur varðaveislugildi sem mjög gott dæmi um steinsteypt sveitahús í burstastíl. Friðlýst 2014. Friðlýsingin tekur til ytra borðs, sambyggðs hlaðins útihúss og upprunalegra innréttinga gamla íbúðarhússins.
Þingvallabærinn	Bær og kirkja á Þingvöllum mynda saman mikilvæga, listræna heild. Ásýnd þessara húsa í umhverfi Þingvalla er mikilvægur þáttur í staðarmynd þjóðgarðsins. Friðlýstur 2014.
Þingvallakirkja	Þingvallakirkja var byggð árið 1859, turninn endurbyggður 1907.
Héraðsskólinn Laugarvatni	Friðaður 2003. Friðun tekur til ytra borðs og fyrirkomulags stiga við anddyri.
Miðdalskirkja	Miðdalskirkja í Laugardal var byggð árið 1873. Friðlýst 1990.
Skálholtskirkja	Kirkjan var friðuð 2012 ásamt Skálholtsskóla og nánasta umhverfi. Friðunin nær til innra og ytra byrðis Skálholtskirkju, ytra byrðis Skálholtsskóla auk nánasta umhverfis að undanskilinni yfirbyggingu yfir friðlýstar fornleifar Þorláksbúðar.
Torfastaðakirkja	Torfastaðakirkja í Biskupstungum. Byggð árið 1892. Friðuð 1990.

Skáli Ferðafélags Íslands í Hvítárnesi	Skálinn var byggður 1929-30 og er fyrsta sæluhúsið sem Ferðafélag Íslands reisti. Byggingarstíll skálans ber merki þeirrar þjóðernisrómantíkur sem ríkt undir lok sjálfstæðisbaráttunnar. Friðaður 2010.
--	--

Í 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er fjallað um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki eru friðuð eða friðlýst. Undir þetta falla mannvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr. Upplýsingar eru fengnar úr skráum Fasteignamats ríkisins.

Verndun annarra húsa og mannvirkja	
Heiti	Lýsing
Birkihlíð	Íbúðarhúsið Birkihlíð á Laugarvatni. Byggt árið 1923.
Bræðratungukirkja	Bræðratungukirkja í Biskupstungum. Byggt árið 1910.
Haukadalskirkja	Haukadalskirkja í Haukadal. Byggt árið 1850.

Fornminjar sem njóta hverfisverndar

Nokkrar aðrar minjar eru settar undir hverfisvernd og sýndar á skipulagsuppdráttum. Æskilegt er að unnið verið að varðveislu helstu minja, þær gerðar aðgengilegar og veittar upplýsingar um þær. Aðrar minjar sem skráðar voru í aðalskráningu fornminja eru sýndar á skýringaruppdráttum. Varðandi umfjöllun um þær er vísað í aðalskráningu fornminja⁴⁰ og vísa númer minjanna til hennar.

Fornminjar sem njóta hverfisverndar		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÁR409:007	Laugarvatns-hellar	Hellir, fjárskýli. Hellarnir hafa verið nýttir sem sæluhús, fjárhús, íbúðarhús og jafnvel greiðasala. Árið 1910 hófu hjón búskap í hellunum. Upplýsingaskilti er við hellana.
ÁR409:016	Stekkiarbakki	Tóft/stekkur. Stök tvískipt tóft um 10x9 m.
ÁR409:025	Bullunga	Býli í landi Laugarvatns. Tóftin er 7x5 m að stærð, hún er um 0,3-0,4 m á hæð. Gæti verið stekkur eða útihús.
ÁR409:035	Barmaréttir	Hleðsla, rétt byggð um 1800. Fornar réttir frá Grímsnesingum og Laugdælum. Voru aflagðar um 1920. Stærð er um 95x85 m. Réttin samanstendur af almenningi og 21 hólfu.
ÁR409:036	Snorrahaugur	Frásögn, legstaður. Sagt er að bóndinn á Snorrastöðum sé heygður þar.
ÁR392:022	Fjárhústóftir	Tóftin er torf- og grjóthlaðin og skiptist í fjárhús og hlöðu. Óljóst mótat fyrir undirstöðu jötu.
ÁR391:024	Stekkatún	Stekkur/fjárhús. Þarna hefur verið fjárhús um aldir. Húsið er timburgrind klædd bárujárni. Gólf og undirstöður veggja bæði steinsteypt og hlaðin.
ÁR392:028	Þúst	Tóft um 8x6 m að stærð. Svæðið hefur verið sléttuð út og eru ummerki minjanna óljós.
ÁR392:031	Gálgatóft	Fjárhústóft til vitnis um forna byggingarhefð og búskaparhætti. Að mestu grjóthlaðin en einnig er torf í hleðslunum. Skiptist í fjárhús með garða og hlöðu.
ÁR392:032	Hleðsla	Hleðsla sem hugsanlega hefur verið aðhald. Um 1,5 m á breidd og 2 m á lengd.
ÁR392:033	Garðlag	Túngarður um 55 m langur, 1,5 til 2 m að breidd og um 0,3 m hár.
ÁR381:007	Traðir	Á túnakorti Vesturbæjar frá árinu 1920 eru merktar traðir frá bæjarhúsum að matjurtargarði og túnmörkum.
ÁR381:037	Tóftir/býli	Víkingaaldarbýli frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi. Um er að ræða 3 tóftir, þúst og túngarð.
ÁR382:013	Hestatorfa	Tóft/beitarhús um 8x3m að stærð.

⁴⁰ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjóri & Jakob Orri Jónsson, 2016; Jakob Orri Jónsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjórar & Kristborg Þórsdóttir, 2016a, 2016b).

ÁR382:033	Iðuhólar	Tóftaþyrping/býli. Sjö tóftir eru á Iðuhólum ásamt garðlagi. Gömul leið liggur þar hjá, lá hún frá Iðuferju, framhjá Eiríkibakka og yfir í Skeiðahrepp (ÁR691:074).
ÁR382:041	Tóftir	Tóft/beitarhús.
ÁR382:042	Garðlag	Um 50 m langt garðlag, 1,5 m breitt og mest um 0,3 m á hæð.
	Lambafellsver	Leitarmannahús austan við Bláfell, gert úr torfi og grjóti. Trölla- og draugaskoðunarfélagið hefur gert húsið upp.
	Tungnaréttir	Gamlar réttir við Tungufljót.
	Prælagarður	Liggur milli Brúarár og Tungufljóts, var líklega hlaðinn fyrir 950. Var fyrst landamerkja- og/eða hagagarður og síðar merkjarður milli Skálholts og Torfastaða.

2.8.5 Vatnsvernd

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru vatnsverndarsvæði skilgreind sem „svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn“.

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði⁴¹.

Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Markmið:

- Lögð er áhersla á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar.

Leiðir:

- Vatnsból verði afgirt og friðuð fyrir óviðkomandi umferð.
- Vatnsgæði verða metin og kortlögð í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Skilgreind verða vatnsverndarsvæði í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Engar framkvæmdir sem ógnað geti brunnsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

I. flokkur - brunnsvæði

Verndarákvæði brunnsvæða skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 eru þessi: „Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólins. Það skal vera algjörlega friðuð fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli“.

Vatnsból og 5 m svæði umhverfis þau eru sýnd á skipulagsuppdráttum. Hluti vatnsbóla hefur verið hnittettur af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og eru þau þá staðsett á skipulagsuppdrætti m.v. það. Í öðrum tilfellum er staðsetning ónákvæm. Þá hefur afmörkun nokkurra vatnsverndarsvæða verið breytt í samræmi við nákvæmari staðsetningu vatnsbóla og nákvæmari kortagrunna.

Brunnsvæði eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Brunnsvæði			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
VB1	Skálabrekka	Vatnsból í landi Skálabrekku sem ætlað er að þjóna fyrirhugaðri sumarhúsabyggð.	Skálabrekka
VB2	Vinaskógur	Vatnsból í grennd við Vinaskóg er þjónar sumarhúsabyggðum í landi Kárastaða og Skálabrekku.	Kárastaðir, Skálabrekka
VB3	Hakið	Vatnsból á Hakinu er þjónar byggingum á Þingvöllum.	Þingvellir

⁴¹ (Umhverfissráðuneytið, 1999).

VB4	Laugarvatnsfjall	Aðalvatnsból Laugvetninga og nágrennis. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.	Laugarvatn
VB5	Útey	Vatnsból, hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.	Lækjarhvammur
VB6	Efra-Apavatn	Tvö vatnsból.	Efra-Apavatn, Lækjarhvammur
VB7	Hjálmstaðir	Vatnsból í landi Hjármsstaða. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.	Hjármsstaðir
VB8	Skillandsdalur	Tvö vatnsból í Skillandsdal, í landi Miðdals.	Miðdalur
VB9	Ketilvellir	Vatnsból sem er hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.	Ketilvellir
VB10	Miðdalskot	Vatnsból sem er hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.	Miðdalskot
VB11	Laugardalshólar	Vatnsból fyrir Austurey.	Laugardalshólar
VB12	Hvarf	Vatnsból í grennd við Hvarf í landi Efstadals. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.	Efsti-Dalur
VB13	Brekkuskógur	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.	Brekkuskógur
VB14	Miðhús	Vatnsból fyrir Miðhús og nokkra bæi.	Miðhús.
VB15	Hrúta / Miðhús	Vatnsból við Hrúta. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.	Miðhús
VB16	Vegatunga	Vatnsból sem þjónar Vegatungu.	Torfastaðir
VB17	Miklaholt	Vatnsból í landi Miklaholts. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.	Miklaholt
VB18	Vörðufell	Vatnsból í norðurhluta Vörðufells.	Iða 2
VB19	Hlíðarveita	Tvö vatnsból. Annað hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.	Dalsmynni, Austurhlíð
VB20	Neðri-Dalur	Vatnsból fyrir ofan frístundasvæði.	Neðri-Dalur
VB21	Neðri-Dalur	Vatnsból í landi Neðri-Dals.	Neðri-Dalur
VB22	Gýgjarhólskot	Vatnsból. Hnitsett af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.	Brattholt
VB23	Haukadalur, Hólar og e.t.v. fleiri jarðir	Haukadalur og Haukadalsheiði, fjögur svæði. Vatnsmiklar lindir í innanverðum Haukadal og í Fljótsbotnum, í 150-230 m y.s. Samanlagt vatnsmegin líklega yfir 20 m ³ /s. Eitt af aðal vatnsbólum í Bláskógabyggð. Við aðalskipulagsbreytingu fyrir Brúarvirkjun var staðsetning vatnsbólins leiðrétt og vatnsverndarsvæðum breytt samhliða. Fengin var umsógn um breytinguna hjá ÍSOR þar sem fram kemur að óhætt sé að færa suðurmörk vatnsverndarsvæðis til norðurs. Hins vegar er ástæða til að færa norðurmörk grann- og fjarsvæðis lengra inn á Haukadalsheiði ⁴² og er það gert.	Haukadalur og Hólar
VB24	Árbúðir	Vatnsból fyrir skálann í Árbúðum.	Afréttur
VB25	Svartárbotnar	Líkleg staðsetning vatnsból er merkt á uppdrátt.	Afréttur

II. flokkur - grannsvæði

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbolinu. Verndar-ákvæði grannsvæða, skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, eru þessi: „Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa

⁴² (Árni Hjartarson, 2016).

nýjar byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti“.

Grannsvæði vatnsbóla eru í flestum tilfellum sýnd á skipulagsuppráttum. Afmörkun grannsvæða á hálendi er ónákvæm.

III. flokkur - fjarsvæði

Fjarsvæði liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða vatnsbóla. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi skv. skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999: „*þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja“.*

Fjarsvæði vatnsbóla eru í flestum tilfellum sýnd á skipulagsuppráttum. Afmörkun fjarsvæða á hálendi er ónákvæm.

2.8.6 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Í reglugerðinni er kveðið á um að gera skuli grein fyrir langtímamarkmiði fyrir vötn í svæðis- og aðalskipulagi. Grunnvatn og yfirborðsvatn skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðarinnar í eftirtalda flokka:

- Flokkur A: Ósnortið vatn.
- Flokkur B: Lítið snortið vatn.
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn.
- Flokkur D: Verulega snortið vatn.
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn.

Vatnasvæði í sveitarfélaginu hafa enn sem komið er ekki verið flokkuð.

Markmið:

- **Áhersla er lögð á verndun vatnasvæða í sveitarfélaginu.**

Um vatnasvæði gilda eftirtalin verndarákvæði til varnar mengunar:

- *Öll vötn og tjarnir sem njóta hverfisverndar vegna náttúrufars eru felld undir flokk A. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna sérstaks fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útivistargildi.*
- *Öll byggð í sveitarfélaginu hafi viðurkenndar rotþrær.*
- *Stefnt er að því að sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd), í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.*

Stefnt er að því að grunnvatn og yfirborðsvatn verði í flokki A sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Þar sem viðtakinn er grunnvatn/ferskvatn er stefnt að tveggja þrepa hreinsun frárennslis.

2.9 NÁTTÚRUVÁ

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru svæði undir náttúruvá skilgreind sem „*svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)“.*

Fjallað er um náttúruvá í Forsenduhefti aðalskipulagsins, kafla 2.6. Þar er gerð grein fyrir jarðskjálftum, flóðahættu vegna flóða í Hvítá, hættusvæði vegna ofanflóða í Laugarvatnsfjalli, jökulhlaupum úr Haga-vatni og hugsanlegri hættu vegna gróður- og kjarrelða í frístundabyggð. Hættusvæði eru sýnd á skýringarupprátti 3.

Markmið:

- Byggð verði utan skilgreindra hættusvæða.
- Tryggja skal almannavarnir vegna mögulegra jarðskjálfta, eldgosa og flóða.
- Tryggja skal sem öruggast fjarskiptasamband alls staðar í sveitarfélaginu, m.a. fyrir björgunar- og eftirlitsaðila.
- Tryggja skal upplýsingaflæði til íbúa og ferðamanna.
- Á frístundasvæðum verði unnin viðbragðsáætlun vegna gróður- og kjarrelda.

Leiðir:

- Veita upplýsingar varðandi náttúruvá og viðbragðsáætlanir gegn þeim.
- Tryggja öruggt fjarskiptasamband sem víðast á svæðinu, fyrir almenning og viðbragðsaðila svo hægt sé að vara við yfirvofandi hættu.

Eftirfarandi verklagsreglur ættu að draga mjög úr tjóni í jarðskjálftum:

- Hafa skal að leiðarljósi að ekki verði byggt yfir þekktar jarðskjálftasprungur.
- Ekki verði stofnað til nýrrar byggðar á upptakasvæði stórra skjálfta.
- Byggingar (íbúðarhús, útihús eða frístundahús) skulu ekki reistar undir hömrum eða hlíðum þar sem hætta kann að vera á grjóthruni eða skriðum í jarðskjálftum.

Eftirfarandi gildir um byggingar á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna flóða:

- Huga þarf vel að undirlagi bygginga og að þeim verði lyft upp fyrir þekkta flóðhæð.
- Ekki er heimilt að vera með kjallara á þekktum flóðasvæðum.

Eftirfarandi gildir um byggingar á því svæði á Laugarvatni og Laugarvatnsfjalli sem skilgreint er sem hættusvæði vegna ofanflóða:

- Ekki er heimilt að byggja íbúðarhús innan skilgreinds hættusvæðis.

3 STEFNUMÖRKUN Í ÞÉTTBÝLI

Í grein 1.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er þéttbýli skilgreint sem „svæði sem afmörkuð eru sem þéttbýli í aðalskipulagi sveitarfélags annaðhvort út frá reiknireglunni um þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra eða með öðrum hætti eftir ákvörðun sveitarstjórnar“.

Þrjú þéttbýlisstaðir eru í sveitarfélaginu Bláskógabyggð. Þeir eru Laugarás, Reykholt og Laugarvatn. Byrjað er á að fjalla um sameiginleg markmið sem gilda fyrir alla þéttbýlisstaðina (kafla 3.1). Þá er einnig fjallað sameiginlega um samgöngur (kafla 3.2). Stefnumörkun fyrir hvern þéttbýlisstað er sett fram í sér kafla, Reykholt í kafla 3.4, Laugarás í kafla 3.5 og Laugarvatn í kafla 3.6. Fjallað er um verndarsvæði og minjar innan þéttbýlisstaðanna í kafla 2.8. Einnig er fjallað um svæði undir náttúruvá í Forsenduhefti aðalskipulagsins og í kafla 2.9.

Leiðarljós við stefnumörkun fyrir þéttbýliskjarnana Reykholt, Laugarás og Laugarvatn er að styrkja þá sem ákjósanlegt svæði til búsetu og atvinnuuppbyggingar, sem viðkomustað ferðamanna og almennt til orlofsdvalar, jafnframt því að stuðla að skynsamlegri landnotkun á svæðinu í framtíðinni. Einnig er stefnt að því að styrkja stöðu þéttbýliskjarnanna með því að bæta netsamband og efla þannig möguleika á fjarvinnu og stækka mögulegt atvinnusvæði. Þetta styrkir þéttbýlið einnig vegna tiltölulega mikillar nálægðar þess við höfuðborgarsvæðið og einnig aðra þéttbýlisstaði s.s. Flúðir og Selfoss. Þá er mikilvægt að við skipulag svæða og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst svo að hús og svæði nýtist til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig er stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.

3.1 MARKMIÐ FYRIR ÞÉTTBÝLISSTAÐINA

Hér er fjallað um sameiginleg markmið sem gilda fyrir alla þrjá þéttbýlisstaði sveitarfélagsins. Þessi markmið taka til atvinnusvæða, lóða, íbúðarbyggðar, íþróttar og heilsueflingar og umhverfisins.

- **Atvinnusvæði**
 - Sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. iðnað, úrvinnslu landbúnaðarafurða, handverk, o.fl.
 - Netsamband verði samkeppnishæft við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu til að fjölga atvinnuönguleikum og tækifærum til fjarvinnu.
 - Sköpuð verði vinnuaðstaða fyrir lítil fyrirtæki eða fólk í fjarvinnslu.
 - Unnið verði að uppbyggingu ferðapjónustu í samvinnu við ferðapjónustuaðila, landeigendur og íbúa í sveitarfélaginu, til að nýta til fullnustu þá möguleika sem þéttbýlisstaðirnir hafa sem útivistar- og ferðamannastaðir.
- **Lóðir og byggð**
 - Tryggt verði nægilegt framboð lóða undir fjölbreyttar stærðir íbúðarhúsnæðis og atvinnustarfsemi.
 - Lögð er áhersla á samfellda og miðlæga byggð til að tryggja góða nýtingu lagna- og gatnakerfis.
- **Íbúðarbyggð**
 - Stuðlað verði að stækkun núverandi íbúðarbyggðar með góðum tengslum við miðlæga þjónustu, skóla, íþróttar- og útivistarsvæði og í samfellu við núverandi byggð.
 - Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa hvað varðar íbúða- og húsaerðir.
 - Íbúðahverfi séu í göngufæri við skólavæðið.
 - Lögð er áhersla á uppbyggingu á svæðum tengdum núverandi íbúðarbyggð og á auðum lóðum.
 - Tryggt verði gott framboð leiguíbúða fyrir tímabundna búsetu.
 - Ef rekin er einhvers konar starfsemi á íbúðarlóðum þurfa að vera næg bílastæði innan lóðar til að anna þeirri starfsemi.
- **Íþróttir og heilsuefling**
 - Aðstaða til íþróttaiðkna og útivistar verði eflað enn frekar.
 - Stígar í þéttbýli verði með föstu yfirborði.
- **Umhverfi**
 - Unnið verði markvisst að fegrun og aðgengi innan þéttbýlis með frágangi opinna svæða og frágangi gatna og göngustíga.
 - Yfirbragð byggðar á hverjum stað taki mið af umhverfi sínu, ásýnd byggðar sé aðlaðandi og vandað til frágangs lóða. Lögð er áhersla á snyrtilega umgengni.

Sala á gistingu er heimil í samræmi við lög nr. 29/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum nr. 67/2016 og reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Gert er ráð fyrir að unnar verði samræmdar verklagsreglur um sölu á gistingu í samstarfi við nágrennasveitarfélög.

Niðurstaða umhverfismats áætlana

Helsta breytingin er að þéttbýlið í Laugarási er minnkað og heldur er dregið úr íbúðarsvæðum á öllum þéttbýlisstöðunum. Sveitarstjórn telur að áhrif þessara breytinga séu jákvæðar og ekki sé þörf á að meta þær sérstaklega. Áfram er gert ráð fyrir rúmum svæðum fyrir íbúðarbyggð sem uppfylla áætlaða þörf á skipulagstímanum.

3.2 SAMGÖNGUR Í ÞÉTTBÝLI

Samkvæmt 9. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá eru sveitarfélagsvegir vegir sem eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar.

Fjallað er sameiginlega um samgöngur á öllum þremur þéttbýlisstöðunum. Gatnakerfið er almennt einfalt í sniðum. Staðirnir eiga það sameiginlegt að stofnvegir liggja um þá og eru þeir fjölfarnir, einkum af ferðamönnum. Húsagötur, eða sveitarfélagsvegir, eru umferðargötur innan hvers hverfis í þéttbýli og tengja þær byggðina við tengi- og/eða stofnvegi.

Markmið:

- **Bundið slitlag verði á öllum götum, unnið verði að frágangi gatna- og göngustíga og sett upp lýsing við götur.**
- **Gatnakerfið verði hannað þannig að hús geti staðið beggja vegna götu og þannig sparað í gatna-gerð og lögnum.**
- **Stefnt skal að fækkun tenginga við stofnvegi, eins og unnt er, til að bæta umferðaröryggi.**
- **Göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum í nágrenni þéttbýlisstaðanna verði fjölgað til að hvetja íbúa og gesti til útivistar.**

Leiðir:

- *Gatnakerfi hvers þéttbýlisstaðar skal taka mið af umferðaröryggi, afkastagetu, umhverfi og bæjarmynd.*
- *Net göngu-, reið- og hjólreiðastíga verði vandað og tengist útivistarsvæðum.*
- *Göngu- og hjólreiðastígar í þéttbýli séu malbikaðir.*

Reiðleiðir

Reiðleiðir liggja um alla þéttbýlisstaðina og eru í tengslum við hesthúshverfi á hverjum stað. Reiðleiðir eru sýndar á þéttbýlisuppdráttum. Æskilegt er að fjölga styttri hringleiðum út frá hesthúshverfum þéttbýlisstaðanna.

Gönguleiðir

Gönguleiðir liggja víða um alla þéttbýlisstaðina, bæði milli staða innan byggðarinnar og eins á útivistarsvæðum í jaðri hennar. Gönguleiðir eru sýndar á þéttbýlisuppdráttum.

Nánar er fjallað um samgöngur í kafla 2.6.

3.3 VERNDARSVÆÐI OG MINJAR Í ÞÉTTBÝLI

Á Laugarvatni nýtur náttúrulegur birkiskógur í hlíðum Laugarvatnsfjalls hverfisverndar. Þá liggur hluti Kónsvegjar um Laugarvatn og nýtur hann sömuleiðis hverfisverndar. Í Reykholti er svæðið austan byggðarinnar, að Tugufljóti hverfisverndað. Í Laugarási eru Vaðlar hverfisverndaðir. Fjallað er um hverfisverndarsvæði í kafla 2.8.3 og þau sýnd á uppdráttum.

Aðalskráning fornminja hefur verið gerð fyrir þéttbýlisstaðina þrjá. Fjallað er um minjar í kafla 2.8.4 og þær sýndar á þéttbýlisuppdráttum og skýringaruppdráttum.

3.4 REYKHOLT

Jarðhitinn markaði upphaf þéttbýlismyndunar í Reykholti og ylræktin hefur frá fyrstu tíð verið mikilvægasta atvinnugreinin. Í dag eru þar enn starfræktar nokkrar garðyrkjustöðvar. Ræktun grænmetis hefur verið í fyrirrími en blóma- og ávaxtaræktun fer vaxandi. Ágæt skilyrði eru fyrir frekari uppbyggingu ylræktar, landrymi er nægilegt og jarðhitamöguleikar miklir.

Íbúum hefur fjölgað stöðugt í Reykholti frá árinu 1999 og var fjölgunin til ársins 2014 um 46%. Þann 1. janúar 2017 voru íbúar 236 talsins. Fjölgun íbúa má að einhverju leiti rekja til góðra samgangna til og frá Reykholti sem og nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Þá eru stuttar vegalengdir til þéttbýla í nærliggjandi sveitarfélögum s.s. Flúða og stækkaði atvinnusvæðið nokkuð með nýjum vegi milli Reykholtis og Flúða.

Á síðari árum hefur fjölbreytni atvinnulífs aukist ásamt aukinni opinberri þjónustu. Vægi ýmissa þjónustugreina hefur einnig farið stigvaxandi samhliða gríðarlegri fjölgun ferðamanna til landsins á síðustu misserum, en stór hluti þeirra fer um sveitarfélagið. Flest ný störf sem hafa orðið til síðustu 15 ár tengjast með einum eða öðrum hætti þjónustu við ferðamenn. Ylraektarbændur hafa t.a.m. brugðið á það ráð að bjóða almenningi að skoða framleiðslu sína og selja gjarnan beint frá býli, við góðar viðtökur.

Markmið fyrir Reykholt:

- **Að Reykholt eflist sem miðstöð stjórnsýslu í sveitarfélaginu.**
- **Að vaxtargrundvöllur ylraektar verði áfram tryggður með öflugri hita- og vatnsveitu.**
- **Að byggð í þéttbýlinu myndi samfellda heild með þungamiðju verslunar- og þjónustu í miðbæ.**

3.4.1 Íbúðarbyggð

Á síðastliðnum árum hefur byggst upp íbúðargata við Kistuholt, sem liggur til suðurs frá félagsheimilinu Aratungu. Búið er að skipuleggja íbúðarsvæði til næstu ára í Reykholti. Íbúðar- og landbúnaðarlóðir norðaustan Bjarkarbrautar eru hugsaðar fyrir minniháttar athafnastarfsemi auk íbúðarhúss og var gert ráð fyrir því við úthlutun lóðanna. Þar er heimilt að vera með gróðurhús eða starfsemi sem ekki hefur í för með sér hávaða eða mengun. Einnig er heimilt að vera með gistingu fyrir allt að 10 manns og rekstur allt árið. Slík gisting fellur undir flokk II í reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Innan lóðar þarf að gera ráð fyrir bílastæðum í samræmi við fjölda gesta. Nýtingarhlutfall á íbúðarlóðum er almennt 0,2-0,3 en allt að 0,6 þar sem byggðin er þéttust.

Íbúðarsvæði í Reykholti		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÍB1	Birtingaholt	Nýtt íbúðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri gerð og stærð íbúða. Á svæðinu verða raðhús, parhús og einbýlishús á 1-2 hæðum. Unnið er að deiliskipulagi svæðisins. Stærð svæðisins er um 15 ha.
ÍB2	Kistuholt og Reykholt	Íbúðarsvæði á Kistuholti og í vesturhlíðum Reykhólts. Svæðið er að mestu byggt skv. gildandi deiliskipulagi og á því er blönduð byggð raðhúsa, parhúsa og einbýlishúsa. Stærð svæðisins er um 15 ha.
ÍB3	Espiflöt	Gert er ráð fyrir 15 lóðum fyrir einbýlishús og parhús á 1-2 hæðum. Hluti svæðis er deiliskipulagt og er stærð þess um 4 ha.
ÍB4	Norðurbrún og Bjarkarbraut	Á svæðinu eru rúmgóðar lóðir fyrir einbýlishús á 1-2 hæðum. Stór hluti svæðisins er þegar byggður. Á lóðum norðaustan Bjarkarbrautar er heimilt að hafa hreinlega atvinnustarfsemi eða gistingu fyrir allt að 10 manns, eins og útfært verður nánar í deiliskipulagi. Svæðið er deiliskipulagt og er stærð þess um 15 ha.
ÍB5	Daltún, Reyniflöt, Gilbrún, Móaflöt, Lambabrunn	Lóðir á svæðinu eru 0,5-1 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir einbýlishúsum á 1-2 hæðum. Á svæðinu er enn fremur heimilt að hafa hreinlega atvinnustarfsemi eða gistingu fyrir allt að 10 manns, eins og útfært verður nánar í deiliskipulagi. Hluti svæðisins er óbyggður. Svæðið er deiliskipulagt og er stærð þess um 9 ha.
ÍB6	Fremri-Helluás	Á svæðinu er gert ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð á 1-2 hæðum. Ein lóð er byggð á svæðinu. Stærð svæðis er um 7 ha.

3.4.2 Landbúnaðarsvæði

Grunn landnotkun í Reykholti er landbúnaður og er þá fyrst og fremst um ylraekt að ræða. Gert er ráð fyrir frekari vexti hennar. Á landbúnaðarsvæðum er einnig heimilt að vera með íbúðarhús í tengslum við landbúnaðarstarfsemi. Íbúðar- og landbúnaðarlóðir norðaustan Bjarkarbrautar eru hugsaðar fyrir minniháttar athafnastarfsemi auk íbúðarhúss og var gert ráð fyrir því við úthlutun lóðanna. Þar er heimilt að vera með gróðurhús eða starfsemi sem ekki hefur í för með sér hávaða eða mengun. Einnig er heimilt að vera með gistingu fyrir allt að 10 manns og rekstur allt árið. Slík gisting fellur undir flokk II í reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Innan lóðar þarf að gera ráð fyrir bílastæðum í samræmi við fjölda gesta. Nánar er fjallað um landbúnaðarsvæði í kafla 2.4.1.

3.4.3 Verslun og þjónusta

Verslun- og þjónusta hefur verið að eflast á undanförunum árum og verða fjölbreyttari. Svæði fyrir slíka starfsemi eru austan við hringtorgið á gatnamótum Biskupstungnabrautar og Skólabrautar. Nýtingarhlutfall er 0,3-0,5.

Verslunar- og þjónustusvæði í Reykholti		
Nr.	Heiti	Lýsing
VP34	Heimamýri	Á svæðinu er verslun og bensínsala ásamt veitingastað og banka. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu, m.a. byggingu hótels eða gistiheimilis á 1-2 hæðum. Fjöldi gistirýma getur verið allt að 40. Hluti svæðisins er deiliskipulagður. Stærð er um 5 ha.
VP35	Tjaldsvæðið við Skólabraut	Gert er ráð fyrir þjónustumiðstöð fyrir tjaldsvæðið á einni hæð ásamt veitingasölu eða verslun. Stærð svæðis er um 1 ha.
VP36	Birkilundur og Klettur	Á svæðinu er veitingastaður, garðyrkjustarfsemi og einnig er heimilt að hafa þar íbúðarhúsnæði. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu, m.a. byggingu hótels eða gistiheimilis á 1-2 hæðum. Fjöldi gistirýma er allt að 40. Stærð svæðis er um 4 ha.
VP44	Friðheimar	Á svæðinu er garðyrkjustarfsemi, landbúnaður, ferðaþjónusta, veitingasala, íbúðar- og starfsmannahús. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu, s.s. byggingu starfsmannahúsa á 1 hæð. Stærð svæðis er um 4 ha.

3.4.4 Samfélagsþjónusta

Svæði fyrir opinberar stofnanir í Reykholti mynda nokkuð þéttan kjarna þar sem er m.a. félagsheimilið Aratunga, skóli, íþróttahús og sundlaug, ásamt stjórnáslu sveitarfélagsins.

Samfélagsþjónusta í Reykholti		
Nr.	Heiti	Lýsing
S8	Aratunga	Á svæðinu er félagsheimili, skóli, íþróttahús, sundlaug og skrifstofur sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu þjónustustofnana, m.a. byggingu nýs leikskóla og stækkun grunnskólans. Hluti svæðisins er deiliskipulagður og er stærð þess um 5 ha.

3.4.5 Athafnasvæði

Gert er ráð fyrir að á athafnasvæðum geti byggst upp léttur iðnaður sem hefur litla mengunarhættu í för með sér.

Athafnasvæði í Reykholti		
Nr.	Heiti	Lýsing
AT1	Áhaldahús	Á svæðinu er áhaldahús sveitarfélagsins. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð er 1 ha.
AT2	Bjarkarbraut	Á svæðinu er verktakafyrirtæki. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð er um 1 ha.
AT3	Vegholt	Svæðið er að mestu óbyggt en þar er verksmiðja og gámasvæði fyrir flokkun sorps. Á lóðum næst Biskupstungnabraut er gerð krafa um snyrtilega umgengni og skjólbelti/manir í gildandi deiliskipulagi. Nánari umhverfisákvæði verða sett í endurskoðuðu deiliskipulagi sem unnið er að og hugað sérstaklega að ásýnd svæðisins frá Biskupstungnabraut. Stærð svæðis er um 15 ha.

3.4.6 Iðnaðarsvæði

Í Reykholti er borhola fyrir heitt vatn við Reykholtshver. Jarðhitinn er nýttur til húshitunar og ylræktar.

Iðnaðarsvæði í Reykholti		
Nr.	Heiti	Lýsing
I9	Reykholtshver	Borhola fyrir hitaveitu og dæluhús. Gert er ráð fyrir frekari nýtingu jarðhitans. Einnig spennistöð RARIK. Stærð svæðis er innan við hektari.
I10	Hveragil	Hreinsivirki fyrir fráveitu. Stærð svæðis er um 0,5 ha.
I11	Kistuholt	Svæði fyrir símstöð. Stærð svæðis er allt að 0,2 ha.
I12	Lambadalur	Á svæðinu er rotþró. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu fráveitu. Stærð svæðis er um 0,5 ha.

3.4.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Fjöldi ferðamanna leggur leið sína um sveitarfélagið og er mikilvægt að fá þá til að dvelja sem lengst og nýta þá þjónustu og afþreyingu sem er í boði.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Reykholti		
Nr.	Heiti	Lýsing
AF35	Tjaldstæði	Svæði þar sem gert er ráð fyrir tjaldstæði og þjónustu við tjaldgesti. Stærð svæðisins er rúmí 5 ha.

3.4.8 Opin svæði

Í tengslum við íbúðarbyggð er gert ráð fyrir opnum svæðum sem hugsuð eru til gönguferða og annarrar útivistar.

Opin svæði í Reykholti		
Nr.	Heiti	Lýsing
OP3	Krummaklettur	Svæði sem hugsuð er fyrir útivist. Stærð er um 15 ha.
OP4	Fellslækur	Rúmlega 2 ha svæði með Fellslæk sem hugsuð er til útivistar, m.a. gönguleiðir.
OP5	Hveragil	Svæði í tengslum við tjaldsvæði og íþróttavöll. Gert er ráð fyrir útivistarsvæði með göngustígum, skógrækt og ýmis konar leiksvæðum. Stærð svæðis er um 13 ha.

3.4.9 Íþróttasvæði

Í Reykholti er bæði íþróttavöllur og hesthúsasvæði. Hesthúsasvæðið er í útjaðri byggðarinnar og þaðan liggja góðar reiðleiðir innan og utan þéttbýlisins.

Íþróttasvæði í Reykholti		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÍÞ6	Íþróttasvæði	Íþróttavöllur. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu íþróttastöðu. Stærð svæðis er um 3 ha.
ÍÞ7	Hesthús	Gert er ráð fyrir hesthúsabyggð vestan þjóðveggar við Fellsgil. Stærð svæðisins er um 3 ha.

3.5 LAUGARÁS

Brúin yfir Hvítá við Iðu er helsta forsenda þéttbýlismyndunar í Laugarási. Í kjölfarið var jarðhitinn nýttur til ylræktar líkt og í Reykholti og um árabil var í Laugarási stærsta gróðurhúsasvæði landsins. Enda eru skilyrði fyrir ylrækt ákjósanleg ásamt því að nóg er af jarðhita og landrými. Garðyrkjustöðvum hefur farið fækkandi undanfarin ár.

Heilsugæsla hefur verið starfrækt í Laugarási s.l. 90 ár og þar er félagsþjónustan einnig til húsa. Frístundasvæði hafa byggst upp umhverfis Laugarás s.l. ár og er svæðið vinsæll dvalarstaður innlendra ferðamanna til lengri eða skemmri tíma allt árið um kring. Þá er tjaldsvæði og dýragarður í Laugarási og hefur hvort tveggja nokkurt aðdráttarafl.

Laugarás er vel staðsett í um 40 km fjarlægð frá Selfossi. Vannýtt tækifæri eru á svæðinu m.a. með tilliti til nýtingar jarðhitans, kyrrláts umhverfis og nálægðar við helstu viðkomustaði ferðamanna í Uppsveitum Árnassýslu. Þá eru miklir vaxtarmöguleikar í þéttbýlinu vegna nægilegs landrýmis undir íbúðarbyggð, verslunar-, þjónustu- og atvinnusvæði.

Á heildina litið hefur íbúum farið fækkandi í Laugarási frá árinu 1999. Þann 1. janúar 2017 voru íbúar 97 talsins.

Markmið fyrir Laugarás:

- **Að vaxtargrundvöllur ylræktar verði áfram tryggður í Laugarási með nægilegu framboði lóða og öflugri hita- og vatnsveitu.**
- **Að efla vöxt þéttbýlisins á sviði ferðaþjónustu og nálægðar við helstu viðkomustaði íslenskra og erlendra ferðamanna.**

3.5.1 Íbúðarbyggð

Íbúðabyggð er að mestu leyti bundin við Laugarásinn (ÍB10) og Bæjarholt (ÍB9) en á þessum svæðum eru þó nokkrar óbyggðar lóðir. Byggð er lágrest, á 1-2 hæðum og flest húsin einbýlishús. Nýtingarhlutfall á íbúðarlóðum er almennt 0,2-0,3 en allt að 0,6 þar sem byggðin er þéttust.

Íbúðarsvæði í Laugarási		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÍB9	Bæjarholt	Svæðið er deiliskipulagt og eru nokkrar lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 3 ha.
ÍB10	Laugarásinn	Svæðið er deiliskipulagt og eru lóðir mis stórar. Nokkrar lóðir eru byggðar. Stærð svæðis er um 18 ha.
ÍB11	Stöðulmúli	Svæðið er deiliskipulagt og eru lóðir frekar stórar. Byggt hefur verið á öllum lóðum. Stærð svæðis er tæpir 2 ha.
ÍB12	Vesturbyggð	Svæðið er deiliskipulagt. Ein lóð er óbyggð. Stærð svæðis er um 2 ha.
ÍB13	Langholt	Svæðið er deiliskipulagt og eru lóðir stórar. Stærð svæðis er um 2 ha.
ÍB14	Iðufell	Gert er ráð fyrir lágrestri íbúðarbyggð á 1-2 hæðum. Stærð svæðis er um 1 ha.

3.5.2 Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði í Laugarási eru fyrst og fremst nýtt til ylræktar. Stærð þeirra er um 85 ha. Heimilt er að vera með íbúðarhús og starfsmannahús á landbúnaðarsvæðum í þéttbýli. Nánar er fjallað um landbúnaðarsvæði í kafla 2.4.1.

3.5.3 Verslun- og þjónusta

Dýragarðurinn Slakki er í Laugarási og er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu í tengslum við hann. Þá er gert ráð fyrir að á Iðufelli (VP3) byggist upp hótél og veitingaaðstaða fyrir ferðamenn.

Verslunar- og þjónustusvæði í Laugarási		
Nr.	Heiti	Lýsing
VP37	Langholt	Verslunar eða þjónustulóð. Stærð svæðis er um hektari.
VP38	Sólveigarstaðir	Svæðið er deiliskipulagt og er þegar byggt. Gert er ráð fyrir ýmis konar þjónustu. Stærð svæðis er um hektari.
VP39	Iðufell	Gert er ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu s.s hóteli með um 80 herbergjum og veitingasölu ásamt verslun og aðstöðu fyrir starfsmenn. Byggingar geta verið á 2-4 hæðum. Stærð svæðis er um 6 ha.
VP40	Slakki	Á svæðinu er húsdýragarður og ferðaþjónusta. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er rúmur hektari.

3.5.4 Samfélagsþjónusta

Heilsugæslustöðin er á rúmgóðri lóð næst Hvítá og þar eru ýmsir vaxtarmöguleikar.

Samfélagsþjónusta í Laugarási		
Nr.	Heiti	Lýsing
S9	Heilsugæsla	Lóð undir heilsugæslu og tengda starfsemi. Svæðið er deiliskipulagt og er stærð um 3 ha.

3.5.5 Athafnasvæði

Gert er ráð fyrir að á athafnasvæðum geti byggst upp léttur iðnaður sem hefur litla mengunarhættu í för með sér.

Athafnasvæði í Laugarási		
Nr.	Heiti	Lýsing
AT4	Laugarás	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir nokkrum mis stórum lóðum og hreinlegri atvinnustarfsemi. Ein lóð er byggð. Stærð svæðis er um 2 ha.

3.5.6 Iðnaðarsvæði

Nokkur iðnaðarsvæði eru í Laugarási og eru þau öll nýtt fyrirðælustöðvar hitaveitu.

Iðnaðarsvæði í Laugarási		
Nr.	Heiti	Lýsing
I13	Dælustöð	Lóð fyrir dælustöð hitaveitu.
I14	Dælustöð	Lóð fyrir dælustöð hitaveitu.
I15	Dælustöð	Lóð fyrir dælustöð hitaveitu.
I16	Fráveita	Lóð fyrir hreinsivirki fráveitu.

3.5.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Einn leikvöllur með aðstöðu til ýmis konar boltaleikja er í Laugarási. Þar er einnig tjaldsvæði.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Laugarási		
Nr.	Heiti	Lýsing
AF32	Tjaldsvæði og leikvöllur	Á svæðinu er tjaldsvæði, boltavöllur og leikvöllur. Svæðið er deiliskipulagt og er stærð þess tæpir 2 ha.

3.5.8 Óbyggð svæði

Gert er ráð fyrir óbyggðu svæði meðfram Hvítá þar sem liggur merktur göngustígur. Þá eru óbyggð svæði meðfram helstu götum í þéttbýlinu.

3.6 LAUGARVATN

Þéttbýlisþróun Laugarvatns er samofin menntunar-, menningar- og íþróttasögu svæðisins. Þá laðar Laugarvatn til sín ferðamenn með afþreyingu á borð við jarðhitaböð og möguleika til útivistar.

Fjögur skólastig eru starfrækt á Laugarvatni og margir íbúar Laugarvatns hafa beina eða óbeina atvinnu af rekstri skólanna, ásamt íbúum í sveitinni í kring. Þjónusta við ferðamenn og eigendur sumarhúsa á nærliggjandi svæðum fer ört vaxandi. Þá hefur vegurinn yfir Lyngdalsheiði orðið til þess að stækka atvinnusvæði íbúa Laugarvatns og nágrennis en fjarlægðin til höfuðborgarsvæðisins er tæpir 60 km.



Mynd 13. Horft yfir Laugarvatn. Mynd: Sigurður B. Sævarsson.

Laugarvatn hefur alla burði til þess að þróast áfram sem mennta-, menningar- og íþróttasetur, samhliða fjölgun ferðamanna á svæðinu og þjónustu við þá.

Þann 1. janúar 2017 voru íbúar 177 talsins og hefur farið heldur fækkandi frá árinu 2008.

Markmið fyrir Laugarvatn:

- Laugarvatn verði eftt sem miðstöð upplýsinga, á sviði menntunar, menningar, lýðheilsu og ferðaþjónustu fyrir sveitarfélagið í heild.
- Að efla enn frekar tækifæri til vistvænnar uppbyggingar sem felast m.a. í nálægðinni við helstu náttúrperlur landsins.
- Skólastarf á Laugarvatni verði eftt og mörkuð stefna um uppbyggingu staðarins í tengslum við það.

3.6.1 Miðsvæði

Miðað er við að á miðsvæði Laugarvatns verði fjölbreytt blanda verslana, þjónustufyrirtækja og íbúða og að bærinn gegni mikilvægu hlutverki fyrir ferðaþjónustu í Uppsveitum Árnessýslu.

Markmið:

- Ferðaþjónusta verði markvisst byggð upp á Laugarvatni.
- Nýting Laugarvatns og strandlengju þess til útivistar og ferðamennsku verði aukin og bætt, en jafnframt verði þess gætt að náttúru- og menningarminjum verði ekki raskað.

Miðsvæði á Laugarvatni		
Nr.	Heiti	Lýsing
M1	Miðbær	Á svæðinu er verslun, hluti af stjórnarsýslunni, íþróttahús og sundlaug, ferðaþjónusta og háskóli. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á verslun og þjónustu, einkum í tengslum við ferðaþjónustu. Einnig hóteli og menningarstarfsemi ýmis konar. Þá er gert ráð fyrir að háskólinn eflist. Svæðið er deiliskipulagt. Mannvirki geta verið á allt að 3 hæðum. Stærð svæðis er um 10 ha.

3.6.2 Íbúðarbyggð

Íbúðarsvæði á Laugarvatni eru deiliskipulögð fyrir utan ÍB5 sem ætlað er til framtíðarnota. Um 100 íbúðarlóðir eru óbyggðar á Laugarvatni. Nýtingarhlutfall á íbúðarlóðum er almennt 0,2-0,3 en allt að 0,6 þar sem byggðin er þéttust.

Íbúðarsvæði eru eftirtalin:

Íbúðarsvæði á Laugarvatni		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÍB15	Holtahverfi	Gert er ráð fyrir einbýlis-, par- og raðhúsum á einni hæð. Nokkrar lóðir eru byggðar en 19 óbyggðar. Mikið jarðvegsdýpi og grunnvatnsstreymi er á svæðinu. Nánar er fjallað um skilmála í deiliskipulagi svæðisins. Stærð svæðis er um 3 ha.
ÍB16	Hrínholt, Torfholt og Lindarbraut	Íbúðarsvæði þar sem flest hús eru einbýlishús á einni til tveimur hæðum. Svæðið er deiliskipulagt og telst fullbyggt. Stærð svæðis er um 2 ha.
ÍB17	Lindar-, Reykja- og Bjarkarbraut	Íbúðarsvæði þar sem flest hús eru einbýlishús á einni til tveimur hæðum. Eitt parhús. 2 einbýlishúsalóðir eru óbyggðar. Gert er ráð fyrir leiksvæði í miðju svæðisins. Stærð svæðis er um 2 ha.
ÍB18	Menntaskólatún og Skólatún	Menntaskólatún er deiliskipulagt fyrir 78 íbúðarlóðir, einbýlishús og raðhús á einni hæð. Tvær lóðir eru byggðar. Nánar er fjallað um skilmála í deiliskipulagi svæðisins. Á Skólatúni er deiliskipulag fyrir 10 lóðir, einbýlishús á einni til tveimur hæðum. Fimm lóðir eru óbyggðar. Stærð svæðis er um 12 ha.
ÍB19	Hlíðar Laugarvatnsfjalls	Svæði norðan Laugarvatnsvegur, í hlíðum Laugarvatnsfjalls. Gert er ráð fyrir að svæðið rúmi um 80-90 íbúðir á 1-2 hæðum. Stærð svæðis er um 12 ha.

3.6.3 Verslun og þjónusta

Á Laugarvatni er verslun og bensínstöð. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu verslunar- og þjónustu. Eftirtalin svæði eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði:

Verslunar- og þjónustusvæði á Laugarvatni		
Nr.	Heiti	Lýsing
VÞ41	Einbúi	Svæðið er deiliskipulagt undir ferðaþjónustu, þar er gert ráð fyrir gisti- og þjónustuhúsi. Svæðið er um 4 ha.
VÞ42	Torfholt	Á svæðinu er verslun og bensínstöð. Fjórar lóðir eru óbyggðar. Einnig er gert ráð fyrir íbúðum á þessu svæði. Byggingar geta verið á 1-2 hæðum. Svæðið er um hektari að stærð.
VÞ43	Sunnan Lyngdalsheiðarvegur	Gert er ráð fyrir uppbyggingu ýmis konar verslunar- og þjónustu í tengslum við ferðaþjónustu. Byggingar geta verið á 2-3 hæðum. Stærð svæðis er um 3 ha.

3.6.4 Samfélagsþjónusta

Fjölbreytt skólastarfsemi er á Laugarvatni og spannar hún allt frá leikskóla til náms á háskólastigi. Mannvirki geta verið á 1-3 hæðum. Eftirtalin stofnanasvæði eru á Laugarvatni:

Samfélagsþjónusta á Laugarvatni		
Nr.	Heiti	Lýsing
S10	Grunnskóli og leikskóli	Grunnskóli og leikskóli ásamt útisvæði og leikvelli. Einnig strandblakvöllur og útisvæði ætlað til útikennslu. Stærð svæðis er um 4 ha.
S11	Framhaldsskóli	Innan svæðis er menntaskóli, heimavist og aðrar byggingar í tengslum við skólann. Stærð svæðis er um 17 ha.

3.6.5 Athafnasvæði

Athafnasvæði hefur verið deiliskipulagt á svokölluðu Kotstúni. Þar er gert ráð fyrir að byggist upp ýmis konar atvinnustarfsemi, s.s. hreinlegur iðnaður o.fl.

Athafnasvæði á Laugarvatni		
Nr.	Heiti	Lýsing
AT5	Kotstún	Svæðið er óbyggt en hefur verið deiliskipulagt. Gert er ráð fyrir blönduðu svæði fyrir athafnastarfsemi og verslun- og þjónustu. Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu að svæðinu. Stærð svæðis er um 7 ha.

3.6.6 Iðnaðarsvæði

Tvö iðnaðarsvæði eru á Laugarvatni. Er annað fyrir hreinsistöð fráveitu og hitt fyrir ýmis konar iðnaðarstarfsemi, m.a. gámaöll.

Iðnaðarsvæði á Laugarvatni		
Nr.	Heiti	Lýsing
I17	Hreinsistöð	Lóð fyrir hreinsistöð fráveitu. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð er innan við 1 ha.
I18	Lindarskógur	Deiliskipulagt iðnaðarsvæði þar sem m.a. er gámasvæði fyrir flokkun sorps. 3 lóðir eru óbyggðar. Stærð svæðis er um 5 ha.

3.6.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Tjaldsvæði og hjólhýsasvæði eru norðarlega í byggðinni. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu í tengslum við tjaldsvæðið.

Afþreyingar og ferðamannasvæði á Laugarvatni		
Nr.	Heiti	Lýsing
AF33	Hjólhýsasvæði	Hjólhýsasvæði er norðarlega í þéttbýlinu. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu. Stærð svæðisins er um 9 ha.
AF34	Tjaldsvæði	Á svæðinu er rekið tjaldsvæði og þjónusta því tengd. Svæðið er deiliskipulagt og er um 8 ha að stærð. Gert er ráð fyrir frekari þjónustu við tjaldgesti á svæðinu.

3.6.8 Opin svæði

Í hlíðum Laugarvatnsfjalls og í tengslum við tjaldsvæðið og hjólhýsasvæðið er opið svæði með göngu- stígum. Að hluta til er þar náttúrulegur birkiskógur en einnig hefur verið unnið þar að skógrækt sem myndar skjól og umgjörð um stíga og útivistarsvæði. Þá liggur Kónsvegurinn í hlíðum Laugarvatnsfjalls og nýtur hann hverfisverndar (kafli 2.8.3).

Opin svæði á Laugarvatni		
Nr.	Heiti	Lýsing
OP6	Skógrækt og útivist	Skógræktar og útivistarsvæði. Stærð er um 10 ha.
OP7	Kjarr	Kjarrsvæði milli hjólhýsasvæðis og tjaldsvæðis. Stærð svæðis er um 2 ha.
OP8	Kjarr	Útivistarsvæði. Stærð svæðis er um 2 ha.
OP9	Útivistarsvæði	Á svæðinu er minningarlundur Jónasar frá Hriflu, Húnbogalundur, bálhús, göngustígar, áningarstaðir o.fl. Stærð er um 20 ha.
OP10	Bjarnalundur	Minningarlundur um fyrrum skólastjóra Héraðsskólans. Göngustígar, svæði til útivistar og skógur að hluta til. Stærð er um 3 ha.
OP11	Bullunga	Útivistar- og leiksvæði með Laugarvatni og í jaðri byggðarinnar.

3.6.9 Íþróttasvæði

Í norðurhluta þéttbýlisins er hesthúsasvæði og reiðvöllur. Frá hesthúsasvæðinu liggja góðar reiðleiðir um nágrennið. Þá er íþróttavöllur í tengslum við skólasvæðið.

Íþróttasvæði á Laugarvatni		
Nr.	Heiti	Lýsing
ÍÞ8	Íþróttasvæði	Íþróttavöllur og svæði til íþróttaiðkana. Svæðið er deiliskipulagt og er um 3 ha.
ÍÞ9	Hesthús	Svæði fyrir reiðhöll, hesthús, reiðvelli og áhorfendasvæði. Svæðið er deiliskipulagt og er stærð um 20 ha.

3.6.10 Kirkjugarðar og grafreitir

Laugarvatnskirkjugarður er í hlíðum Laugarvatnsfjalls.

Grafreitir á Laugarvatni		
Nr.	Heiti	Lýsing
K1	Laugarvatnskirkjugarður.	Stærð svæðis er um 0,1 ha.

3.6.11 Óbyggð svæði

Syðst og vestast á Laugarvatni er gert ráð fyrir óbyggðu svæði. Þessi svæði geta eftir atvikum nýst íbúum og gestum til útivistar.

4 SKIPULAGSFERLI

Fjallað er um helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá eldra aðalskipulagi (kafla 4.1). Gerð grein fyrir ferli skipulagslýsingar, athugasemdum við hana og hvernig brugðist var við þeim (kafla 4.2). Þá er greint frá samráði sem haft var á vinnslutíma aðalskipulagstillögunnar og kynningu á tillögunni (kafla 4.3). Að lokum er greint frá auglýsingu aðalskipulagstillögunnar, þeim athugasemdum sem bárust og afgreiðsla þeirra (kafla 4.4).

4.1 BREYTINGAR FRÁ ELDRA AÐALSKIPULAGI

Helstu breytingar eru að aðalskipulag Bláskógabyggðar er sett saman í eina heild en var áður í þremur hlutum, einn fyrir hvert hinna þriggja sveitarfélaga sem nú mynda Bláskógabyggð. Tekið hafa gildi ný skipulagslög, nr. 123/2010 og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir nýjum skipulagsflokkum s.s. afþreyingar og ferðamannasvæðum, íþróttasvæðum, skógræktar- og landgræðslusvæðum, varúðarsvæðum og annarri náttúruvernd. Í einhverjum tilfellum hefur landnotkun því færst milli landnotkunarflokka. Í nýjum lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, er gert ráð fyrir vernd víðerna auk merkra jarðmyndana og vistkerfa. Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 eru virkjanakostir skv. öðrum áfanga Rammaáætlunar flokkaðir í varúðarsvæði og aðra náttúruvernd. Landskipulagsstefna 2015-2026 tók gildi vorið 2016. Í henni er m.a. gert ráð fyrir flokkun landbúnaðarlands, að mörkuð verði stefna um yfirbragð byggðar og að landnotkun styðji við búsetu og samfélag en taki jafnframt tillit til verndarsvæða. Á hálendinu er áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda og vistkerfa, stuðlað verði að góðri aðstöðu ferðamanna, góðu aðgengi að hálendinu og að mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir nýjum verslunar- og þjónustusvæðum þar sem áætluð er frekari uppbygging í tengslum við ferðaþjónustu. Nýtt verslunar- og þjónustusvæði er vestan við Snókagjá á Þingvöllum þar sem áætluð er bygging nýrrar þjónustumiðstöðvar, þá er gert ráð fyrir að stækka þjónustumiðstöð á Hakinu á Þingvöllum. Þá eru nokkur ný verslunar- og þjónustusvæði á jörðum í dreifbýli. Þar er fyrirhuguð uppbygging fyrir ferðamenn.

Allir skálar á hálendinu eru settir undir afþreyingar- og ferðamannasvæði. Sett er inn nýtt skálasvæði suðvestan við Geldingafell á Kili og annað við Mosaskarð. Þar er ráðgerð uppbygging í ferðaþjónustu. Skálpanes er fært úr skálasvæði í fjallasel.

Breytingar eru gerðar á afmörkun nokkurra frístundasvæða í samræmi við nákvæmari kortagrunna. Ekki er gert ráð fyrir svæðum fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli en heimilt er að byggja íbúðarhús í tengslum við þá byggð sem fyrir er.

Heimilaðar eru ýmis konar stakar framkvæmdir s.s. íbúðar- og frístundahús á landbúnaðarsvæðum. Virkjanir, vindraftstöðvar og örvirkjanir að ákveðinni stærð eru heimilaðar. Minni veitur og veitumannvirki eru heimil. Heimilt er að útbúa áningarstaði á helstu ferðaleiðum s.s. við göngu- og reiðleiðir. Áfram er heimilt að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu, sú heimild er þó víkkuð út.

Haldið verður áfram uppbyggingu helstu hálendisvega eins og gert var ráð fyrir í eldri aðalskipulögum. Biskupstungnabraut verður færð suður fyrir Geysissvæðið til að skapa rými fyrir frekari uppbyggingu ferðaþjónustu þar og til að draga megin umferðina fjær sjálfu hverasvæðinu. Kjalvegur verður færður til vesturs á sunnanverðum Bláfellshálsi, á snjóléttara svæði og tengingu Skálpanesvegur við Kjalveg er breytt lítillega. Einnig verður syðsti hluti Kaldadalsvegur færður til vesturs. Skilgreindar eru reiðhjóla- leiðir og gönguleiðir og einnig voru reiðleiðir yfirfarnar og eru þær að miklu leyti í samræmi við þær leiðir sem sýndar eru á vef Landssambands hestamannafélaga.

Útbreiðsla flóða í Hvítá hefur verið kortlögð og eru þekkt flóðasvæði skilgreind sem svæði undir náttúru- uvá.

Skógræktarsvæði eru afmörkuð í samræmi við afmörkun frá Skógræktinni og landgræðslusvæði í samræmi við afmörkun frá Landgræðslunni. Sveitarstjórn er hlynnt því að endurheimta Hagavatn og draga þannig úr uppblæstri og foki yfir byggðina.

Afmörkun hverfisverndarsvæða er breytt á nokkrum stöðum og hverfisvernd er tekin af svæðum sem eru á náttúruminjasrá. Nákvæmari staðsetning er á nokkrum vatnsbólum og vatnsverndarsvæðum er breytt í mörgum tilfellum, í samræmi við nákvæmari kortagrunna. Þá hefur farið fram aðalskráning forn- minja í þéttbýli og eru minjarnar sýndar á þéttbýlisuppráttum í samræmi við það og fjallað um þær helstu í greinargerð. Virkjanakostir í verndarflokki eru sýndir sem önnur náttúruvernd og virkjanakostir í biðflokki sem varúðarsvæði. Friðland í Þjórsárverum hefur verið stækkað og nær nú yfir Hofsjökul og þar með hluta af Bláskógabyggð. Gerð er grein fyrir friðlandinu í greinargerð og það sýnt á uppdrætti.

Breytingar í Reykholti

Þéttbýlisstaðurinn Reykholt er minnkaður um 20 ha m.v. það sem var í eldra skipulagi. Svæði umhverfis Einbúa, í landi Litla-Fljóts, er tekið úr þéttbýlisnotum. Þá er íbúðarsvæðið á Kistuholti minnkað nokkuð. Á Birtingaholti er gert ráð fyrir framtíðar byggingarlandi fyrir íbúðarbyggð og gert er ráð fyrir útivistar- svæði með Hveragili. Þá hefur skilgreining nokkurra svæða breyst samfara breytingum í nýrri skipulags- reglugerð nr. 123/2010.

Breytingar í Laugarási

Þéttbýlisstaðurinn Laugarás er minnkaður verulega frá því sem var í eldra skipulagi eða úr um 500 ha í um 170 ha. Svæði sunnan Hvítár er nú utan þéttbýlisins, þar var gert ráð fyrir frístundasvæði. Einnig eru landbúnaðar- og frístundasvæði sem voru í vestur- og norðurhluta þéttbýlisins tekin út fyrir þéttbýlið. Íbúðarsvæði í Langholti er minnkað talsvert og einnig íbúðarsvæði á Laugarásnum. Er þetta gert þar sem íbúum hefur heldur fækkað undanfarin ár. Opnu svæði til sérstakra nota sem var meðfram Hvítá er breytt í landbúnaðarsvæði. Þá er svæði fyrir samfélagsþjónustu nýrst í þéttbýlinu fellt út ásamt iðnað- arsvæði. Þá hefur skilgreining nokkurra svæða breyst samfara nýrri skipulagsreglugerð nr. 123/2010.

Breytingar á Laugarvatni

Breytingar frá eldra aðalskipulagi eru ekki miklar á Laugarvatni. Helstar eru þær að hesthúsasvæði og íþróttasvæði breyttist úr opnu svæði til sérstakra nota í íþróttasvæði. Þá breyttust tjaldsvæðið og hjólhúsasvæðið í afþreyingar- og ferðamannasvæði í stað opins svæðis til sérstakra nota. Báðar þessar

breytingar eru vegna breytinga í nýrri skipulagsreglugerð nr. 123/2010. Íbúðarsvæði sunnan Lyngdalsheiðarvegar er breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

4.2 SKIPULAGSLÝSING

Lýsing vegna nýs aðalskipulags fyrir Bláskógabyggð var auglýst frá 13. maí til 25. júní 2015, einnig var hún send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar. Athugasemd barst frá Skipulagsstofnun og eru þær eftirfarandi:

- Marka þarf stefnu um búsetumynstur og huga að ásýnd og gæðum í hinu byggða umhverfi. Skoða þarf helstu forsendur sem tengjast ferðamennsku með það fyrir augum að setja fram raunhæfa stefnu í ferðaþjónustu. Skilgreina helstu áfangastaði og gera grein fyrir fjölda gistirýma.
- Skýrt þarf að vera hvernig stefna um ferðaþjónustu samræmist stefnu stjórnvalda, áætlun um vernd og nýtingu landsvæða og t.d. gildandi friðlýsingum, s.s. á Þingvöllum.
- Hvatt er til þess að unnið sé með áherslur landsskipulagsstefnu við mótun stefnu aðalskipulagsins.
- Gera þarf grein fyrir af hverju uppdráttur af hálendissvæði Bláskógabyggðar verði í mælikvarðanum 1:100.000.
- Yfirfara þarf lista yfir umhverfisþætti og skýra betur.
- Fjalla þarf um hvernig staðið verði að umhverfismatinu og hverjir komi til með að leggja mat á áhrifin.
- Bent er á að núll kostur er sú stefna sem sett er fram í gildandi aðalskipulagi.
- Skoða þarf stefnu um landbúnaðarsvæði með tilliti til flokkunar landbúnaðarlands, skógræktar og annarrar ræktunar.

Við vinnslu aðalskipulagstillögunnar hefur verið reynt að bregðast við ofangreindum athugasemdum og skýra þá þætti sem þörfuðust frekari skýringar.

4.3 SAMRÁÐ OG KYNNING

Meðan á skipulagsvinnunni stóð var fundað reglulega með vinnuhópi sveitarstjórnar. Einnig var fundað með ýmsum starfsmönnum sveitarfélagsins, hagsmunaaðilum og haldnir íbúafundir. Þá voru aðalskipulagsgögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins meðan skipulagsvinnan stóð yfir.

- Opið hús var í apríl 2014 þar sem almenningi gafst kostur á að skoða gildandi aðalskipulag með síðari breytingum. Óskað var eftir ábendingum eða hugmyndum að breytingum á aðalskipulaginu.
- Fundur með ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnes-sýslu í desember 2014.
- Opinn fundur á Geysi í janúar 2015 vegna hugsanlegrar færslu Biskupstungnabrautar suður fyrir Geysissvæðið.
- Fundur í febrúar 2015 með hestamannafélaginu Loga; formanni og fulltrúa úr reiðveganefnd, ásamt ferðamálafulltrúa.
- Fundur í mars 2015 með fulltrúum Þingvallabjörgarðs; þjóðgarðsverði, fræðslufulltrúa og yfirlandverði.
- Opið hús og kynning á aðalskipulagsvinnunni var í Aratungu í mars 2015. Þar var óskað eftir ábendingum eða hugmyndum frá íbúum.
- Í maí 2015 voru nemendur í grunnskólunum heimsóttir og einnig elstu nemendur leikskólanna. Óskað var eftir hugmyndum frá þeim sem gætu nýst í aðalskipulagsvinnunni. Ýmsar gagnlegar ábendingar komu fram m.a. að leiksvæðum, nýjum stígum, göngu- og reiðleiðum og afþreyingarmöguleikum. Hluti þessara hugmynda er settur fram í aðalskipulaginu, aðrar voru þess eðlis að sveitarstjórn getur unnið áfram með þær.



Mynd 14. Opið hús í Aratungu þar sem aðalskipulagsvinnan var kynnt.

- Í júní 2015 var fundur með fulltrúum Skipulagsstofnunar, þar var m.a. farið yfir helstu áherslur í aðalskipulagsvinnunni og kynntar hugmyndir og stefna sveitarfélagsins.
- Í október 2015 var fundur með fulltrúum Þingvallabjórðgarðs vegna endurskoðunar á stefnumörkun fyrir þjóðgarðinn.
- Í nóvember 2015 var fundur með fulltrúum Vegagerðarinnar. Rætt var um færslu Biskupstungnabrautar við Geysi, breytingar á Kjalvegi á Bláfellshálsi og Skálpanesvegi. Einnig um færslu suðurhluta Kaldadalsvegar til vesturs. Þá var minnst á efnistökusvæði í tengslum við vegagerð.
- Í janúar 2016 var fundur með landeigendum á Geysissvæðinu vegna fyrirhugaðrar færslu Biskupstungnabrautar suður fyrir Geysissvæðið.
- Í janúar 2016 var aðalskipulagstillagan kynnt fyrir sveitarstjórn Bláskógabyggðar.
- Opið hús var í febrúar 2016 þar sem aðalskipulagstillagan var kynnt fyrir íbúum.
- Fundað var með Vegagerðinni í ágúst 2017 og m.a. farið yfir breytingar á Biskupstungnabraut, Kjalvegi og Reykjavegi.

4.4 AFGREIÐSLA EFTIR KYNNINGU AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá 17. mars til 5. apríl 2016. Nokkrar ábendingar og athugasemdir bárust á kynningartíma og voru eftirfarandi breytingar gerðar á tillögunni:

- Verslunar- og þjónustusvæði í Neðri-Dal, Árgili og Stöllum voru sameinuð í eitt 10 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á þjónustu fyrir ferðamenn. Einnig var bætt inn nokkrum verslunar- og þjónustusvæðum.
- Sett var inn á skipulagsupprátt reiðleið með Laxá í Kjós, norðan Stíflisdalsvatns yfir á reiðleið sem liggur á Þingvelli.
- Í kafla um skipulagsgögn er bætt við umfjöllun um sveitarfélagamörk og landamerki.
- Bætt var inn kafla (2.1) um umhverfi og yfirbragð byggðar í dreifbýli og mannvirkja á hálendi.
- Bætt inn kafla um hálendið (kafla 2.2).
- Landsskipulagsstefna 2015-2026 hefur verið samþykkt á Alþingi. Vísað er til hennar í greinargerð og fjallað um hana í umhverfisskýrslu í forsenduhefti.
- Í umhverfisskýrslu í forsenduhefti er bætt inn umfjöllun um lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
- Íbúðarsvæðið ÍB1 í Reykholti er stækkað og nær yfir Brautarhól og Hveragil.
- Gerð er grein fyrir því að stækkun Hagavatns og Hagavatnsvirkjun séu að hluta til innan mannvirkjabeltis Sultartangalína 1 og 3.
- Skálasvæði við Geldingafell er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í stað verslunar- og þjónustusvæðis.
- Í umhverfisskýrslu er bætt inn ýtarlegri umfjöllun um valkosti og þær umræður sem fóru fram í vinnuhópi. Einnig umfjöllun um tengsl aðalskipulagstillögu við ýmsar stefnumarkningar ríkis og sveitarfélaga.
- Í forsenduhlutann var bætt inn kafla um Þjóðlendur.
- Á aðalskipulagsupprætti var bætt inn línu sem sýnir mörk milli hálendis og byggðar.
- Á Laugarvatni var íbúðarsvæði sunnan Lyngdalsheiðarvegar breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu.

4.5 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá 15. júní 2017 til 28. júlí 2017. Alls bárust 16 athugasemdir.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á aðalskipulagstillögunni til að koma til móts við athugasemdir:

- Vitnað er í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og bætt við umfjöllun um mannvirki sem byggð eru 1925 og fyrr. Gert er ráð fyrir að aðalskráning fornminja fari fram fyrir næstu endurskoðun aðalskipulagsins. Bætt er við lista um mannvirki byggð 1925 og fyrr og kirkjur byggðar 1940 og fyrr.

- Umfjöllun um Suðurlandsskóga og Skógræktina er leiðrétt í greinargerð en þessar stofnanir hafa sameinast undir heitinu Skógræktin.
- Gerð er nánari grein fyrir aukningu umferðar um Kjalveg.
- Felld er út hverfisvernd á Flókatjörn að ósk landeigenda.
- Frístundasvæðið F68 er minnkað að ósk landeigenda.
- Bætt inn reiðleið um Leggjabrjót enda er hún í gildandi skipulagi.
- Á íþróttasvæði fyrir golfvöll í Haukadal (ÍÞ4) verður heimiluð þjónusta tengd golfvöllinum, s.s. veitingasala og gisting.
- Bætt er við umfjöllun um þann möguleika að Biskupstungnabraut liggi um Einholtsgveg.
- Fækkað ver veltengingum við nýjan veg fyrir sunnan Geysi.
- Legu nýs vegar sunnan við Geysi verður breytt lítillaga, fer yfir Tungufljót sunnar en áður var gert ráð fyrir.
- Kaldadalsvegur og Skálpanesvegur eru tengivegir en ekki landsvegir og er það leiðrétt.
- Búið er að breyta legu Kjalvegur lítillaga sunnan við Árbúðir og er það leiðrétt.
- Tengingum hliðarvega við Reykjaveg hefur í nokkrum tilfellum verið breytt lítillaga.
- Leiðrétt er umfjöllun um verndarsvæði og minjar í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Gerð er ýtarlegri grein fyrir byggingarheimildum í þéttbýli.
- Vegir á hálendi sem hafa vagnúmer eru skilgreindir sem landsvegir í samræmi við flokkun Vega-gerðarinnar.
- Árbúðir eru skilgreindar sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í stað verslunar og þjónustu.
- Mörk milli byggðar og hálendis eru sýnd eins og í svæðisskipulagi miðhálendisins.
- Bætt er við skilgreiningu á hálendismiðstöð, skálasvæði og fjallaseli skv. landsskipulagsstefnu.
- Fjallað er nánar um Þingvelli, Geysi og Gullfoss.
- Gerð er grein fyrir Friðlandi í Þjórsárverum en eftir stækkun þess er það að hluta til innan Bláskóga-byggðar.
- Bætt er inn iðnaðarsvæði fyrir borholu hitaveitu í landi Bergstaða.
- Hrutárvirkjun í Hrutá í landi Brekku er bætt inn enda er hún í gildandi skipulagi, en láðist að gera grein fyrir henni.
- Sveitarfélagamörk við Grímsnes- og Grafningshrepp verða sýnd skv. IS50v gögnum LMÍ. Haft hefur verið samráð við Grímsnes- og Grafningshrepp um mörkin.
- Skáli í Mosaskarði er skilgreindur sem fjallaseli í stað skálasvæðis.
- Bætt er inn fjallaseli fyrir skálann Bratta í Súlnadal í Botnssúlum.

5 HEIMILDIR

- Alþingi Íslands. (2007). Vegalög nr. 80/2007. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/142/2007080.html>
- Alþingi Íslands. (2012a). Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Ísland. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>
- Alþingi Íslands. (2012b). Þingsályktun um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, nr. 3/141. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/141/s/0592.html>
- Alþingi Íslands. (2012c). Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1630.pdf>
- Alþingi Íslands. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 (2015). Iceland. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>
- Alþingi Íslands. (2015b). *Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018*. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/pdf/144/s/1341.pdf>
- Alþingi Íslands. (2016). Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Retrieved from <http://www.althingi.is/altext/145/s/1027.html>
- Árni Hjartarson. (2016). *Bláskógabyggð. Breyting á grannsvæði vatnsverndar í Fljótsbotnum*. Reykjavík.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, & Samtök ferðapjónustunnar. (2015). *Vegvísir í ferðapjónustu*. Reykjavík. Retrieved from http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/Skyrslur/vegvisir_2015.pdf
- Bláskógabyggð. (2015). Bláskógabyggð, upplýsingar um sveitarfélagið. Retrieved from <http://blaskogabyggd.is/>
- Bláskógabyggð, & Steinsholt sf. (2016). *Bláskógabyggð. Aðalskipulag 2015-2027. Forsendur*.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjóri, & Jakob Orri Jónsson. (2016). *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð I. Fornleifaskráning á Laugarvatni og Snorrastöðum*. Reykjavík.
- Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjórar, Birna Lárusdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, & Stefán Ólafsson. (2015). *Friðlýstar minjar á Suðurlandi: skráningarátak*. Reykjavík. Retrieved from http://instarch.is/pdf/Skraning/S-FS570_14171_Fri%20star%20minjar%20Su%20urlandi_TB.pdf
- Ferðamálastofa. (2016). *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum, maí 2016*. Reykjavík. Retrieved from http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2016/juni/ferdatjon_tolum_16.pdf
- Fornleifanefnd. (1990). *Skrá um friðlýstar fornleifar*.
- geirfugl.is. (2015). Flugvellir. Retrieved March 15, 2015, from http://www.geirfugl.is/kort/flugvellir_front.php
- Greiningardeild Arion banka. (2016). *Ferðamannalandið Ísland : Draumaland eða Djöflaeyja. Ferðapjónustuúttekt Greiningardeildar Arion banka*.
- Hótel Geysir. (2014). Geysir - þróun hverasvæðisins. Retrieved from <http://www.hotelgeysir.is/?c=webpage&id=101&lid=97&option=links>
- Jakob Orri Jónsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjórar, & Kristborg Þórsdóttir. (2016a). *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð II. Fornleifaskráning innan landamerkja Litla- og Stóra-Fljóts*. Reykjavík.
- Jakob Orri Jónsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstjórar, & Kristborg Þórsdóttir. (2016b). *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð III. Fornleifaskráning innan landamerkja Laugaráss og lðu*. Reykjavík.
- Landnáma. (n.d.). Gönguleið frá Geysi að Glym. Retrieved November 11, 2015, from <http://www.landnama.is/>
- Minjastofnun Íslands. (2016). *Verndaráætlun fyrir minjasvæðið í Skálholti*. Retrieved from <http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Verndaraaetlun-Skalaholt-lokautgafa-m.undirskriftum.pdf>
- Ómar Smári Kristinsson. (2015). *Hjólabókin. 4. bók: Árnassýsla. Dagleiðir í hring á hjóli*. Vestfirski forlagið.
- Orkustofnun. (2015). Tilhögun virkjunarkosta 3. áfanga rammaáætlunar, áfangaskil 20. janúar 2015. Retrieved from <http://os.is/gogn/Rammaaetlun/2015-01-20/Tilhogun-virkjunarkosta-3-afanga-rammaaetlunar-afangaskil-20-januar-2015.pdf>
- pilgrimar.is. (n.d.). Pílagrímaleið frá Bæ í Borgarfirði í Skálholt. Retrieved November 11, 2015, from <http://www.pilgrimar.is/sumar-2015.html>
- Rögvaldur Guðmundsson. (2003). *Gæði og gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnassýslu 2004-2008*. Retrieved from http://www.sveitir.is/files/212_stefna.pdf
- Samgönguráðuneytið. (2007). Reglugerð um flugvelli nr. 464/2007. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/464-2007>
- Sveinn Björnsson, ritstjóri. (2011). *Niðurstöður 2. áfanga Rammaáætlunar. Verkefnisstjórn um gerð*


- rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði.*
- thingvellir.is. (2014). Þingvellir. Retrieved from <http://www.thingvellir.is/1144>
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2013). Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>
- Umhverfisráðuneytið. (1999). Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 796/1999. Retrieved from <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/4482>
- Umhverfisráðuneytið og Skipulagsstofnun. (1999). *Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015*. (Einar E. Sæmundsen, Gísli Gíslason, & Yngvi Þór Loftsson, Eds.). Umhverfisráðuneytið og skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun. (2015). Nátturuminjaskrá Suðurlands. Retrieved January 5, 2015, from <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/sudurland/>
- Vegagerðin. (2014). Vegaskrá 2014. Retrieved from <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>
- VSÓ Ráðgjöf. (n.d.). *Ferðamannaleið-ferðamannavegir: skilgreining*. Retrieved from [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/15fyrirlestur2008/\\$file/15 Ferðamannaleiðir ferðamannavegur skilgreining.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/15fyrirlestur2008/$file/15%20Ferðamannaleiðir%20ferðamannavegur%20skilgreining.pdf)
- Umhverfisstofnun (2017). *Rauði listinn - svæði í hættu. Yfirlit til umhverfis- og auðlindaráðuneytis*. Sótt af: <http://www.ust.is/library/Skrar/utgefing-efni/Annad/Rau%C3%B0listask%C3%BDrsla%202017%20finale.pdf>
- Umhverfisstofnun (2016). Gullfoss. Stjórnunar- og verndaráætlun 2016-2025. 32 bls.

VIÐAUKI 1 - SKÝRINGARUPPDRETTIR




BLÁSKÓGABYGGÐ

SAMGÖNGUR OG NÁMUR
Skýringaruppdráttur



SKÝRINGAR	
	Stofnvegir
	Tengivegir
	Héraðsvegir/landsvegir
	Slóðar
	Reiðleiðir - megin
	Reiðleiðir - aðrar
	Gönguleiðir
	Reiðhjáleiðir
	Námur
	Bláskógabyggð
	Þéttbýli

 **SAMGÖNGUR OG NÁMUR**
Skýringaruppdráttur nr. 1


Verk: 8721 SA111	Mkv: 1:150.000	Dags: 18.05.2017
Teiknað: IS	Bláðstaerð: A3	Breytt: 04.04.2018





BLÁSKÓGABYGGÐ

VERNDARSVÆÐI
Skýringaruppdráttur



SKÝRINGAR

	Fríðlýst svæði
	Svæði á náttúruminjaskrá
	Hverfisvernd v/voftlendis
	Hverfisvernd v/birkiskóga
	Önnur hverfisvernd
	Vatnsból
	Vatnsvernd grannsvæði
	Vatnsvernd fjarssvæði
	Vatnsvernd Þingvallavatns
	Stofnvegir
	Tengivegir
	Héraðsvegir/landsvegir
	Síðóðar
	Bláskógabyggð
	Þéttbýli

VERNDARSVÆÐI
Skýringaruppdráttur nr. 2


Verk: 8721 SA111 Mkv: 1:150.000 Dags: 18.05.2017
Teiknað: IS Blaðstærð: A3 Breytt: 04.04.2018





BLÁSKÓGABYGGÐ

FRÍSTUNDA-, AFÞREYINGAR- og HÆTTUSVÆÐI
Skýringaruppdráttur



SKÝRINGAR

	Frístundasvæði
	Afþreyningar- og ferðamannasv.
	Íþróttasvæði
	Hættusvæði v/flóða
	Hættusvæði - ofanflóð
	Stofnvegir
	Tengivegir
	Héraðsvegir/landsvegir
	Slóðar
	Bláskógabyggð
	Þéttbýli

 **FRÍSTUNDA- OG AFÞREYINGARSVÆÐI**
STEINSHOLT Skýringaruppdráttur nr. 3


Verk: 8721 SA111	Mkv: 1:150.000	Dags: 18.05.2017
Teiknað: IS	Bláðstaerð: A3	Breytt: 04.04.2018






BLÁSKÓGABYGGÐ

LANDBÚNAÐUR
Skýringaruppdráttur



SKÝRINGAR

- Landbúnaður
- Landgræðsla
- Skógrækt
- Ræktað land
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir/landsvegir
- Slóðar
- Skipulagssvæði
- Þéttbýli


 **LANDBÚNAÐUR**
Skýringaruppdráttur nr. 4

Verk: 8721 SA111	Mkv: 1:150.000	Dags: 18.05.2017
Teiknað: IS	Bláðstaerð: A3	Breytt: 04.04.2018



BLÁSKÓGABYGGÐ

FERÐAÞJÓNUSTA Skýringaruppráttur



- Hótel
- Gistiheimili
- Gistiskáli
- Fjallaskáli
- Tjaldsvæði
- Mögulegir viðkomustaðir ferðamanna
- Ársdagsumferð
- Vegir og slóðar
- Bláskógabyggð

MÖGULEGIR VIÐKOMUSTADIR FERÐAMANNA
 Á vegum Ferðamálastofu voru kortlagðir mögulegir viðkomustaðir ferðamanna og helstu innviðir svæða. Markmiðið var að kortleggja staði þar sem upplifa má staðbundna og sérstaka eiginleika í náttúruferi og menningu, þannig að staðirnir hefðu mögulegt aðdráttarafi fyrir ferðamenn. Skráningin gefur áhugaverðar vísbendingar um sérkenni svæða sem hugsanlega má nýta og/eða ástæða er til að vernda.

ÁRSDAGSUMFERÐ
 Ársdagsumferð er meðalumerfð á dag yfir allt árið. Tölurnar gilda fyrir árið 2015.



STEINSHOLT

FERÐAÞJÓNUSTA

Skýringaruppráttur nr. 5

Verk: 8721 SA111

Mkv: 1:210.000

Dags: 18.05.2017

Teiknað: IS

Bláðstærð: A3


Breytt: 04.04.2018

Heimild: Ferðamálastofa og Vegagerðin



BLÁSKÓGABYGGÐ


ADALSKRÁNING FORNMINJA
Skýringaruppdráttur - Laugarás





BLÁSKÓGABYGGÐ

ADALSKRÁNING FORNMINJA
Skýringaruppdráttur - Reykholt




SKÝRINGAR	
	Fríðlýstar fornminjar
	Fornminjar undir hverfisvernd
	Aðrar fornminjar
	Stofnvegir
	Tengivegir
	Aðrir vegir
	Þéttbýlismörk Reykholtis

MINJAR Í REYKHOLTI


Skýringaruppdráttur nr. 7

Verk: 8721 SA111	Mkv: 1:30.000	Dags: 18.05.2017
Teiknað: IS	Blaðstærð: A4	



BLÁSKÓGABYGGÐ

ADALSKRÁNING FORNMINJA
Skýringaruppdráttur - Laugarvatn og Snorrastaðir




SKÝRINGAR

- AR409:23 Friðlýstar fornminjar
- AR392:31 Fornminjar undir hverfisvernd
- AR392:29 Aðrar fornminjar
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Þéttbýliasmörk Laugarvatns
- Sveitarfélagamörk

MINJAR LAUGARVATNI

Skýringaruppdráttur nr. 8

Verk: 8721 SA111	Mkv: 1:35.000	Dags: 18.05.2017
Teiknað: IS	Bláðstaerð: A3	



SKÝRINGAR	
	Vegir opin allri umferð
	Vegir með takmarkaðri umferð <i>Einungis er heimil umferð í tengslum við smalamennsku, landgræðslu, rannsóknir eða björgunaraðgerðir.</i>
	Bláskógabyggð
	Þéttbýli

FLOKKUN VEGA Á HÁLENDI


Skýringaruppráttur nr. 9

Verk: 8721 SA111	Mkv: 1:270.000	Dags: 18.05.2017
Teiknað: IS	Bláðstærð: A3	Breytt: 13.09.2017



BLÁSKÓGABYGGÐ

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA
Skýringaruppdráttur



SKÝRINGAR	
	Stofnvegir
	Tengivegir
	Héraðsvegir/landsvegir
	Slóðar
	Verzlunar- og þjónustusvæði
	Bláskógabyggð
	Þéttbýli



VERSLUN- OG ÞJÓNUSTA
Skýringaruppdráttur nr. 10

Verk: 8721 SA111	Mkv: 1:150.000	Dags: 18.05.2017
Teiknað: IS	Bláðstaerð: A3	Breytt: 13.09.2017